

GUDRÚN GUNNARSDÓTTIR

Í flíkum frá ástmönn-
um franska kvenna

tíska heimili

allt í MIDJU BLAÐSINS



HEILSA OG LÍFSSTÍLL

Ekkert líf án
gönguskíða

Sérblað um heilsu og lífsstíl

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



FRÁBÆR

OPNUNARTILBOÐ

PARKIJS / DALVEGI 10 - 14 / SÍMI 564 3500

Parki
INTERIORS

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

15. mars 2007 – 73. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

FIMMTUDAGUR

V-dagurinn út á land

Listafólk og athafnafólk í öllum landsfjórðungum tekur þátt í dagskrá í tilefni V-dagsins.

MENNING 36



Ævinleg eign þjóðarinnar

„Framsóknarflokkurinn kappkostar nú að standa við fyrirheitið frá 2003 og koma þjóðareignarákvæði um fiskimiðin og aðrar auðindir inn í stjórnarskrána,“ skrifar Þorvaldur Gylfason.

í DAG 28

Þjóðleikhúsið í hausinn

Atli Rafn leikari hlaut 30 sentimetra skurð eftir að borð af vinnupalli við Þjóðleikhúsið féll á höfuð hans úr 30 metra hæð.

FÓLK 44




Stórsigur á Kína

Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu sigraði sterkt lið Kínverja í gær. Einn besti sigur liðsins frá upphafi að sögn þjálfarans.

ÍPRÓTTIR 48



VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA ÉL MEÐ MORGNINUM

- Í dag verða suð-vestan 8-15 m/s sunnan og suðvestan til annars hægari. Rigning eða slydda sunnan til, él norðan til og vestan. Úrkomulítið eystra þegar liður á daginn. Hiti 0-6 stig, mildast suðvestanlands.

VEDUR 4

Húsleit hjá fyrirtæki í eigu allra bankanna

Samkeppniseftirlitið gerði húsleit hjá Fjölgreiðslumiðlun hf. í gær. Fyrirtækið sér um Posa-kerfið og er í eigu bankanna, Seðlabankans og fleiri. Framkvæmdastjóri telur leitina vera framhald á rannsókn eftirlitsins á VISA og Kreditkortum hf.

ATVINNUMÁL Samkeppniseftirlitið gerði húsleit hjá Fjölgreiðslumiðlun hf. í gær. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins telur að leitinn sé framhald á rannsókn Samkeppniseftirlitsins á kortafélögnum VISA og Kreditkortum.

Fjölgreiðslumiðlun sér meðal annars um rekstur greiðslurásar fyrir greiðslukortavíðskipti, hið svokallaða Posa-kerfi. Hluthafar þess eru Greiðslumiðlun, Landsbanki Íslands, Glitnir, Samband íslenskra sparisjóða, Kaupþing banki, Kreditkort og Seðlabanki Íslands.

Hinn 13. júní í fyrra gerði Sam-

keppniseftirlitið húsleit í höfuðstöðvum VISA og Kreditkortum hf., umboðsaðila Mastercard á Íslandi. Tilefnið var rökstuddur grunur um brot á ákvæðum samkeppnislaga, einkum misnotkun á markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir færsluhirðingu, sem er innlausn færsluávisana til kaupmanna.

„Eins og ég les úr þessum úrskurði þá er ekki verið að skoða okkar félag sérstaklega, heldur er þetta einhvers konar framhald af rannsókninni á kortafyrirtækjunum. Menn vilji gera betur og skoða meira en var gert þá,“ segir Logi

Ragnarsson, framkvæmdastjóri Fjölgreiðslumiðlunar. „Þeir komu með húsleitarheimild, yfirfóru gögn og tóku með sér afrit af tölvugögnum.“

Logi segist ekki ósáttur þó „vissulega sé alltaf sérstakt að fá menn í heimsókn sem eru með heimild til að fara í gegnum gögnin þín“. „Þetta er bara partur af þeirra hlutverki í okkar samfélagi, og eitthvað sem fyrirtæki á samkeppnismarkaði geta átt von á.“

Ekki náðist í Pál Gunnar Páls-son, forstjóra Samkeppniseftirlitsins, við vinnslu fréttarinnar þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. - sps



KVENNALANDSLIÐIÐ Stelpurnar náðu glæsilegum árangri í leik við kínverska landsliðið í gær.

Ísland sigraði Kínverja 4-1:

Ein bestu úrslit frá upphafi

KNATTSPYRNU Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu tryggði sér níunda sætið á Algarve-Cup í Portúgal með glæsilegum 4-1 sigri á Kínverjum í gær. „Þetta var að mínu mati ein bestu úrslit kvennalandsliðsins frá upphafi,“ sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari eftir leikinn.

Eftir markalausan fyrri hálfleik skoraði íslenska liðið fjögur mörk áður en það kínverska náði að klóra í bakkann með marki á lokamínútu leiksins. Markadrottningin Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði tvö mark íslenska liðsins í gær. -psj / sjá síðu 48

Einar Örn Benediktsson:

Valinn fimmti versti söngvari allra tíma

TÓNLIST „Ég held að ég geti verið stoltur yfir að ná inn á þennan lista,“ segir Einar Örn Benediktsson, fyrrum söngvari Sykurmolanna, sem valinn var fimmti versti söngvari sögunnar í breska blaðinu Q. Einar kom á hæla Mariuh Carey, Céline Dion, Freds Durst og Ozzy Osbourne, sem þóttu versti söngvarinn.

Við sama tækifæri voru valdir 100 bestu söngvarar allra tíma. Jón Þór Birgisson úr Sigur Rós hafnaði í hundraðasta sæti. Björk Guðmundsdóttir hafnaði í 35. sæti. Elvis Presley var valinn besti söngvari sögunnar. -hdm / sjá síðu 54



RÁÐHERRASMINK Alþingismenn stóðu í biðröð eftir að komast í förðun fyrir eldhúsdagsumræður sem fram fóru í gærkvöldi. Hér má sjá Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra og Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttir menntamálaráðherra fá snyrtimeðferð hjá förðunarfræðingum, en sýnt var beint frá umræðunum í Ríkissjónvarpinu. - sjá síðu 6

Yfir hundrað ökumenn teknir fyrir of hraðan akstur á einni klukkustund í gær:

Framtíðin í hraðamælingum

LÖGREGLUMÁL Hraðamælingar þar sem lögreglubíll í vegkanti mælir hraða bíls, eltir hann með blikkljós og ræðir við ökumanninn heyrna brátt sögunni til. Ný tækni í hraðamælingum gerir lögreglunni kleift að setja upp sérstaka myndavélabíla sem mynda alla bíla sem aka fram hjá yfir hámarkshraða.

Þegar myndirnar hafa verið unnar fá ökumenn sekt í pósti. Svipuð tækni er notuð í myndavélum sem settar hafa verið upp við

gatnamót, en þær mæla hraða auk þess að fylgjast með þeim sem aka yfir á rauðu ljósi.

Sem dæmi um afköst myndavélabíla voru yfir hundrað ökumenn myndaðir við of hraðan akstur á einum klukkutíma á Dalvegi í gær. Það er um fjórðungur þeirra 386 bíla sem voru vaktadur. Meðalhraði þeirra sem öku of hratt var 64 kílómetrar á klukkustund, en hámarkshraði á Dalvegi er 50.

„Þetta kemur ekki í stað sýnilegrar löggæslu, en þetta er klárlega framtíðin,“ segir Guðbrandur Sigurðsson, aðalvarðstjóri hjá umferðardeild lögreglunnar. „Með þessu móti þurfa lögregluþjónar ekki að hafa bein afskipti af ökumönnum og geta notað tímann betur.“

Lögreglan hefur tvo myndavélabíla til umráða, einn í Reykjavík og einn á Akureyri. - sps



Einungis helmingur hitaæininga en sama ljúffenga bragðið.

HELLMANN'S

gerir bragðið betra!

Vandadur fermingargjafir

ORMSSON

Kringlu 20-50% kast

AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM

Fimmtudag til sunnudags

Opið til 21 í kvöld

Kringlan

SPURNING DAGSINS



Karl Ágúst, ert þú með bestu bumbuna í Spaugstofunni?

„Nei, það eru mun betri bumbur innan okkar hóps. Hins vegar kann ég að nota mína betur en hinir.“

Karl Ágúst Úlfsson Spaugstofumaður ber bumbur sér til yndisauka og stendur fyrir trommugjöfningi í Kringlunni á laugardag.

Kærumál franska stórfyrirtækisins EADS á hendur Neyðarlínunni:

Ríkiskaup ekki með í ráðum

KÆRUMÁL Júlíus S. Ólafsson, forstjóri Ríkiskaupa, segir stofnunina ekki hafa tekið afstöðu til þess hvort kaup Neyðarlínunnar á tækjabúnaði vegna uppsetningar Tetra-kerfis um allt land ætti að fara í útboð. „Við komum ekki að þessu máli. Við gáfum ekki grænt ljós á ferlinn eins og hann fór fram. Ég er fyrst að heyra af þessu kærumáli núna og hvernig gengið var frá þessum viðskiptum.“

Franska stórfyrirtækið EADS hefur kært Neyðarlínuna til kærufndar útboðsmála fyrir að bjóða ekki út viðskipti vegna uppsetningar Tetra-kerfisins og tækjakaupa vegna þess. Neyðarlínan samdi við



NEYÐARLÍNAN Kærufnd útboðsmála fjallar um mál EADS gegn Neyðarlínunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Motorola um kaupin. Steft er að því að taka kerfið í notkun 1. maí næstkmandi.

Neyðarlínan vill ekki upplýsa um innihald samningsins en fram

kemur í áliti frá lögfræðingum Neyðarlínunnar að eldri búnaður hafi verið látinn ganga upp í kaupin á nýjum búnaði. Það jafngilti um 200 milljóna króna lækkun á verði.

Arnar Þór Jónsson, lögmaður hjá Logos lögmannsstofu, sem vinnur í málinu fyrir hönd Neyðarlínunnar, segir nákvæma skoðun Neyðarlínunnar hafa leitt í ljós að rétt væri að semja við Motorola frekar en EADS. Bæði félögin skiluðu inn verðhugmyndum er Neyðarlínan hóf undirbúning tækjakaupa fyrir Tetra-kerfið. Mat Neyðarlínunnar var að óþarft væri að bjóða viðskiptin út þar sem um uppfærslu á tækjabúnaði væri að ræða. - mh

Dóms- og kirkjumálaráðherra:

24 ára ákvæðið ekki fellt úr gildi

FÉLAGSMÁL Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir 24 ára ákvæðið í útlendingalögum enn í gildi. Ákvæðið segir að útlendingur utan EES sem giftist Íslendingi geti aðeins fengið dvalarleyfi sé hann 24 ára eða eldri.

Málum tveggja manna, Jórdana og Úkraínumanni, sem vísað hafði verið úr landi vegna reglunnar, lauk þannig að dómsmálaráðuneytið afturkallaði brottvísunina, þrátt fyrir að þeir væru báðir undir 24 ára aldri.

„Reglan er í gildi og hefur reynst vel,“ segir Björn aðspurður hvort til standi að breyta reglunni eða fella hana úr gildi. - sfs



MÓTMÆLI Fyrir utan bústað Blairs að Downingsstræti 10.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kjarnorkuvopn:

Þingflokkurinn andmælir Blair

LONDON, AP Fjölmargir þingmenn breska Verkamannaflokksins gerðu uppreisn gegn formanni sínum, Tony Blair forsætisráðherra, vegna áfforma hans um nýjar kjarnorkuflugavarnir. Gagnrýnendur segja áformin grafa undan kröfum um að Íranar og fleiri þjóðir komi sér upp nýjum vopnum.

Blair lagði til að Bretar endurnýjuðu fjóra kafbáta sem búnir eru kjarnorkuvopnum en komnir eru til ára sinna. Blair telur nauðsynlegt að endurnýja kjarnorkuflotann til að verjast ógn frá hryðjuverkamönnum og ríkjum sem hlíta ekki alþjóðasamþykktum. - gb

LÖGREGLUFRÉTT

Flutningabíll af veginum

Flutningabíll með tengivagn fór af veginum um Eyrarfjall um miðnætti aðfaranótt miðvikudags. Að sögn lögreglu slasaðist enginn en farmurinn var rækjur til útlutnings. Ekki er ljóst hversu mikið bíllinn skemmdist.

HAFNARFJÖRÐUR

Skólamatúrin ódýrari

Útsöluverð á fæðisgjöldum í leik- og grunnskólum og til eldri borgara hefur verið lækkað um 5 prósent í Hafnarfirði. Lækkunin tók gildi 1. mars, en hún kom til vegna lækkunar á virðisaukaskatti á matvælum. Almenn útsöluverð á mat í grunnskólum lækkar því úr 250 krónum í 238 á máltíð.

Fórust er bát þeirra hvolfdi á leið í land

Sjómennirnir Unnar Rafn Jóhannsson og Eiríkur Þórðarson fórust er trilla þeirra fylltist af sjó og hvolfdi á Ísafjarðardjúpi í fyrrakvöld. Þeir lögðu síðastir af stað til lands af steinbítismiðum úti fyrir Súgandafirði.

SLYS Tveir menn fórust er fiskibátnum Björgu Hauks ÍS 127 hvolfdi í fyrrakvöld úti fyrir Stigahlíð í mynna Ísafjarðar.

Mikil sorg er á Ísafirði vegna þessa sviplega slyss. Í gær voru þar víða fánar dregnir í hálfá stöng.

Mennirnir sem fórust hétu Eiríkur Þórðarson og Unnar Rafn Jóhannsson. Eiríkur, sem var 47 ára, lætur eftir sig sambýliskonu, eina dóttur og fimm fóstursyni. Unnar var 33 ára. Hann var ókvæntur og barnlaus.

Áhöfnin á Björgu Hauks var á þriðjudag við línuveiðar á steinbít um tólf sjómílur norðvestur af Sauðanesi við Súgandafjörð. Björg Hauks er eini bátur Önguls hf. sem er í eigu Kristján's Guðjónssonar og föður hans Guðjóns Arnars Kristjánssonar, alþingismanns og formanns Frjálslynda flokksins.

Samkvæmt upplýsingum frá Kristjáni, sem er útgerðarstjóri Önguls, tóku þeir Eiríkur og Unnar stefnuna til hafnar um klukkan sjö um kvöldið. Þá voru þeir einir eftir á miðunum. Kristján sagðist síðdegis í gær vilja biða með að



UNNAR RAFN JÓHANSSON

EIRÍKUR ÞÓRÐARSON



BJÖRG HAUKS Trillan var dregin til hafnar í Bolungarvík í gærmorgun. Þar var sjó dælt úr henni og yfir þremur tonnum af steinbít landað. Síðan var Björg Hauks lyft upp og komið í skoðun á verkstæði Vélvirkjans. Báturinn er smíðaður í Hafnarfirði árið 1999 og er 10,2 brúttólestir.

MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

ræða við fjölmiðla um slysið sjálft þar til hann hefði lokið við að gefa skýrslu hjá lögreglu.

Vonskuveður var á þessum slóðum þetta kvöld. Klukkan 22.24 var Björg Hauks fallin út úr kerfi Tilkynningaskyldunnar. Ekki náðist samband við trilluna og var óskað eftir aðstoð nærstaddra báta.

Áhöfn farþegaþáttins Sæðisar frá Bolungarvík fór til leitar og fann útblásinn en mannlausan björgunarbát Bjargar Hauks rétt fyrir miðnætti. Var þá kölluð út leitarþyrla. Um tuttugu mínútum síðar fannst trillan sjálf þar sem hún maraði í hálfu kafi úti fyrir Stigahlíð. Kom þá í ljós að björgunarbáturinn hékk utan á honum. Lík skipverjanna fundust skömmu síðar í sjónum. Þeir voru ekki í flotgöllum.

„Þetta svæði er mjög erfitt. Þarna eru slæmir straumar og í vondu veðri er þetta mikill pottur,“



SORG Á ÍSAFIRÐI Fánar voru víða dregnir í hálfá stöng á Ísafirði í gær vegna slyssins á Ísafjarðardjúpi.

MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

segir Jón Ingólfsson, forstöðumaður Rannsóknarnefndar sjóslýsa.

Jón segir að eftir að báturinn hafði verið réttur við hafi komið í ljós að hann var lítið skemmdur. „Það hefur komið á hann brotsjór eða þung alda og hvolfst honum. Þetta hefur allt gerst mjög hratt.“

gardar@frettabladid.is

Rætt um auðlindaákvæði:

Þjóðareignarhugtak hugsanlega fellt út

STJÓRNMÁL „Nú þegar hefur komið fram hugmynd um að fella út þjóðareignarhugtakið og láta þá

eftir standa að náttúruauðlindir landsins eigi að nýta landsmönnum til hagældar,“ sagði Bjarni Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og einn nefndarmanna í sérstakri nefnd um stjórnarskrármál, á fundi í Háskólanum í Reykjavík í gær.

Nefndin er byrjuð að kalla til sín fulltrúa sem gera grein fyrir ýmsum atriðum frumvarpsins en meðal þeirra sem gera grein fyrir athugasemdum í dag eru fulltrúar Samtaka eigenda sjávarjarða.

- mh / sjá síðu 18

Þrjú ungir menn dæmdir:

Stálu fána og rafstuðstæki

DÓMSMÁL Þrjú nítján ára menn voru fundnir sekir í Héraðsdómi Norðurlands vestra í gær um að hafa brotist inn í iðnaðarhúsnæði á Blönduósi síðastliðið sumar. Þaðan stálu þeir meðal annars rafstuðstæki, íslenskum fána, skrifvél, rafhlöðum, fjórum kaffipokum, hitablásara og slípirokk.

Mennirnir, sem eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu, játuðu brot sitt fyrir dómnum. Þeir hafa allir hlötið dóma áður vegna ýmissa brota.

Tveimur þeirra var þó ekki gerð refsing í þetta skipti en sá þriðji hlaut fjögurra mánaða skil-orðsbundinn dóm þar sem hann rauft skilorð með atferlinu. - þsj

Tengsl fátæktar, vanlíðunar og frávikshæðunar íslenskra unglunga rannsökuð:

Reiði og fátækt fylgjast að

FÉLAGSMÁL Fátækt á heimilum er talin vera áhættuþáttur fyrir fjölmarga neikvæða þætti í hegðun unglunga, svo sem reiði, depurð og afbrot. Niðurstöður rannsóknar Jóns Gunnars Bernburgs, félagsfræðings og lektors við Háskóla Íslands, og samstarfsmanna hans benda til þessa.

Rannsóknin tók til nær allra grunnskólanemanda á landinu í 9. og 10. bekk árið 2006.

„Við sjáum að fátækt er áhættuþáttur. Ástæðurnar fyrir sambandinu eru flóknar en tvær kenningar þykja líklegastar í þessu samhengi,“ segir Jón Gunnar. Fyrri kenninguna segir hann þá að fátækt sé líkleg til að valda álagi innan fjölskyldunnar og leiða til samskiptavanda og minni stuðnings fjölskyldumeðlima við hvern annan. Hin kenningin er sú að unglingar sem upplifi skort í samburði við aðra, séu líklegri til að upplifa vanmáttarkennd, reiði og aðrar tilfinningar sem geta dregið úr trú þeirra á óskráðar reglur samfélagsins.

Jón Gunnar segir að þó niðurstöðurnar bendi til sambands milli fátæktar og áhættuhegðunar sé ekki hægt að fullyrða um beint orsakasamband.

„Það er þannig að félagsleg vandamál fylgjast að.



REIÐI OG VANMÁTTUR Jón Gunnar Bernburg, félagsfræðingur, segir fátækt áhættuþátt fyrir neikvæða þætti í hegðun unglunga.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Fólk sem á í vandræðum á einu sviði hefur tilhneigingu til að eiga í vandræðum á öðrum sviðum,“ segir Gunnar sem telur nauðsynlegt að kanna þessi mál betur hér á landi. - kdk

BÍLL DAGSINS

OPEL ASTRA 1.6

Nýskr. 02.05 - Beinskíptur - Ekinn 25 þús. km. - Allt að 100% lán.



Verð
1.520.000.-

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.



Kringlu 20-50% kast

AFSLÁTTUR AF
NÝJUM VÖRUM

fim-sun



Opið til 21 í kvöld

Mán. til mið.	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
10.00 - 18.30	10.00 - 21.00	10.00 - 19.00	10.00 - 18.00	13.00 - 17.00

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Nýtt kortatímabil

Kringlan

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	67,67 67,99
Sterlingspund	130,18 130,82
Evra	89,23 89,73
Dönsk króna	11,973 12,043
Norsk króna	10,992 11,056
Sænsk króna	9,586 9,642
Japanskt jen	0,5823 0,5857
SDR	101,78 102,38

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
121,8987
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bresk stjórnvöld kynna frumvarp um að draga úr útblæstri koldíoxíðs:

Byltingarkennt skref í loftslagsmálum

BRETLAND, AP Árið 2050 mun Bretland hafa dregið úr útblæstri koldíoxíðs um 60 prósent og um 26 til 32 prósent árið 2020 miðað við stöðuna árið 1990 samkvæmt frumvarpsdrögum sem bresk stjórnvöld kynntu á þriðjudag.

Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, sagði frumvarpið marka tímamót og muni verða forðæmi fyrir aðra þjóðarleiðtoga um að berjast af krafti gegn þeim ógnum sem fylgi loftslagsbreytingum. Sagði Blair að markmið Bretlands væri að þvinga aðrar Evrópuþjóðir til aðgerða og jafnvel Bandaríkjamenn, Kínverja og Indverja einnig.



TONY BLAIR FORSÆTISRÁÐHERRA BRETLANDS
Sagði frumvarpið byltingarkennt skref í því að taka á ógninni sem fylgir loftslagsbreytingum.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í frumvarpinu er meðal annars kveðið á um að fimm ára áætlanir um útblástur verði settar fram með að minnsta kosti fimmtán ára fyrirvara. Er því ætlað að varpa ljósi á ferlið og einnig að hvetja fyrirtæki og einstaklinga til að

fjárfesta í umhverfisvænni tækni. Nefnd um loftslagsbreytingar verður skipuð sem veitir stjórnvöldum sérfræðiráðgjöf við að ná markmiðum laganna. Nefndin mun einnig árlega skila framvindu-skýrslu til þingsins sem stjórnvöld þurfa að svara fyrir.

Þá þurfa stjórnvöld að gefa út skýrslu að minnsta kosti á fimm ára fresti um áhrif loftslagsbreytinga á þeim tíma og hverjar horfurnar eru samkvæmt spám.

Lokaútgáfa frumvarpsins verður lögð fram í þinginu seinna á þessu ári og vonast stjórnvöld til að það verði að lögum á fyrri helmingi næsta árs.

- sdg

Formaður Tannlæknafélags:

Tannverndarkerfi ekki til

HEILSA „Tannverndarkerfið er ónýtt,“ segir Sigurjón Benediktsson, formaður Tannlæknafélags Íslands. „Við eigum að vera ein af ríkustu þjóðum í heimi en börnin okkar eru með skemmdar tennur af því foreldrarir hafa ekki efni á að senda þau til tannlæknis.“

Sigurjón segir að allstaðar á Norðurlöndunum greiði ríkið allan kostnað við tannvernd barna, en það sé ekki uppi á teningnum hér. „Fólk skilur þetta ekki og heldur að það sé eitthvað kerfi í gangi, en svo er ekki.“ Eina leiðin fyrir ríkið til að spara í þessum málum sé að menn séu með heilar tennur.

- sþs

Formaður fjárlaganefndar:

Viljum stuðla að betra eftirliti

STJÓRNMÁL Birkir Jón Jónsson, formaður fjárlaganefndar, segir það



BIRKIR JÓN JÓNSSON

sem minnka líkurnar á því að slíkt geti gerst í framtíðinni.

Hann telur ekkert óeðlilegt að gera framvirka samninga sem ná jafnvel fram yfir komandi kjörtímabil. „Það er ljóst að einstakir aðilar sem sinna samfélagslegri þjónustu fyrir hönd ríkisins þurfa náttúrulega að hafa fast land undir fótum. Þetta er því réttlætunlegt í mörgum tilvikum.“

- þsj

Ráðherra skipar nefnd:

Endurskoðar lög um aldraða

STJÓRNMÁL Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, hefur skipað nefnd til að ráðast í heildarendurskoðun á lögum um málefni aldraða.

Meðal þeirra aðfinnslna sem skoðaðar verða í nefndinni eru að lög in leggi af mikla áherslu á stofnanahjónustu við aldraða, það endurspeglir síðan ekki þau markmið að styðja aldraða til sjálfstæðrar búsetu og að lög in kveði ekki nægilega vel á um verkaskiptingu varðandi mýmörg verk efni málaflökkssins.

Á meðal þeirra sem skipaðir voru í nefndinni eru Jón Kristjánsson, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, og Matthías Halldórsson landlæknir.

- þsj



MJÓLKURFRAMLEIÐSLA Stærsti einstaki samningurinn sem gerður hefur verið er við mjólkurframleiðendur. Hann skuldbindur ríkissjóð til að greiða þeim 23,1 milljarð króna fram til ársins 2010. Um þriðjungur heildargreiðslna ríkissjóðs vegna skuldbindandi samninga eru vegna búvörusamninga.

Eftirlit með framkvæmd samninga hefur brugðist

Ríkisstjórnin hefur gert 195 skuldbindandi samninga sem kosta ríkissjóð 94,1 milljarð króna. Um þriðjungur fer í búvörusamninga. Eftirlit með framkvæmd samninga hefur brugðist í einhverjum tilfellum segir formaður fjárlaganefndar. Jón Bjarnason segir suma samninga á mörkum þess að vera lagalega heimilir.

STJÓRNMÁL Skuldbindandi samningar ráðuneyta áráðilið 2006 til 2007 eru 195 talsins og upphæðin sem ríkissjóður greiðir vegna þeirra nemur rúmlega 94 milljörðum króna. Þetta kemur fram í samantekt Ríkisendurskoðunar á skuldbindandi samningum ráðuneyta og styrkveitinga ríkissjóðs á árinu 2006.

Dýrustu skuldbindingarnar eru vegna samninga á vegum landbúnaðarráðuneytisins, en þeir eru flestir framvirkir og kosta ríkissjóð 34,4 milljarða á tímabilinu 2006-2010. Þar munar mest um greiðslur vegna mjólkurframleiðslu (23,1 milljarður á samningstímanum) og sauðfjárræktar (sjö milljarðar) auk greiðslu til Bændasamtaka Íslands (3,2 milljarðar).

Í samantektinni eru gerðar athugasemdir við eftirlit með framfylgni samninganna á fjölmörgum stöðum. Meðal annars segir í umfjöllun um eftirlit með samningum við félagasamtök að

„lítið er því vitað um þau skil og hvernig endurskoðun er háttað. Í mörgum tilfellum fela samningarnir í sér grófarlega miklar fjárhæðir.“

Jón Bjarnason, fulltrúi vinstri grænna í fjárlaganefnd, segir að sér þyki fjárreiðulögin ansi langt tengd með öllum þessum skuldbindandi samningum. „Þetta eru tæplega 200 aðilar sem búið er að gera skuldbindandi samninga við upp á 94 milljarða króna, án þess að viðunandi eftirlitskerfi hafi verið byggt upp samhliða. Það verður að segjast eins og er að þetta er á mörkum þess að vera lagalega heimilt. Þá er það verulegt áhyggjuefni þegar ráðherrar gera framvirka samninga upp á sitt einsdæmi.“

Helgi Hjörvar, fulltrúi Samfylkingar í nefndinni, tekur undir með Jóni. „Þetta eru orðnar mjög háar fjárhæðir sem eru í þessum samningum og menn hafa ekki sinnt því að byggja upp aðhalds- og eftir-

litsþáttinn í samræmi við það.“ Hann gerir einnig athugasemdir við lengd sumra þeirra samninga sem gerðir hafa verið, sérstaklega í landbúnaðargeiranum. „Það er raunverulega hægt að segja að það sé búið að taka fjárstýringarvaldið af þingmeirihlutunum á

næsta kjörtímabili í þessum stóru búvörusamningum. Núverandi meirihluti er því að semja langt út fyrir sitt umboð og það hlýtur að orka tvímælis að ganga frá stórum skuldbindandi samningum á síðustu dögum kjörtímabilsins.“

thorur@frettabladid.is

SAMANTEKT RÍKISENDURSKOÐUNAR 2006

Samantektin nær yfir heildarskuldbindingu ráðuneyta og miðast við tímabilið 2006 til 2010. Þó eru dæmi um lengri samninga. Upphæðirnar eru í milljörðum króna.

Ráðuneyti	fjöldi samninga	heildarupphæð
Forsætisráðuneyti	1	0,09 milljarðar
Menntamálaráðuneyti	56	20,7 milljarðar
Utánríkisráðuneyti	1	0
Landbúnaðarráðuneyti	8	34,4 milljarðar
Sjávarútvegsráðuneyti	0	-
Dómsmálaráðuneyti	7	1,9 milljarðar
Félagsmálaráðuneyti	41	8,7 milljarðar
Heilbrigðis- og tryggingamálar.	34	17,3 milljarðar
Fjármálaráðuneyti	3	4,7 milljarðar
Samgönguráðuneyti	39	6 milljarðar
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti	5	0,337 milljarðar
Umhverfisráðuneyti	0	-
		Samtals: 94,1 milljarður króna



Kristín Gísladóttir sjúkrapjálfari aðstoðar við val á rétttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.




Opið virka daga: 10-18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

VEÐURSPÁ

um hádegi »




um hádegi »

Kaupmannahöfn	9°C alskýjað	London	13°C alskýjað	Alicante	19°C hálfskýjað
Þórshöfn	7°C skúrur	Paris	14°C heiðskirt	Mallorca	15°C heiðskirt
Oslo	9°C léttskýjað	Frankfurt	15°C heiðskirt	Algarve	19°C hálfskýjað
Stokkhólmur	8°C alskýjað	Friedrichshafen	16°C hálfskýjað	Krit	15°C hálfskýjað
Gautaborg	5°C alskýjað	Berlin	12°C hálfskýjað	Las Palmas	21°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

» á morgun



Hæg norðvestleg átt.

» laugardagur



5-13 m/s hvassast syðst.

MEST

býður upp á þjónustu fagaðila
sem leiðbeina þér



hreinlætistöki

málning



verkfæri

gólfefni



timbur



nellur



múrvörur



gluggar

Verslun fyrir bygginga- og framkvæmdaaðila

Opnunartími: Mán. – fös. kl. 8-18.

Komdu við í verslun MEST í Norðlingaholti.

MEST / Malarhöfða 10, Reykjavík
Norðlingabraut 12, Norðlingaholti, Reykjavík
Bæjarhrauni 8, Hafnarfirði / Hringhellu 2, Hafnarfirði
Hrísmýri 8, Selfossi / Leiruvogi 2, Reyðarfirði
Sími 4 400 400 / Fax 4 400 401 / mest@mest.is / www.mest.is



– allt til bygginga

KJÖRKASSINN



Keyrir þú oft yfir hámarks-
hraða?

Já	44%
Nei	56%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Fylgist þú með eldhúsdagsum-
ræðum?

Segðu skoðun þína á visir.is



Forsætisráðherra Breta:

Prýstir á Paisley og Adams

BRETLAND, AP Tony Blair, forsætis-
ráðherra Bretlands, hitti bæði Ian
Paisley og Gerry Adams í Lond-
on í gær. Blair ræddi við þá
hvorn í sínu lagi um horf-
ur á því að and-
stæðar fylk-
ingar þeirra
á Norður-Ír-
landi geti komið
sér saman um
stjórnarmynd-
un áður en frestur til þess rennur
út 26. mars.



GERRY ADAMS

Paisley, sem er leiðtogi stærstu
fylkingar mótmælenda, hefur
ekki viljað segja neitt um þennan
frest.

Ad loknum fundinum sagði
Adams, leiðtogi Sinn Féin, að
Blair telji kaþólska hafa gert nóg
til þess að eiga rétt á aðild að
stjórninni.

Tíu mánaða fangelsi:

Reyndi að leika á lögregluna

DÓMSMÁL 26 ára gamall karlmaður
var í gær dæmdur í tíu mánaða
fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur
fyrir að hafa ítrekað ekið bif-
reiðum án ökuréttinda og undir
áhrifum áfengis á síðasta ári.

Maðurinn var meðal annars
handtekinn í maí eftir að hafa
reynt að leika á lögreglu með því
að leggja bíl sínum og stíga út
þegar honum var veitt eftirför.

Aðspurður sagði hann síðan
kærustu sína, sem var með
honum í bifreiðinni, hafa ekið
henni. Lögreglumenn sem komu
fyrir dóminn sögðu slíkt þó af og
frá. Maðurinn hefur áður hlotið
níu dóma fyrir ýmis afbrot. Hann
var síðast dæmdur í níu mánaða
fangelsi í nóvember 2005.

Flugvél hætti við landingu:

Engin hætta skapaðist

SAMGÖNGUR Flugvélin sem hætti
við landingu á Reykjavíkflug-
velli á föstudag hafði ekki fengið
landingarheimild eins og haft
var eftir Hjördísi Guðmundsdóttur,
upplýsingafulltrúa Flugstöða, í
Fréttablaðinu á mánudaginn.

„Hið rétta í málinu er að flug-
vélin hafði ekki fengið landingar-
heimild en var í svokölluðu sjón-
aðflugi. Þegar þessi sama vél
var komin á stutta lokastefnu
var Fokker 50-flugvél, sem lent
hafði á undan henni, enn á braut-
inni. Því þurfti seinni flugvélin að
fljúga annan umferðarhring.

Bæði flugumferðarstjóri í flug-
turni og flugstjóri flugvélarinnar
í sjónaðfluginu voru vel með-
vitaðir um stöðu mála og báðir
fylgdu þeir réttum starfsaðferð-
um. Að mati aðila málsins var
aldrei um neina hættu að ræða í
þessu tilfelli,“ segir í tilkynningu
frá Flugstöðum.

Stjórnarformaður Finnair um áhuga FL Group á stjórnarsetu í Finnair:

Þarf að spyrja aðra hluthafa

FINNLAND Eignarhlutur FL Group í
finnska flugfélaginu Finnair
nemur aðeins rúmlega sautján
prósentum, samkvæmt upplýsing-
um finnskra fjölmiðla í gær, og fá
því íslensku hluthafarnir í Finnair
ekki sjálfkrafa fulltrúa í stjórn.
Yfir 20 prósent hlutfjáreign
þarf fyrir stjórnarsetu.

Christoffer Taxell, stjórnarfor-
maður Finnair, segir að spyrja
verði hina hluthafana hvort Íslend-
ingar geti fengið fulltrúa í stjórn á
aðalfundi félagsins á fimmtudag-
inn í næstu viku. Finnska ríkið á
um 55 prósent í Finnair, FL Group
tæp átján prósent og aðrir smærri
hluti. „Hver og einn hluthafi hefur



ALLIR HAFNA SAMA RÉTT Christoffer
Taxell, stjórnarformaður Finnair, segir
að allir hafi „sama rétt til að leggja fram
tillögu“ á aðalfundi Finnair í næstu viku.

sama rétt til að leggja fram til-
lögu,“ segir hann.

„Þetta fer eftir því hvaða tillögu-
ur koma fram á fundinum. Það er

gott að hafa í huga að samkvæmt
finnskum hlutafélagalögum eru
stjórnarmenn fulltrúar allra hlut-
hafa,“ segir hann.

Christoffer Taxell telur að yfir-
lýsingar stjórnenda FL Group hafi
vakið mikla athygli í fjölmiðlum í
Finnlandi og segir að upplýsingar
um áhuga íslensku hluthafanna á
stjórnarsetu í félaginu hafi ekki
borist nægilega snemma.

Hann greinir frá því að Finnair
hafi byggt upp flugstarfsemi til
Asíu og að slagorð félagsins sé
„Heim fyrir kvöldið“ en vill ekki
segja neitt um það hvernig stefna
Finnair og FL Group fari saman.

- ghs

Kringlumýrarbraut í gær:

Meiddust lítið í hörðum árekstri

LÖGREGLUMÁL Harður árekstur
varð milli þriggja bíla á Kringlu-
mýrarbraut við Hamrahlíð um
klukkan tvö í gær.

Betur fór en á horfðist því tveir
menn voru fluttir lítið meiddir á
slysadeild. Bílarnir eru þó mikið
skemmdir eftir áreksturinn.

Að sögn lögreglu atvikaðist
slysið þannig að bifreið var ekið
eftir beygjuakrein fyrir umferð
sem fer vestur Hamrahlíð, og
lenti aftan á öðrum bíl, sem kast-
aðist aftan á enn annan bíl.

Tvo bíla þurfti að fjarlægja
af vettvangi með dráttarbíl. Sá
þriðji var í ökuhæfu ástandi.

- sps

ELDHÚSDAGSUMRÆÐUR



Jón Sigurðsson:
Stefnum að
frampróun

„Framtíðarsýn framsóknar-
manna er skýr og glæsileg.
Við viljum áfram stefna að
frampróun og þroskun þekk-
ingarsamfélags með mennta-
sókn og batnandi og fjölgandi
lífstækifærum fyrir alla þjóð-
ina og allar byggðir landsins,“
sagði Jón Sigurðsson, formaður
Framsóknarflokksins.
Hann sagði ríkisstjórnina hafa
náð góðum árangri á kjör-
tímabilinu; atvinnuöryggi væri
tryggt, kaupmáttur vaxi áfram
og viðskiptahallinn og verð-
bólga minnki. Auk þessi
hefði stjórnin staðið að miklu
umbótum í velferðar-
kerfunum og að almenningur
njóti ávaxtanna af nýlegri
lækkun virðisaukaskatts.
Jón viðurkendi að betur
þyrfti að taka á byggðamál-
um og að þar bæri fyrst að
nefna Vestfirði og Norður-
land vestra. Hann sagði fram-
kvæmdirnar á Austurlandi
færa þjóðinni arð, atvinnu og
lífskjör og kvaðst viss um að
öfgar gegn þeim muni hverfa
þegar þjóðin fari að njóta
ávaxtanna.

Jón sagði Íslendinga þurfa
að njóta ábyrgðar og festu
sem framsóknarmenn hafa
fram að færa. Styrkur flokks-
ins skeri úr um hvers konar
stjórnarstefna verði ráðandi í
landinu eftir kosningar.

- bps



Ingibjörg S. Gísladóttir:
Vinnutíminn
verði stytur

„Það liggur núna í loftinu krafa
um breytingu í landsstjórninni.
Krafa um áherslubreytingu,
nýja sýn á samfélagið, nýja sýn
á þau verkefni sem við stönd-
um andspænis,“ sagði Ingi-
björg Sólrún Gísladóttir, for-
maður Samfylkingarinnar.
Hún fjallaði um frumvarp for-
manna stjórnarflokka um
breytingu á stjórnarskránni
og sagði hana sjónhverfingu
og að stjórnarskráin væri leik-
soppur.
Ingibjörg Sólrún viðurkendi
að ríkisstjórnin hefði gert eitt
og annað gott, ýmsar réttar-
bætur hefðu náðst en sökum
andvaraleysis hefðu stjórnar-
flokkarnir ekki verið vakandi
fyrir fólkinu í landinu. Alvarleg-
ast sneri það að þeim hópum
sem veikast stöndi og nefndi
hún aldraða, öryrkja og ung-
menn.
Ingibjörg Sólrún sagði börn
eiga rétt á tíma foreldra sinna
og að nauðsynlegt væri að
vinna sameiginlega að því
að stytta vinnutímann. Sagði
hún sannfærð um að bjart
væri framundan en þörf væri
fyrir frjálslynda, skynsama jafn-
aðarstefnu.
„Samfylkingin, jafnaðarflokk-
ur Íslands, er tilbúin til að taka
við stjórnartaumunum og end-
urreisa velferðarsamfélagið á
Íslandi.“

- bps



Magnús Hafsteinsson:
Hækka skatt-
leysismörk

„Á sama tíma og við blas-
ir að ríkisstjórnin hefur ekki
gert neitt á kjörtímabilinu til
að rétta hlut sjávarbyggðanna,
þá stöndum við frammi fyrir
því að fyrirhuguð uppbyg-
ging þorsstofnsins virðist hafa
mistekist gersamlega ef marka
má rannsóknir,“ sagði Magnús
Þór Hafsteinsson, varafor-
maður Frjálslynda flokksins og
kvaðst vilja færa byggðunum
aftur nýtingarréttinn á sjávar-
auðlindinni.
Magnús sagði málefni innflyt-
enda víða í ólestri. Sagði hann
frjálslynda vilja taka málin
fastari tökum og takmarka á
ný frjálst flæði launafólks frá
nýjum ríkjum EES. „Hér er ekki
verið að tala um að loka land-
inu eða reka fólk á brott, heldur
ur eingöngu lögð áhersla á að
sökum smæðar þjóðarinnar er
það okkur Íslendingum nauð-
synlegt að stýra sjálfir flæði er-
lendra nýbúa til landsins.“
Magnús sagði ríkisstjórn-
ina hafa stundað linnulaust
auðmannadekur en nú væri
komið að alþýðunni. „Venju-
legt fólk á að njóta skatta-
lækkana,“ sagði hann og kvað
frjálslynda ætla að hækka
skattleysismörk og afnema
verðtryggingu. Þá vilji Frjáls-
lyndi flokkurinn gera stór-
áttak til að bæta hag öryrkja og
aldraraða.

- bps



Steingrímur J. Sigfússon:
Þjóðin vill
breytingar

„Í vor eru mikilvæg tíma-
mót. Einhverjar afdrifarík-
ustu kosningar sem fram
hafa farið í landinu um langt
skeið verða 12. maí næst-
komandi. Þjóðin þarf þá að
svara því hvort hún er sátt við
þá stórvirkjana- og álvæðing-
arstefnu sem fylgt hefur verið
undanfarin ár og stendur til
að fylgja órofið á næstunni
fái ríkisstjórnin styrk til þess.
Eða viljum við láta staðar
numið um sinn að minnsta
kosti. Staldrá við og endur-
meta hlutina. Fyrir því berst
Vinstrireyfingin-grænt fram-
boð,“ sagði Steingrímur J. Sig-
fússon, formaður Vinstrireyf-
ingarinnar-græns framboðs.
Steingrímur sagði vinstri
græn hafa algera sérstöðu í
umhverfismálum. „Við höfum
staðið vaktina á hverju sem
gengur og við þurfum því
ekki að hlaupa út í búð og
kaupa málningu þegar vind-
urinn hefur snúist og stór-
iðjustefnan er orðin óvinsæl.“
Hann sagði ríkisstjórnina nú
gera hverja örvæntingarfullu
næðist samstaða. Orð Ingi-
bjargar Sólrúnar gæfu þó ekki
góða von í þeim efnun.
Hann sagði umbóta- og upp-
byggingarstarfi ríkisstjórnar-
innar hvergi nærri lokið og
að dapurligt yrði að sjá þá
snúði upp í andhverfu sína
eftir kosningarnar.

- þsj



Geir H. Haarde:
Verst settu
fái sinn skerf

„Það framfaraskið sem þjóð-
in hefur búið við undanfarin
tölf ár er hægt að framlengja
um langt árabíl eftir er stað-
ið að verki. En það er líka
hægt að binda enda á það
þannig að við taki stöðnun
og verri lífskjör,“ sagði Geir H.
Haarde, formaður Sjálfstæðis-
flokksins.
Hann sagði lífsspursmál
að atvinnulífið fái að dafna
og mikilvægt að þeir sem
verst eru settir fái sinn skerf
af þjóðarkökunni. Að því
hafi ríkisstjórnin unnið með
myndarlegum hætti. Geir
sagði ástæðu til að fagna
aukinni áherslu á umhverfis-
mál en þau væru stærri mála-
flokkur en svo að umræðan
ætti bara að snúast um álver
og virkjanir. Hann sagði lífs-
kjör hafa batnað meira á und-
anföllum árum en nokkru
sinni og að staða ríkissjóðs
væri sterk.
Geir fjallaði um auðlinda-
ákvæði stjórnarskrár og
kvaðst vonast til að um það
næðist samstaða. Orð Ingi-
bjargar Sólrúnar gæfu þó ekki
góða von í þeim efnun.
Hann sagði umbóta- og upp-
byggingarstarfi ríkisstjórnar-
innar hvergi nærri lokið og
að dapurligt yrði að sjá þá
snúði upp í andhverfu sína
eftir kosningarnar.

- bps

Lögreglan á Egilsstöðum:

Eltu sportbíl um þrjú bæjarfélög

LÖGREGLUMÁL Eltingarleikur upp-
hófst á Egilsstöðum í gær þegar
ökumaður á sportbifreið þeyst-
ist á ofsahraða í gegnum bæinn
án þess að skleyta um stöðvunar-
merki. Hraðast fór hann á 182
kílómetra hraða, og 134 kílómetra
hraða innanbæjar. Alls eltu fimm
lögreglubílar sportbílinn þegar
mest var.

Leið mannsins lá í gegnum
bæinn, til Reyðarfjarðar, upp
Fagraðal, þaðan til Eskifjarðar og
að lokum aftur til Egilsstaða þar
sem lögreglu tókst að stöðva hann
um klukkan sex. Ökumaðurinn er
grunaður um ölvun og var látinn
gista fangageymslu.

- sps



BÍLLINN Sportbíllinn er appelsínugulur, af tegundinni Ford Mustang. Eltingaleikurinn
stóð yfir í tvo tíma og tóku fimm lögreglubílar þátt í honum þegar mest var.

MYND/GUNNAR GUNNARSON

Lögreglan í Hafnarfirði:

Þrír teknir fyrir gaskútahnupl

LÖGREGLUMÁL Þrír piltar voru
handteknir fyrir gaskútaþjóf-
að í síðastliðinn sunnudag. Þeir
höfðu stolið gaskútum frá tveimur
heimilum í Hafnarfirði og
reynt ítrekað að fá skilgald
fyrir þá á bensinstöðvum, en
gengið illa.

Að sögn lögreglunnar tókst
þeim að lokum að fá inneign-
arnótu fyrir ránsfenginn á bens-
instöð, og fannst hún í fórum
þeirra.




Drengirnir, tveir þeirra fimmt-
án ára og sá þriðji töluvert eldri,
voru yfirheyrðir á svæðisstöðinni
í Hafnarfirði og játuðu brot sín.

- sps

Matreiðslubækur Hagkaupa

eiga 10 ára afmæli!

Af því til tilefni verða allar
bækurnar á sérstöku tilboði
allan mars mánuð



Átt þú allar bækurnar eða
þarftu að endurnýja?

TILBOÐ
799 kr/stk.
Verð áður 1.499

Gildir til 31. mars eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

VERUM
BEST
– borðum trefjar!



HVERNIG BORÐAR MAÐUR MEIRI TREFJAR?

Flest okkar hafa gott af því að borða meiri trefjar. Fullorðnir ættu að borða a.m.k. 25 grömm af trefjum á dag, en að meðaltali borðum við ekki nema 16,7 grömm*, eða aðeins 2/3 af ráðlögðum dagskammti.

Þó við Íslendingar höldum að við séum best á öllum sviðum hafa rannsóknir sýnt að við stöndum okkur alls ekki nógu vel þegar kemur að neyslu trefja. En það er auðvelt að bæta sig – ef þú borðar Kellogg's All-Bran á hverjum degi færðu næstum helming af ráðlögðum trefjaskammti, sem hjálpar þér að halda meltingunni í góðu lagi. Laus við þembu, þyngsli og doða líður þér vel innan sem utan. Fáðu þér gómsætt Kellogg's All-Bran, Sultana Bran eða Bran Flakes og vertu bestur ... í trefjum!



ALL-BRAN
Heilbriggt útlit
kemur að innan

*Skv. Lýðheilsustöð

Vikulangri ferð Bandaríkjaforseta um Suður-Ameríku lauk í gær í Mexíkó:

Mótmæli settu svip á ferðina

MEXÍKÓ, AP George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, lauk í gær sjö daga heimsókn sinni í Suður-Ameríku. Ofbeldisfull mótmæli einkennu ferðina sem virðist aðallega hafa verið táknræn og til þess að bæta tengsl við álfuna þar sem engir nýir samningar voru gerðir.

Undanfarin ár hafa vinstrisinnadír leiðtogar komist til valda víða um Suður-Ameríku, oft með málflutningi sem beinist gegn stjórnvöldum í Bandaríkjunum.

Meðan á heimsókn Bush stóð ferðaðist einn helsti gagnrýnandi Bush, hinn vinstrisinnadír forseti Venesúela, Hugo Chavez, einnig um ríki Suður-Ameríku og hædd-



FÁNABRENNNA Mótmælendur brenndu heimagerðan bandarískan fána sem var með hausklúpur í stað stjarna í Mexíkóborg í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ist að stefnu Bandaríkjaforseta. Bush endaði ferðina í nágrennaríkinu Mexíkó þar sem pólitískir hagsmunir Bandaríkjanna eru hvað mestir. Óeirðaástand braust

út í Mexíkóborg í gær þegar mótmælendur slógust við óeirðalög-reglu fyrir framan bandaríska sendiráðið í Mexíkóborg, grýttu hótelið sem Bush dvaldi á og brenndu bandaríska fánann meðal annars.

Helsta gagnrýnin á Bush beinist að hertri innflytjendalöggjöf í Bandaríkjunum og stefnu bandarískra stjórnvalda varðandi stríðið í Írak. Andúð í garð Bandaríkjanna jókst til muna eftir að Bush undirritaði frumvarp um að koma upp hundruð kílómetra langri girðingu, vegatálmum og innrauðum myndavélum á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó.

-sdg



Í **KASTLJÓSI FJÖLMIÐLA** Fjölmiðlar sýndu vitnisburði Jónínu Benediktsdóttur mikinn áhuga og mátti sjá Jón Gerald Sullenberger fylgjast með úr fjarska þegar hún ræddi við fjölmiðlafólk eftir að hún bar vitni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bloggfærslur lagðar fram

Trúverðugleiki Jónínu Benediktsdóttur sem vitnisburður verður meðal annars metinn út frá færslum á bloggi hennar. Hún sagðist í gær hafa verið ósátt við Baugsmenn, en í dag skipti þeir hana engu máli.

BAUGSMÁL Texti sem Jónína Benediktsdóttir hefur skrifað um Baugsmálið á bloggsíðu sína hefur verið lagður fram í Baugsmálinu og var borinn undir Jónínu þegar hún bar vitni í gær. Lögmaður eins ákærða segir að þær segi allt sem segja þurfi um trúverðugleika hennar sem vitnisburður.

„Ég var ekki sátt við þessa menn, mér finnst þeir ekki hafa komið vel fram við mig,“ sagði Jónína þegar Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í málinu, spurði hana hvort hún bæri kala til Jóhannesar Jónssonar, Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Tryggva Jónssonar, en tveir síðastnefndu eru ákærðir í málinu.

Í samtali við fjölmiðla eftir að hún bar vitni sagði Jónína að í dag skiptu þessir menn sig engu máli.

Jónína sagðist í gær hafa átt þátt í að koma Jóni Gerald Sullenberger, einum ákærðu, í samband við Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómara, sem þá var starfandi lögmaður. Hún hafi þó ekki heyrst af því að Jón Gerald ætlaði með gögn sín um Baug til lögreglu fyrr en daginn áður en hann lét verða af því, og hún hafi frekar latt hann en hvatt til að fara þessa leið.

Fyrir dómnum í gær staðfesti Jónína að hún hafi sent Styrmi Gunnarssyni, ritstjóra Morgun-

blaðsins, tölvupóst sem vitnað var til í Fréttablaðinu 24. september 2005, undir fyrirsögninni „Eyddu fingraförum Morgunblaðsins“, en sagði samhengið vanta þar sem á undan og eftir hafi komið samtöl sem Fréttablaðið hafi ekki haft aðgang að.

Í póstinum segir Jónína að Jón Gerald sé illur út í feðgana, væntanlega Jón Ásgeir og Jóhannes, og vilji helst „kála þeim“. Hún spyr Styrmi hvort hann geti talað við „Davíð“ til að róa Jón Gerald. Jónína staðfesti í gær að átt sé við Davíð Oddsson.

Í samtali við fjölmiðla sagði Jónína að hún hafi viljað að Davíð sannfærði Jón Gerald um að stjórn málin tengist ekki dómstólunum, en hún hafði áhyggjur af tengslum Baugs við Davíð í gegnum Hrein Loftsson, stjórnarformann Baugs og fyrrverandi aðstoðarmann Davíðs.

Sigurður Tómas spurði Jónínu um dvöl hennar um borð í skemmtibátinum Thee Viking. Hún var í sambúð með Jóhannesi Jónssyni frá árinu 1999 til 2001 og kom því nokkrum sinnum á bátinn, auk þess sem hún sagðist hafa farið eftir það og hitt Jón Gerald. Hún sagðist hafa vitað að Jón Ásgeir og Jóhannes hafi átt bátinn með Jóni Gerald, eins og þá tvo báta sem á undan komu.

brjann@frettabladid.is

ORÐRÉTT



„Stundum fannst honum hann vera innkaupastjóri í Bónus, honum fannst gaman að semja um verð, þetta var í blóðinu hjá honum að víla og díla.“

Einar Þórisson, innkaupastjóri hjá Aðföngum, lýsti aðkomu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, forstjóra Baugs Group, að samningum um innkaup hjá Aðföngum.



„Þú myndir rata þangað ef við fengjum að fara á vettvang?“

Arngrímur Ísberg dómformaður virtist heitur fyrir því að fara í vettvangsferð til Miami til að finna geisladiskabúð sem vitni hafði farið í með Tryggva Jónssyni til að kaupa geisladiska, en vitnið sagðist ekki muna nafnið á búðinni en vita hvar hún væri.



„Þetta var bara tilviljun, ég var bara að blaða í gegnum þetta til að leita að gögnum.“

Helgi Magnús Gunnarsson, sem nú er saksóknari efnahagsbrota hjá ríkislögreglustjóra, lýsti því hvernig hann sem fulltrúi þess embættis fann umtalaðan kreditreikning frá Nordica til Baugs í pappírshaug á skrifborði Jóns Gerald Sullenbergs á skrifstofu hans hjá Nordica, en Jón Gerald taldi hann týndan.



„Sumt af því sem þú sagðir hljómaði eins og útlenska fyrir okkur.“

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, átti erfitt með að skilja tækni-órð sem dómkvaddur matsmaður tölvugagna notaði í svörum sínum.



„Ef þú vilt fá svar við spurningunni; er hægt að falska tölvuskeyti, er svarið já, en það þarf mikla þekkingu til þess.“

Halldór Kristjánsson, dómkvaddur matsmaður tölvugagna, reyndi að svara spurningu Gest á mannamáli.



„Þó að menn geti framið lögbrot er ekki þar með sagt að þeir geri það.“

Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari, vildi spyrja Halldór hvort hann treysti sér til að falska fylgigögn tölvupósta, en dómariinn stöðvaði spurninguna eftir mótmæli verjenda.


BAUGSMÁLIÐ Í DAG

Nú þegar 66 vitni hafa borið um sína aðkomu að Baugsmálinu, auk ákærðu í málinu, er vitnalistinn farinn að stytast og aðeins 25 vitni eftir. Í dag munu meðal annars lögreglumennirnir Jón H. Snorrason og Sveinn Ingibert Magnússon koma fyrir dómnum.

www.icelandexpress.is

Spánn vinnur Ísland með 20 stiga mun!

Bókaðu
NÚNA!



» Hvernig væri að fá smá hlýju í kroppinn og skreppa til Alicante með Iceland Express? Hitamælirinn styður það eindregið enda u.þ.b. 20 stiga munur á Íslandi og Spáni um þessar mundir.

Smelltu þér á www.icelandexpress.is og kláraðu málið!

» BÖRN:
50%

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingssafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

» www.icelandexpress.is

 Iceland Express 

Iceland Express, Grimsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

Gjöf náttúrunnar til þín
Omega-3
FISKIOLÍA



Omega-3 fiskiolía inniheldur hátt hlutfall Omega-3 fitusýra, einkum EPA og DHA sem eru okkur lífsnauðsynlegar.

Fjöldi rannsókna víða um heim hafa sýnt fram á jákvæða eiginleika þeirra fyrir heilsuna.



Omega-3 fiskiolía byggir upp ónæmiskerfið á marga vegu og hefur jákvæð áhrif á:

- sjón
- hjarta og æðakerfi
- blóðþrýsting
- kólesteról í blóði
- liði
- rakastig húðarinnar
- minni
- andlega líðan
- námsárangur
- þroska heila og miðtaugakerfis á meðgöngu



Má taka með lýsi.



www.lysi.is

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



LOK OG LÆS Guðmundur hleypti sumarbústaðareiganda í gegn, en ljósmyndari Fréttablaðsins beið í um klukkustund.

Hliði læst í Grímsnesi:
Lögreglan frelsaði ljósmyndara

LÖGREGLUMÁL Lögregla skarst í leikinn síðdegis í gær þegar Guðmundur Jónsson, fyrrverandi forstöðumaður Byrgisins, læsti ljósmyndara Fréttablaðsins inni í sumarbústaðahverfi í Grímsnesi. Hringdi hann síðan á lögregluna.

Ljósmyndarinn hafði ekið inn um hlið á vegi sem lá inn í sumarbústaðahverfi þar sem eru fjölmargir bústaðir. Hliðið er á veginum þar sem hann liggur í gegnum lóðahverfi Guðmundar. Þegar ljósmyndarinn var kominn inn fyrir, kom Guðmundur út úr bústað sínum og læsti hliðinu með hengilás. Nokkru síðar kom lögregla og málið leystist. -jss

Ráðuneytið lokaði á lögbylisumsóknina

Landbúnaðarráðuneytið lokaði á lögbylisumsókn Guðmundar Jónssonar, fyrrverandi forstöðumanns Byrgisins, þegar „ósköpin tengd Byrginu dundu yfir“, segir skrifstofustjóri ráðuneytisins. Eignir Byrgismanna hafa verið kyrrsettar.

LÖGREGLUMÁL „Um leið og ósköpin tengd Byrginu dundu yfir þá lokaði ég málinu,“ segir Hákon Sigurgrímsson, skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneytinu, um umsókn sem Guðmundur Jónsson, fyrrverandi forstöðumaður Byrgisins, og fleiri sendu ráðuneytinu um að breyta sex sumarbústaðalóðum í Grímsnesinu í lögbyli.

Hákon segir að um hálf tveggja mánaða síðan Guðmundur og félagi hans hafi sótt um lögbylisrétt á landi úr Klausturhólum sem sé rétt fyrir vestan Borg í Grímsnesi. Til þess hafi þeir haft meðmæli sveitarstjórnar.

„Þetta voru sex sumarbústaðalóðir og við sögðum að það þyrfti að sameina þær í tvö lönd,“ segir Hákon. „Þetta stóð eitthvað í sveitarstjórninni svo málið var ekki komið lengra en raun ber vitni.“

Hákon segir að samkvæmt umsókninni hafi átt að fara fram lífræn ræktun á landinu.

„En málinu var lokað eins og áður sagði,“ bætir hann við, „og það verður ekki tekið upp aftur nema þá á nýjum forsendum.“

Sumarbústaðalóðirnar sem um ræðir eru skráðar á fyrirtækið Úrím og Tímím, sem er í eigu Guðmundar Jónssonar og Jóns Arnars Einarssonar, sem áður var aðstoðarforstöðumaður Byrgisins.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins eru lóðirnar raunar sjö talsins og hafa fimm þeirra verið kyrrsettar af saksóknara efnahagsbrota hjá ríkislögglustjóra, sem fer með rannsókn á fjármálum fyrrum Byrgisins. Hinar tvær



SUMARBÚSTAÐURINN Í GRÍMSNESINU Fyrrverandi forstöðumaður Byrgisins hefur reist sér myndarlegan sumarbústað í Grímsnesinu. Alls eiga Guðmundur og félagar hans sjö lóðir á þessu svæði og sóttu um lögbylisrétt á þeim. Það mál er nú dautt, að sögn skrifstofustjóra landbúnaðarráðuneytisins.

lóðirnar reyndust vera svo veðsettar, að ekki reyndist vera hald í þeim fyrir ríkið. Tvær Land Rover-bifreiðar sem fyrrverandi forráðamenn Byrgisins höfðu til umráða reyndust vera á rekstrarleigu og því ekki hægt að kyrrsetja þær. Hins vegar voru kyrrsettar tvær bifreiðar í eigu einstaklings sem tengdist rekstri Byrgisins, jafnframt byggingar á sumarbústaðalóðum Guðmundar og Jóns Arnars.

Málefni Byrgisins eru nú til rannsóknar á þremur stöðum. Embætti lögglustjórans á Selfossi rannsakar hvort að minnsta

kosti sjö konur hafi orðið fyrir kynferðislegri misneytingu af hálfu Guðmundar meðan þær dvöldu í Byrginu. Þær hafa allar lagt fram kærur á hendur Guðmundi.

Saksóknari efnahagsbrota hjá ríkislögglustjóra og skattrannsóknarstjóri rannsaka fjármálaþætti Byrgisins. Fyrir efnahagsbrotadeild liggur fyrir kæra frá móður látins drengs, sem stofnaður var minningarsjóður um, en fjárhæðin síðan færð yfir á persónulegan reikning Guðmundar Jónssonar.

jss@frettabladid.is



Vinstri græn á ferð um landið
Fundur í Árborg í kvöld



Gestur Svavarsson, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir og Alma Lís Jóhannsdóttir spjalla við kjósendur í Selinu, Engjavegi 48, kl: 20:00

ALLT ANNAÐ LÍF! - með vinstri grænum

Náttúrverndarsamtök Íslands:

Kæra framkvæmdaleyfi í Heiðmörk

UMHVERFISMÁL Náttúrverndarsamtök Íslands kærðu í gær framkvæmdaleyfi fyrir lagningu vatnslagnar frá Vatnsendakrikum um Heiðmörk til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Svæðið er innan lögsögu Reykjavíkurborgar.

Samtökin fara fram á að leyfið verði ógilt auk þess sem þau vilja að úrskurðarnefndin stöðvi allar frekari framkvæmdir á vatnslögninni þar til hún hefur kveðið upp úrskurð sinn. Reykjavíkurborg veitti leyfið hinn 7. mars síðastliðinn. - þsj

Heiðruð af pólska þinginu:

Bjargaði 2.500 gyðingabörnum

PÓLLAND, AP Pólska þingið heiðraði í gær 97 ára gamla konu, Irenu Sendler, fyrir að hafa bjargað 2.500 gyðingum meðan á helförinni stóð.

Sendler, sem tilheyrði pólskri neðanjarðarhreyfingu, stýrði hópi fólks sem smyglaði börnum gyðinga frá Varsjá og kom þeim fyrir hjá pólskum fjölskyldum, í klaustrum eða á munaðarleysingjahælum. Nöfn þeirra skrifaði hún á miða og gróf í jörðu svo hún gæti komið þeim í hendur foreldra sinna við stríðslok.

Sendler var handtekin af Þjóðverjum árið 1943 og þrátt fyrir ít-reakaðar pyntingar neitaði hún að gefa upp nöfn barnanna. - sdg



NÝ BENSÍNSTÖÐ Bensínstöð Atlantsólíu á Akureyri er sú fyrsta utan höfuðborgarsvæðisins.

Atlantsólía á Akureyri:

Tíunda stöðin

NEYTENDUR Í gær opnaði Atlantsólía bensínstöð á Akureyri. Stöðin, sem stendur við Baldursnes, er tíunda bensínstöð Atlantsólíu en sú fyrsta sem fyrirtækið opnar utan höfuðborgarsvæðisins.

Bæjarstjórinn á Akureyri, Sigrún Björk Jakobsdóttir, opnaði stöðina formlega.

Innkoma Atlantsólíu hefur þegar skapað aukna samkeppni á Akureyri en um síðastliðna helgi var Olís-stöðinni í miðbænum breytt í ÓB sjálfsafgreiðslustöð. - þo

ÖRUGG FJÁRFESTING Á ÍSLENSKA HLUTABRÉFAMARKAÐNUM

ENEMM / SIA / NMSZEBI

ICEin

0 3 0 8

Höfuðstólstryggður hlutabréfareikningur

NÚ Á ÍSLANDI!

Höfuðstólstryggður hlutabréfareikningur. Fjárfestu á íslenska hlutabréfamarkaðnum án fyrirhafnar og með takmarkaðri áhættu. ICEin 0308 fylgir gengi íslenska hlutabréfamarkaðarins, ICEx-15 vísitölunni.

- Lágmarksupphæð er 500.000 kr.
- Innlánið er bundið í eitt ár
- Ávöxtun allt að 25%
- Höfuðstóll er tryggður
- Upphafsgengi ákvarðast í lok dags 19. mars
- Sölutímabil er frá 8. til 19. mars

Kynntu þér málið á kaupthing.is, í þjónustuveri bankans í síma 444 7000 eða komdu við í næsta útibúi.

KAUPPING
Hugsum lengra



Boðað er til fundar fimmtudaginn 15. mars 2007 kl. 20:00 á Grand Hótel

kjaramál

Fjarfundir: Heilbrigðisstofnun Ísafjarðarbæjar, Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS
TRADE COUNCIL OF ICELAND



Heimsmeistaramót Íslenska hestsins í Hollandi

6.-12. ágúst 2007

Heimsmeistaramót íslenska hestsins fer fram dagana 6.-12. ágúst nk. Mótið verður haldið í Oirschot sem er í nágrenni Eindhoven í Hollandi. Útflutningsráð Íslands hefur tekið á leigu tjöld á sýningarsvæðinu og vill kanna áhuga fyrirtækja á að taka þátt í sýningunni og kynna vörur sínar og þjónustu.

Markaðsnefnd um íslenska hestinn tekur þátt í kostnaði þátttakenda á sameiginlegu sýningarsvæði Útflutningsráðs. Mótshaldarar gera ráð fyrir að um 25.000 gestir muni sækja mótið.

Áhugasömum um þátttöku eða nánari upplýsingar er bent á að hafa samband við Berglindi Steindórsdóttur, berglind@utflutningsrad.is, eða Björgvín Þór Björgvínsson, bjorgvin@utflutningsrad.is. Síminn er 511 4000.

www.utflutningsrad.is

Borgartún 35 • 105 Reykjavík • sími 511 4000 • fax 511 4040 • utflutningsrad@utflutningsrad.is

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Framboðslistar Frjálslynda flokksins í Reykjavík kynntir:

Jón og Magnús leiða listana

STJÓRN MÁL Jón Magnússon hæstaréttarlögmaður leiðir lista Frjálslynda í Reykjavíkurborgardæmi suður. Magnús Þór Hafsteinsson er efsti maður á lista í Reykjavík norður.

Ekki var haldið prófkjör heldur röðuðu stjórnir kjördæmafélaganna fólki á lista, að höfðu samráði við fólkið í flokknum, sem síðan var samþykktur í kjördæmafélögum og af miðstjórn flokksins. —þo

Framboðslisti frjálslynda í Reykjavík Suður

1. Jón Magnússon, hæstaréttarlögmaður
2. Kjartan Eggertsson, skólastjóri
3. Guðrún Þóra Hjaltadóttir, næringarfræðingur
4. Alvar Óskarsson, eldri borgari
5. Víðar Guðjohnsen, háskólanemi

Framboðslisti frjálslynda í Reykjavík Norður

1. Magnús Þór Hafsteinsson, alþingismaður og fiskifræðingur
2. Ásgerður Jóna Flosadóttir, stjórnmálafræðingur
3. Erna V. Ingólfssdóttir, eldri borgari
4. Auðunn Snævar Ólafsson, framkvæmdastjóri
5. Þóra Guðmundsdóttir, verktafi



FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN Framboðslistar í Reykjavík hafa verið kynntir.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Bæjarráð Ölfuss segir Lýsi hf. þurfa breytt deiliskipulag fyrir hreinsunarbúnað:

Hafna búnaði gegn ólyktinni

STJÓRNSÝSLA „Málsmeðferð meirihluta bæjarstjórnar í máli þessu er því á mælisverð og virðist það vera stefna hans að koma fyrirtækinu í burtu, hvað sem það kostar sveitarfélagið,“ segir Ásgeir Ingvi Jónsson, bæjarfulltrúi í Ölfusi.

Bæjarráð Ölfuss hefur samþykkt að hafna umsókn Lýsis hf. um leyfi til uppsetningar á ósontökum sem ætlað er að eyða ólykt frá hausapurrkun fyrirtækisins í Þorlákshöfn. Umsókn Lýsis hefur verið til meðferðar hjá bæjaryfirvöldum í hálf ári. Nú hefur bæjarráðið loks kveðið upp úr með að gera þurfi nýtt deiliskipulag vegna uppsetningar mengunarvarnarbúnaðarins. Ekki nægi að gera venjulega grenndarkynningu. Bendir bæjarráðið á að kvartanir hafi borist vegna ólyktar frá



ÞORLÁKSHÖFN Umdeild hauspurkun Lýsis er ofan við höfnina í Þorlákshöfn. Langflestir starfsmenn eru útlendingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hausapurrkuninni: „Vegna þessara kvartana verður að telja að útgáfa byggingarleyfis geti haft áhrif á fleiri aðila en hægt er að flokka sem nágranna samkvæmt grenndarkynningu.“

Ofangreind orð Ásgeirs Ingva eru úr bókun hans í bæjarráði. Í bókuninni kemur einnig fram að hann telji það ekki góða stjórn-

sýslu að hafa dregið Lýsi á svari í sex mánuði.

„Ef deiliskipuleggja hefði átt þetta svæði, hefði það átt að vera ljóst strax í haust og óþarfi að draga viðkomandi fyrirtæki á svari í allan vetur,“ segir Ásgeir og spáir því að um langt og erfitt mál verði að ræða á milli sveitarfélagsins og Lýsis.

-gar

PAJERO – hörkugóð kaup

Nokkur dæmi um glæsilega MMC PAJERO hjá Bílapingi HEKLU



Laugavegi

MMC Pajero GLS 3,5 bensín
Sjálfsk. Árg. 06. Ek. 15.000 km.
32" dekk og Antera felgur, varadekkshlíf, dráttarbeisli.
Verð 4.790.000 kr.




Laugavegi

MMC Pajero Dakar 3,2 dísil
Sjálfsk. Árg. 05. Ek. 39.000 km.
Varadekkshlíf, dráttarbeisli.
Verð 4.550.000 kr.




Laugavegi

MMC Pajero GLS 3,2 dísil
Sjálfsk. Árg. 05 Ek. 54.000 km.
33" Anterabreyting, varadekkshlíf, dráttarbeisli.
Verð 4.690.000 kr.



Laugavegi

MMC Pajero GLS 3,2 dísil
Sjálfsk. Árg. 02. Ek. 104.000 km.
Varadekkshlíf, dráttarbeisli.
Verð 3.080.000 kr.



Laugavegi

MMC Pajero GLS 3,2 dísil
Sjálfsk. Árg. 04. Ek. 60.000 km.
33" kantabreyting, varadekkshlíf, dráttarbeisli.
Verð 4.450.000 kr.



Laugavegi

MMC Pajero GLS 3,5 bensín
Sjálfsk. Árg. 05. Ek. 27.000 km.
35" kantabreyting, varadekkshlíf, dráttarbeisli.
Verð 4.850.000 kr.

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Kletthálsi 11 | sími 590 5040 | www.bilathing.is



www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

Opið mánudaga til föstudaga 10-18 • Laugardaga 12-16

BÍLAPING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

43%
afsláttur

365 kr. kg.
Móa kjúklinga læri

50%
afsláttur

396 kr. kg.
Móa kjúklingur ferskur 1/1

40%
afsláttur

138 kr. kg.
Móa kjúklinga vængir

Kjúklingatilboð

40%
afsláttur

225 kr. kg.
Móa kjúklingabitar kryddaðir

40%
afsláttur

365 kr. kg.
Móa kjúklinga leggir

Þín lágvöruverðsverslun



389 kr. kg.
Naggar kjötbollar

25%
afsláttur

374 kr. kg.
Goða súpukjöt lítill poki

25%
afsláttur

299 kr. pk.
H&G Kryddsalat



599 kr. kg.
Ýsa í raspi frosin

Myllu speltbrauð



2 fyrir 1



3 fyrir 2

Líf ávaxtasafi 1 ltr



299 kr./stk.

KRONAN



fyrst og fremst.

... í verðsamkeppni

NÓATÚN

Úr Kjötborði Nóatúns

30%
afsláttur



LAMBA SIRLOIN
ÚR KJÖTBORÐI

998 kr.
kg



Úr Kjötborði Nóatúns

35%
afsláttur



GRÍSAKÓTELETTUR
ÚR KJÖTBORÐI

899 kr.
kg



40%
afsláttur

BAYONNESKINKA
NÓATÚNS

839 kr.
kg

2 stk. **í pakka!**



FRESCHETTA DIAVOLO
2 PIZZUR Í EINUM PAKKA

549 kr.
pk.

Úr Kjötborði Nóatúns



KÁLFAGÚLLAS
ÚR KJÖTBORÐI

998 kr.
kg



20%
afsláttur

GALBANI OSTAR
Á TILBOÐI

ARTÖFLUSALAT



PYKKVABÆJAR
ÍTALSKT KARTÖFLUSALAT

30%
afsláttur

SACLA



SACLA Í ÚRVALI
FULLKOMIÐ MEÐ BRAUÐRÉTTUM

20%
afsláttur

Bestir í kjöti
☆☆☆☆☆

Heitt MED
Heim

PANNA DAGSINS

ÍTALSKUR
PASTARÉTTUR

Fljótlegir og hollir réttir í hádegínu eða á kvöldin,
heitt með heim.

Ýmsir heilsu- kjöt- fiski- núðlu- eða pastaréttir
ásamt meðlæti í pönnunum á hverjum degi.

0,5 l Egils gos fylgir!

698 kr. pk.

Töfrar Ítalíu í Nóatúni

Gimileg uppskrift

4 kjúklingabringur
4 Parma hráskinkusneidar
2 kúlur af mozzarella osti, skornar í tvennt
12 fersk basil blöð
1 dl hvítlauksolía (fæst tilbúin í Nóatúni)
Salt og pipar

Rúllið 3 basilblöðum og ½ kúlu af osti inn í
skinkuna og kryddið með pipar. Skerið vasa í
bringurnar og stingið skinkurúllunum í þær.
Penslið bringurnar með hvítlauksolíu, kryddið
með salti og pipar og brúnið þær í restinni af
hvítlauksolíunni á pönnu. Bakið bringurnar að
lokum í 180° heitum í 15-20 mínútur.

MÓA KJÚKLINGABRINGUR 1.759 kr.
FERSKAR kg

30%
afsláttur

Úr
Kjötborði
Nóatúns

Kaupauki með hakkinu!

Grand' Italia spaghetti
fylgir hverjum pakka af
Nóatúns Ungnautahakki!

ÍTALSKAR BOLLUR
NAUTAHAKBOLLUR Í TÓMAT

1.298 kr. kg

UNGNAUTAHAKK
SPAGHETTÍ FYLGIR HVERJUM PAKKA

KAUPAUKI

598 kr. pk.

Rustichella
pasta og sósur!

25%
afsláttur

Illy espresso
ekta ítalskt kaffi!

15%
afsláttur

Filippo berio
olíur og edik

20%
afsláttur

„Buon' appetito“

„ORÐRÉTT“

Eins og veðrið er alltaf gott.

„Við sem stundum kúabúskap munum vel eftir all-djúpri lægð sem gekk yfir hjá okkur fyrir nokkrum árum.“

SVANA HALLDÓRSDÓTTIR Á MELUM Í SVARFAÐARDAL SEGIR BÆÐI SKIN OG SKÚRIR Í REKSTRI KÚABÚA.

Bændlaðið 13. mars.

Er þetta tragíkö-medía?

„Það liggur við að fylgisaukning vinstri grænna sé hætt að vera fyndin.“

INGVA HRAFNI JÓNSSYNI LÍST MIDUR VEL Á GOTT GENGI VINSTRI GRÆNNA Í SKOÐANAKÖNNUNUM.

Hrafnaþing 13. mars.

nær og fjær tilveran

HVAD ER AÐ FRÉTTA? VALGERÐUR HALLDÓRSDÓTTIR FÉLAGSRÁÐGJAFI

Purfum að staldra við

„Við erum á fullu að undirbúa kosningabaráttu Sólar í Straumi en kosningabaráttunni lýkur með íbúakosningunum 31. mars. Við erum núna að kalla til fólk til að taka þátt í undirbúningi og höfum fengið góðar viðtökur. Við erum að undirbúa tónleika, göngu og dreifingu í hús. Þau eru ótrúlega mörg verkefni sem við erum að vinna að á skömmum tíma. Svo erum við einstaklingar að berjast við alþjóðlegt fyrirtæki og það er dálítið strembið hvað varðar fjárhagshliðina,“ segir Valgerður Halldórsdóttir, formaður samtakanna Sólar í Straumi.

Valgerður er nýráðin framkvæmdastjóri Stéttarfélag Íslenskra Félagsráðgjafa. „Við erum að undirbúa nafnbreytingu og ætlum að taka út „Íslenskra“ því að það stendur fyrir mismunum. Ef tillagan verður samþykkt á aðalfundinum í lok mars þá mun félagið

heita Félagsráðgjafafélag Íslands. Svo erum við að undirbúa alþjóðdag félagsráðgjafa 27. mars þannig að verkefni eru nokkuð mörg. Á alþjóðdaginn ætlum við að fjalla um fátækt í viðum skilningi og spyrja: „Er fátækt einkamál fátækra?“ segir Valgerður og segir lítið mál að svara þeirri spurningu. „Það er

auðvitað ekki einkamál fátækra.

En það fer eftir því í hvaða samhengi við tölum um fátækt, hvort það er til dæmis efnahagsleg, félagsleg eða andleg fátækt. Það er hægt að tala um fátækt í svo viðum skilningi. Samfélagið er að breytast svo mikið og maður finnur fyrir því að stéttaskiptingin er að aukast. Félagsráðgjafar mæta fólk í alls konar aðstæðum og eru mikilvægir talsmenn þessa fólks.“



HEIMASÍÐUR: AFMÆLI Í DAG

■ Fyrsta síða veraldarvefjarins, symbolics.com, var stofnuð 15. mars 1985 og er hún því 22 ára í dag. Sama ár voru opnaðar fimm aðrar síður; þær bbn.com, think.com, mcc.com, dec.com og northrop.com. Ekki er lengur vitað hve margar vefsíður eru til á netinu en á Vísindavefnum er sagt að allt eins megi spyrja um hve mörg sandkorn séu til í heiminum. Lista yfir hundrað elstu vefsíður heims má finna á síðunni http://www.truckofnews.com/100_Old_est_domains/.



Bangsar læknaðir á bangsaspítala

SJÓNARHÓLL
GÆLUDÝRUM LÓGAÐ AF LITLU TILEFNI

Sorglegt



ERLA ÓSK ÁSGEIRSDÓTTIR
Formaður Heimdallar

Dýralæknar á höfuðborgarsvæðinu grunar gæludýraeigendur um að lóga dýrum sínum af litlu sem engu tilefni, stundum til að komast í fri. „Mér fyndist það afar sorglegt ef þetta er satt,“ segir Erla Ósk Ásgeirsdóttir, formaður Heimdallar. „Ég set hins vegar fyrirvara við þessar grunsemdir, ég held að fólk þyki almennt vænna um dýrin sín en svo að það láti deyða þau til að komast í fri.“

Sjálf er Erla Ósk mikill dýravinur og hefur meira að segja verið að hugleiða að fá sér kött. „Ég er hins vegar mikið á þvælingi og þá kemur upp sú spurning hvað eigi að gera við dýrið á meðan maður er að ferðast. Ég myndi þó aldrei láta lóga kettinum, það kæmi ekki til greina.“

Erla telur að ef þeir eru til sem láta lóga gæludýrunum af svo litlu tilefni, ættu þeir hinir sömu ekki að eiga dýr. „Mér þykir það sorglegt ef fólk hefur engar tilfinningar gagnvart dýrunum og lítur á þau sem hvern annan hlut. Það er tilfinningin sem maður fær þegar maður heyrir svona fréttir.“

Bangsaspítali er verkefni sem Lýðheilsufélag læknanema stendur fyrir í dag og snýst um að minnka ótta barna við lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk.

„Börn munu koma með bangsana sína til okkar í húsakynni Læknavaktarinnar í Smáranum í Kópavogi og eiga þá að vera búin að finna upp einhvern sjúkdóm eða meiðsl sem hrjá þá. Við verðum að sjálfsgöðu með hlustþípur, sjúkrabindi, saumagræjur og hvaðeina sem að gagni má koma til að bangsarnir geti farið heilbrigðir heim,“ segir Stefán Ágúst Hafsteinsson, einn af forsprökku Lýðheilsufélags læknanema.

Hann segir svona bangsaday haldinn hér á landi í fyrsta skipti í dag en fyrirbærið sé vel þekkt víða erlendis sem eitt af stærstu sjálfstæðu verkefnum læknanema inni á spítölum. „Meiningin með verkefninu er sú að uppræta ótta barna við heilbrigðisstofnanir og þá sem þar starfa. Rannsóknir erlendis hafa sýnt að áhrifin vara fram á fullorðinsár. Börn sem kynnast heilbrigðisstarfsfólki á þennan hátt eru óhræddari við að leita sér lækniþjónustu síðar, þegar á þarf að halda,“ lýsir hann.

Stefán Ágúst segir börn af eldri árgöngum á leikskólum taka þátt í verkefninu.



HUGAÐ AÐ VEIKUM BANGSA Læknanemamir Össur Ingi Emilsson, Rannveig Linda Þórisdóttir og Hrafnkell Stefánsson láta ekki sitt eftir liggja við að lækna bangsatetrin. Viðmælandinn Stefán Ágúst var upptekinn í kennslustund meðan myndatakan fór fram.

fréttablaðið/valli

„Gestir okkar þennan fyrsta bangsaday verða 40 fjögurra ára börn af leikskólanum Stekkjarási í Hafnarfirði sem koma með bangsana sína til skoðunar og lækninga,“ segir hann glaðlega og hlakkar greinilega til. Einnig getur hann þess að Ávaxtabíllinn muni bjóða börnunum upp á ferska ávexti og kveðst þakklátur fyrir það.

Stefán Ágúst er á öðru ári lækna-

deildar en segir félagi í Lýðheilsufélaginu vera af öllum árgöngum deildarinnar. „Við erum blandaður hópur sem höfum ýmislegt á stefnuskránni, höfum meðal annars skrifað í Fréttablaðið um heilsutengd málefni. Nýlega vorum með stóran fræðslufund um blóðgjafir og stefnum að því að fá um 50 læknanema til að gefa blóð í þessum mánuði,“ segir hann,

spurður um starfsemi félagsins. Nú er það bangsaspítalinn sem allt snýst um. „Við mætum í hvítum sloppum og reynum að setja þetta upp eins vel og við getum,“ segir Stefán Ágúst og er framhaldið segir hann. „Dagurinn í dag sker úr um það hvort framhald verður á. Það fer eftir því hvernig gengur og hver áhuginn verður.“

gun@frettabladid.is



Óskað eftir þátttakendum í rannsókn á erfðabáttum sem tengjast áhættu á að fá influensu og aukaverkarnir í kjölfar hennar

Á vegum Íslenskrar erfðagreiningar og Veirufræði-, Smitsjúkdóma- og Sýklafræðideilda Landspítala-háskólasjúkrahúss (LSH), er í samvinnu við Heilsugæsluna og Sóttvarnalækni unnið að rannsókn á erfðum ónæmis gegn alvarlegum sýkingum og svörun við bólusetningum. Rannsóknin er styrkt af Heilbrigðisstofnun Bandaríkjanna og unnin í samstarfi við vísindamenn við Háskóla Nýju Mexíkó í Albuquerque og Erfðarannsóknastofnun í Santa Fe í Bandaríkjunum.

Hluti rannsóknarinnar beinist að erfðabáttum sem tengjast áhættu á að fá influensu og aukaverkarnir í kjölfarið. Þar sem influensufaraldur stendur nú yfir leitum við eftir þátttöku þeirra sem hafa nýlega fengið influensu eða fá hana á næstu vikum og mánuðum. Góð þátttaka er skilyrði þess að rannsóknin beri tilætlaðan árangur.

Ef þú hefur nýlega fengið eða færð influensu á næstunni og hefur áhuga á að taka þátt í rannsókninni eða fræðast um hana ertu beðin(n) að hafa samband við Þjónustumiðstöð rannsóknaverkefna á heimasíðu hennar <http://rannsokn.is/Fyrirspurn.htm> eða í síma 520 2800. Starfsmenn Þjónustumiðstöðvarinnar munu þá senda þér kynningarefni um rannsóknina og upplýsingar um í hverju þátttakan felst.

Forsvarsmáður rannsóknarhópsins er Magnús Gottfredsson, læknir og sérfræðingur í smitsjúkdómum við Smitsjúkdómadeild Landspítala háskólasjúkrahúss (magnusgo@landspitali.is) en prófessor Ingileif Jónsdóttir veitir rannsókninni forystu innan Íslenskrar erfðagreiningar (ingileif@decode.is).

Bandarískir fræðslustjórar hrifnir af hönnun Ingunnarskóla:

Mætir þörfum nemenda

Bruce Jilk, arkitekt Ingunnarskóla í Grafarholti, hlaut í síðustu viku viðurkenningu Samtaka fræðslustjóra í Bandaríkjunum fyrir hönnun skólans. Þá hlaut Gerður G. Óskarsdóttir, fyrrverandi fræðslustjóri Reykjavíkur, viðurkenningu fyrir undirbúning að byggingu skólans.

Þetta er í annað sinn síðan verðlaunin, sem nefnast Shirley Cooper-verðlaunin, voru fyrst veitt árið 1975 að þau falla í hlut skóla utan Bandaríkjanna. Árlega eru þessi verðlaun veitt fyrir hönnun skólabyggingar sem þykir mæta einstaklega vel þörfum nemenda. Með þessu vilja Samtök fræðslustjóra í Bandaríkjunum, sem velja arkitektinn í samráði við samtök bandarískra arkitekta og alþjóðasamtök hönnuða skólabygginga, undirstrika mikilvægi hvetjandi námsumhverfis.

Sérstaða Ingunnarskóla er stórt miðrymi sem er miðpunktur skólastarfsins og samkomustaður skólans, en þar er meðal annars að finna skólasafnið og mótuneytið.



KÁTIR NEMENDUR Þessir nemendur voru mjög ánægðir með skólann sinn fyrir tveimur árum, þegar skólinn var opnaður. Hér sjást þeir í miðryminu sem einkennir sérstöðu Ingunnarskóla.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

pú sparar 1.056 kr/kg

**42%
afsláttur**

Matfugl

1.459 kr/kg. áður 2.515 kr/kg.
Matfugl kjúklingabringur

pú sparar 716 kr/kg

**50%
afsláttur**

716 kr/kg. áður 1.432 kr/kg.
Bayonneskinka

pú sparar 995 kr/kg

**50%
afsláttur**

995 kr/kg. áður 1.989 kr/kg.
Villikryddað lambalæri

**30%
afsláttur**

197 kr/stk. áður 281 kr/stk.
Emmess Lúxus Skafís

69 kr/stk.
Pepsi Max 2 ltr.

allt í matinn á einum stað


Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 15. mars til 18. mars eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi - Höfn

Svona erum við

> Hlutfall kosningaþátttöku í nokkrum alþingiskosningum 1953-2003



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: FRÍÐARTILLÖGUR ARABABANDALAGSINS FRÁ 2002

Aftur komnar á dagskrá

Fyrir fimm árum komu leiðtogar arabaríkja saman í Beirút í Líbanon og lögðu þar fram tillögur að friðarsamkomulagi milli Ísraela og Palestínanna. Ísraelar sögðust strax ekki hafa áhuga á þessum hugmyndum en undanfarið hafa Ísraelskir menn nefnt þær til sögunnar á ný sem hugsanlegan valkost í erfiðri stöðu.

Hvað fela tillögunar í sér?

Meginatriði tillagnanna eru þrjú. Hið fyrsta að Ísraelar afhendi öll herteknu landsvæðin miðað við landamærin eins og þau voru árið 1967, það er Ísraelar fari frá Vesturbakkanum, Gazaströnd, Austur-Jerúsalem og Gólanhæðum. Næst að Ísraelar fallist á að palestínskir flóttamenn geti snúið heim, en þó ekki skilyrðislaust heldur með sanngjörnum hætti. Loksbjóði arabaríkin í staðinn friðsamleg samskipti við Ísrael og viður-

kenni bæði tilverurétt þess og landamæri.

Af hverju núna?

Það eru fyrst og fremst Ísraelskir ráðamenn sem vakið hafa þessar tillögur af dvala nú síðustu vikur og mánuði. Ísraelar virðast nú líta svo á að áform þeirra um einhliða brotthvarf frá Gazaströnd og síðar meir Vesturbakkanum muni varla skila þeim árangri sem þeir höfðu vonast til síðustu misserin.

Eru þær raunhæfar?

Ekki er nokkur leið að segja hvort minnsta von sé til þess að friðartillögur arabaríkjanna geti orðið til þess að höggva á hnútin. Það eitt að Ísraelskir ráðamenn hafa nefnt þær að fyrra bragði undanfarið bendir þó til þess að ástæða sé til að láta reyna á þær. Arabaríkin ætla að endurnýja tilboð sitt á leiðtoga-fundi í lok mars, en tillögurnar frá 2002 verði lagðar fram óbreyttar.



SPURT & SVARÐ

NAGLADEKK

Upplýsa um kosti og galla

Tæpur meirihluti Íslendinga er andvígur skattlagningu á nagladekk til að sporna við notkun þeirra samkvæmt könnun sem Fréttablaðið birti í gær. Til eru dæmi um þetta erlendis frá að sögn Hreins Haraldssonar, framkvæmdastjóra þróunarsviðs hjá Vegagerðinni.



HREINN HARALDSSON
Framkvæmdastjóri hjá Vegagerðinni

Hvar hefur skattlagningu verið beitt á þennan máta?

Norðmenn hafa borgað fyrir að fá að keyra á nagladekkjum innanbæjar í Þrándheimi frá árinu 2001 og Ósló frá 2004. Einnig hafa einhver ríki Bandaríkjanna sett skatt á nagladekk til að greiða fyrir slit.

Hvaða aðrar leiðir en skattlagning koma helst til greina?

Að upplýsa vegfarendur um kosti og galla þess að aka á nagladekkjum og að fá fólk til að taka ákvörðun á eigin forsendum. Greiða fyrir að skila inn nagladekkjum og kaupa naglalaus dekk í staðinn. Auka hálfvörnir til að minnka þörf og auka kostnaðarmun á nýjum ónegldum dekkjum og nagladekkjum þannig að fólk velji heldur naglalaus dekk við endurnýjun.



YSU OG KARFA LANDAÐ Deilt er um hvort hugtakið þjóðareign hafi einhverja merkingu og þá hvort fiskurinn í sjónum geti einhvern tímann orðið í eigu þjóðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sátt um auðlindaákvæði fjarlæg

Sérnefnd um stjórnarskrármál hefur frumvarp Geirs H. Haarde forsætisráðherra

til skoðunar, sem kveður á um að náttúruauðlindir landsins skuli vera í þjóðareign. Er frumvarpið merkingarlaust? Eiga pólitískar yfirlýsingar heima í stjórnarskrá? Þessar spurningar voru meðal þeirra sem ræddar voru á fundi í Háskólanum í Reykjavík í gær.



KRÍSTRÚNHEIMISDÓTTIR Segir starfslag stjórnarflokkanna ekki til fyrirmyndar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



BJARNI BENE-DIKTSSON Segir mörg atriði krefjast frekari umræðu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Magnússonar héraðsdómara, Auglýst eftir efnislegu inntaki!, sem birtist í Fréttablaðinu 7. mars.

Þar færði hann fyrir því rök, í stuttu máli, að auðlindaákvæði sem ríkisstjórnarflokkarnir stefna að því að setja í stjórnarskrána, sé merkingarlaust og til þess fallið að skapa réttaróvissu sem sé óheppileg.

„Hefði verið hægt að ná fram sama tilgangi með frumvarpinu, sem stjórnarflokkarnir vildu ná fram, með því að komast undan því að nota hugtakið þjóðareign?“ spurði Guðrún Gauksdóttir dós-ent í inngangserindi sínu á fundinum í gær.

Pólitísk stefnuyfirlýsing

„Þetta er fyrst og fremst pólitísk stefnuyfirlýsing,“ sagði Bjarni Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks og einn nefndarmanna í sérnefnd um stjórnarskrármál, í framsöguerindi sínu í gær. „Það er hlutverk þingsins að reyna að lágmarka alla réttaróvissu í tengslum við breytingar á stjórnarskránni, og útrýma henni ef hægt er. Það er að mörgu að hyggja í þessu máli og ég útiloka ekki að frumvarpið taki breytingum áður en það verður samþykkt,“ sagði Bjarni enn fremur. Hann sagði kjarnann í frumvarpinu vera pólitíska yfirlýsingu um „áréttingu á fullveldisrétti“ yfir auðlindum landsins.

„Pólitískar yfirlýsingar eiga ekkert erindi í stjórnarskrá,“ sagði Krístrún Heimisdóttir, fulltrúi Samfylkingarinnar í stjórnarskrárnefnd, í erindi sínu. Hún lagði áherslu á að Samfylkingin styddi tillögur sem fram hefðu komið í starfi auðlindanefndar árið 2000 en í starfi þeirrar nefndar kom fram sú stefna að stjórnarskrárfesta þjóðareign á auðlindum og taka upp gjaldtöku fyrir nýtingu, svokallað auðlinda-gjald.

Hún sagðist enn fremur líta svo á að hugtakinu þjóðareign væri gefið efnismeira inntak í tillögum auðlindanefndar heldur en í því

HVAÐ ER NÁTTÚRUAUÐLIND



RAGNAR ÁRNASON

„Hugtakið auðlind er óskýrt að því leyti og það er ekki alveg ljóst hvað menn eiga við með því orði,“ segir Ragnar Arnason, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands. „Með náttúruauðlind, eins og talað er um í umræddu auðlindafrumvarpi, er átt við náttúruyfyrirbæri sem geta verið verðmæt. Það er sú skilgreining sem ég nota sem hagfræðingur. Margt getur talist til verðmæta, til dæmis fiskurinn í sjónum eða fossar. En þessi fyrirbæri verða ekki að auðlindum fyrr en þau eru nýtt til verðmætasköpunar. Það er einn gallinn við þetta frumvarp að það er ekki útskýrt nægilega vel hvað menn eiga við með því orðalagi sem notað er í frumvarpinu en mikilvægt er að gefa því gaum, þegar fjallað er um nýtingarrétt á svokölluðum náttúruauðlindum.“

Fermingartilboð



TOSHIBA
Satellite Pro A120-163

Intel Core Duo T2050
512MB vinnsluminni
15,4" skjár
60GB harður diskur

Aðeins
89.900kr./stgr.
Áður 119.866kr.



SKRIFSTOFUVÖRUR

Höfðabakka 3 • Borgartúni 29 • Glerárgötu 34

Varhugaverð áhrif þalata í plastefnum rannsökuð:

Tengsl við offitu og sykursýki

Þalöt nefnast efnasambönd sem algeng eru í plastefni hvers konar, sápum og fleiri algengum hlutum í daglegu umhverfi okkar. Áður hafa vísindamenn fundið tengsl þalata við ófrjósemi, en nú hafa einnig fundist tengsl við offitu og insúlínþol í fullorðnum karlmönnum.

Það voru vísindamenn við háskólann í Rochester í New York ríki, Bandaríkjunum, sem komust að þessum niðurstöðum eftir að hafa rannsakað gögn úr víðtækri heilbrigðis- og næringarkönnun sem gerð var í Bandaríkjunum og náði til áhranna 1999 til 2002.

Sagt er frá rannsókninni, sem unnin var undir forystu Richards Stahllhuts, í vefútgáfu tímaritsins Environmental Health Perspectives.

Þalöt hafa verið mikið notuð síðustu hálfu öldina eða svo, en stutt er síðan grunur kviknaði um að heilsu fólks gæti stafað hætta af þeim. Efnin er meðal annars að finna í sápum, snyrtivörum, málningarvörum og skordýraeitri að ógleymdum plastefnum. Þalöt mýkja plastið og gerir þannig nothæfni þeirra fjölbreyttari.

Rannsóknir á dýrum hafa sýnt að þalöt draga úr testosterón-

magni í líkama þeirra. Nýlegar rannsóknir á karlmönnum hafa síðan sýnt að þalöt valda því að sæðisfrumum fækkar í sæðisvökva karla. Þá hafa einnig greinst breytingar á kynfærum ungra drengja.

Bæði insúlínþol, sem eykur líkur á sykursýki, og offita eru talin tengjast lágu testosterónmagni.

- gb



Á KAFI Í PLASTI Karlmenn þurfa að passa sig á þalötum, ef marka má niðurstöður vísindamanna. NORDICPHOTOS/GETTY

frumvarpi sem nú væri til umræðu.

„Ég hef ekkert á móti orðinu þjóðareign,“ sagði Ógmundur Jónasson á fundinum en hann talaði fyrir því að meginreglan ætti að vera sú að auðlindir landsins yrðu nýttar almenningi til hagsbóta, en ekki aðeins örfáum útvöldum. „Það er réttmæt leið og skynsamleg,“ sagði Ógmundur.

Auðlind – nýjar tillögur

Enginn forsögumanna á fundinum gerði hugtakið auðlind að umtalsefni en það þarfnast þó, að mati margra, jafn djúprar lögfræðilegrar umræðu og önnur hugtök sem koma fyrir í auðlindafrumvarpi ríkisstjórnarflokka.

Bjarni greindi frá því á fundinum að fram hefði komið hugmynd í nefndarstarfi sérnefndarinnar að fella út orðið þjóðareign. „Nú þegar hefur komið fram hugmynd um að fella út þjóðareignarhugtakið og láta þá eftir standa að náttúruauðlindir landsins eigi að nýta landsmönnum til hagsældar.“

Ómögulegt starfslag

Bjarni var ófeiminn við að gagnrýna málsmeðferðina á frumvarpinu og sagði frumvarpið sem nú væri til umræðu málamiðlun. „Heppilegast hefði verið að fjalla um þessi málefni fram og til baka í stjórnarskrárnefndinni og vinna að málinu eftir eðlilegum starfsaðferðum. En málin þróuðust með þessum hætti og það er okkar að vinna hratt og faglega að þessum málum. Það er, eins og ég hef áður sagt, ómöguleg staðreynd að að málinu sé unnið við þessar aðstæður.“ Krístrún bætti þá við: „Það er ánægjulegt að heyra Bjarna tala um það hreinskilnislega hversu ófaglegt það er af stjórnarflokkinum að kynna þetta frumvarp um stjórnarskrárbreytingu, sem krefst margfalt meiri umræðu en útlit er fyrir að það fái, svo skömmu fyrir þinglok.“

Langt í land enn

Þverpólitísk sátt um frumvarpið er fjarlæg sé mið tekið af þeim sjónarmiðum sem viðraðar voru á fundinum í gær, og ræddar hafa verið á Alþingi síðustu daga. Enn er deilt um merkingu grunnhugtaka í lagatexta, raunverulega þýðingu frumvarpsins og síðast en ekki síst hvort þörf sé fyrir að stjórnarskrárbinda ætlaðar meiningar frumvarpsins.

NÝTT ÁKVÆÐI STJÓRNARSKRÁRINNAR

Náttúruauðlindir Íslands skulu vera þjóðareign, þó þannig að gætt sé réttinda einstaklinga og lögaðila skv. 72. gr. Ber að nýta þær til hagsbóta þjóðinni, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Ekki skal þetta vera því til fyrirstöðu að einkaaðilum séu veittar heimildir til afnota eða hagnýtingar á þessum auðlindum skv. lögum.

FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is

Nýr Chevrolet Lacetti Station á aðeins 26.980,- á mán.*

- 100% fjármögnun.....
- Engin útborgun.....
- Í erlendri mynt, vextir 4,27%.....
- 3 ára ábyrgð.....



Chevrolet Lacetti frá GM stærsta bílaframleiðanda í heimi Verð: 1.899.000,-

Engin útborgun...
...og þú ert kominn á nýjan fjölskyldubíl!

Lacetti

Vertu klár – engin útborgun fyrir nýjan bíl

Þú færð nýjan fjölskyldubíl úr kassanum með 100% fjármögnun og borgar aðeins 26.980 kr. á mánuði.

Bíllinn, sem er hluti af evrópulínu Chevrolet, er með 3ja ára ábyrgð og Chevrolet gæðastimplinum.

Vertu því klár, komdu og kynntu þér málið. Við erum á Tangarhöfðanum og tökum vel á móti þér.



Tangarhöfða 8-12 Sími 590 2000 www.benni.is Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn: Bílahorníð hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ös, Akureyri. Bílasala austurlands, Egilsstöðum.



CHEVROLET

*m.v. 84 mánaða bílamögnun (erlendri mynt, vextir 4,27%) Aukbætur á mynd. Alltíðar

DYNAMO BEYKJAVÍK

FLOTTASTUR

Sappos er alltaf flottastur þegar kemur að bestu verðunum og besta úrvalinu! Hvort sem þig vantar spariskó, fermingarskó, vinnuskó, djammskó eða annað þá er Sappos málið!

Veislan hefst í dag kl. 12:00 og stendur fram á sunnudag...



Stærðir: 36-41, Litir: hvítur, silfur

2500 kr.



Stærðir: 28-41, Litir: hvítur, gull, svartur



Stærðir: 36-40
Litir: brúnn

"GRÍNVERÐ"



1500 kr.



Stærðir: 22-30
Litir: svartur, rauður

Stærðir: 36-41, Litir: leopard, sebra

3000 kr.



Stærðir: 36-41, Litir: svartur



2000 kr.

Stærðir: 25-35
Litir: rauður, brúnn

Stærðir: 22-30
Litir: svartur



FYLGIHUTIR

Gríðarlegt úrval af töskum, beltum, buddum úr leðri, striga og fl.

Allt á 1000 kr.

NÝ SENDING



Stærðir: 30-41
Litir: hvítur

4000 kr.

ATHUGIÐ!
Stærðir
36-41
eru á 5000 kr.



Stærðir: 36-41
Litir: svartur

Stærðir: 36-41
Litir: hvítur, svartur



OPNUNARTÍMI SAPPOS.

Fimmtudaga 12-18
Föstudaga 12-18
Laugardaga 11-18
Sunnudaga 13-18

Sendum í póströfu.

www.sappos.is
534 5700

Miðhrauni 14
Garðabæ
Sími 534 5700

Hrísalundi 5
Akureyri
Sími 534 5740




SAPPOS

www.sappos.is

Útgjöldin

> Meðalútgjöld á hvert heimili árið 2005 vegna nokkurra matvörutegunda.



Heimild: Hagstofa Íslands

neytendur

hagur heimilanna

NEYTANDINN: VALGERÐUR RÚNARSDÓTTIR, DANSARI HJÁ ÍSLENSKA DANSFLOKKNUM

Er engin saumakona

„Mér finnst nærtækast að nefna nýju finu Macbook-tölvuna sem ég keypti um daginn sem góð kaup. Hingað til hef ég verið mjög ótæknivædd en það er að breytast, nú er ég meira að segja orðin netvædd,” segir Valgerður Rúnarsdóttir, dansari hjá Íslenzka dansflokknum, glettnislega. Valgerður segist þegar hafa tekið netvæðinguna í sínar hendur. „Um daginn skrifaði ég meira að segja fyrstu blogg færsluna mína. Það var að vísu ekki á mína eigin bloggsíðu heldur á síðuna id.is sem Íslenski dansflokkurinn heldur úti. Ég er ekki enn komin á það stig að ég þurfi að skrifa daglegar færslur á netið.“ Valgerður segist hafa



verið PC-kona, eins og hún orðar það, þar til nú. „Það er svo miklu skemmtilegra að eiga tölvu þegar maður á Macbook, hún er nefnilega hönnuð þannig að maður geti skilið hana. Verstu kaupin eru erfiðari en það sem maður kaupir en notar ekki hljóta að vera slæm kaup. Ég hef lent í slíkum verslunarleiðöngnum þegar ég fer á markaði. Þá sé ég einhverjar flíkur sem mér finnst líklegt að verði flottar ef ég verð sniðug og breyti þeim aðeins. Mér hættir nefnilega til þess að líta á mig sem mikla saumakonu. Raunveruleikinn er samt sá að ég sauma einginlega aldrei og á því fáeina kjóla, pils og efnisbúta uppi í skáp sem ekki nýtast til neins.“

HÚSRÁÐ:

PRIF MEÐ KÓKI

■ Brynja Björk Garðarsdóttir segir efnin á markaðnum orðin það góð að ekki þurfi að treysta á húsráð.

„Sniðugasta húsráð sem ég hef reynt er hversu ótakmarkað maður getur notað kók til að þrifa,” segir Brynja Björk Garðarsdóttir blaðamaður.



„Kók er svo ferlega eittrað að það nær öllu mögulegu hreinu. Ég nota það á fitubletti í fötum og til að þrifa vaskinn. Annars er ég ekki mikið fyrir húsráð í dag, efnin á markaðnum eru orðin svo góð að maður þarf varla að klína sitrónusafa í hárið á sér til að fá sér strípur eða setja matarsóða í ísskápinn til að losna við vondu lykt. Maður notar bara Ajax á þetta allt saman.“

■ Verslun

Nammi.is sendir yfir 2000 egg yfir páskana

Ætli við sendum ekki um tvö þúsund páskaegg frá okkur núna fyrir páska. Við höfum nákvæmlega þrjár vikur til að ljúka þeim sendingum svo þær berist í tíma,” segir Sófus Gústavsson, verslunarstjóri nammi.is, sem sér Íslendingum og öðrum áhugasömum sem staddir eru erlendis fyrir alíslensku páskanammi. Sófus segir póstverslunina ekki einskorðaða sig við sælgætið heldur sjá áhugasömum aðilum erlendis fyrir flestu því sem þarf til að gefa hátíðum alíslenskan blæ.



■ Fjármál

Heimilisbókhald kemur sér vel

Meðalævitekjur eru 120 til 150 milljónir króna og því full ástæða til að vera sér meðvitaður um í hvaða peningarnir fara. Með því að setja upp sitt eigið heimilisbókhald er hægt að fá betri yfirsýn yfir framfærslu og fjármál í heild sinni.

Excel-skjal er gott í þessu skyni og má setja upp heimilisbókhald og fjárhagsyfirlit á Excel sem sækja má á fjolskylda.is/fjarmal/heimilisbokhald.

Hjá Fjármálum heimilanna á spara.is er hægt að nálgast bókhaldskerfi fyrir 750 krónur á mánuði. Kerfið auðveldar að fylgjast með og stýra fjármálum heimilanna. Þar er hægt að gera áætlun fyrir tekjur og gjöld, heimilissjóð, dagbók, sparnað og allan efnahag heimilisins.

■ Neytendaréttur

Fá nýjan hlut eða viðgerð

Neytendur hafa tveggja ára kvörtunarfrest vegna galla á vöru. Sumum hlutum fylgir þó fimm ára kvörtunarfrestur.

Oft vill gleymast að neytandi hefur yfirleitt rétt á að velja milli viðgerðar eða að fá nýjan hlut. Almennt kys fólk frekar að fá nýjan hlut afhentan en að gert sé við þann gamla. Þetta kemur fram á heimasíðu Neytendasamtakanna

Seljandi hefur aðeins tvisvar rétt á að reyna að bæta úr galla með því að gera við eða afhenda nýjan hlut. Eftir það á neytandinn rétt á að rifta kaupnum, það er að skila hlutnum og fá peninginn endurgreiddan.

Neytandi á yfirleitt rétt á láns hlut ef hann þarf að vera án hlutar í meira en viku. Sjá nánar á ns.is.

Margt hefur áhrif á verðið

Í marsmánuði árið 1997 kostaði 3.100 krónur að fylla 40 lítra bensíntankinn á heimilisbílnum. Núna kostar það 4.732 krónur. Hækkun á heimsmarkaðsverði, átök í Mið-Austurlöndum og aukinn hagvöxtur í Asíu eru meðal þess sem hefur áhrif á bensínverð á Íslandi.

Fréttir af hækkunum á bensínverði hafa verið algengar undanfarin ár. Verðlækkarnir eru fátíðar og nú hefur meðalverð á bensínlítranum ekki farið niður fyrir 100 krónur síðan í febrúar 2004. Það kostar því talsvert meira að reka bíl en áður.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags Íslenskra bifreiðaeigenda, telur ólíklegt að bensínverð lækki í bráð. „Heimsmarkaðurinn hefur rokið upp og það hefur orðið 200 prósentu hækkun á heimsmarkaðsverðinu á síðustu tíu árum,” segir Runólfur og bætir því við að margir þættir hafi áhrif á eldsneytisverð. „Jarðefniseldsneyti er takmörkuð auðlind sem verður sífellt verðmætari. Óróinn í Mið-Austurlöndum hefur haft áhrif á verðið á síðustu árum auk þess sem framþróun fjölmennra ríkja á borð við Kína og Indland eykur eftirspurn og



DÝR ORKA Bensín er takmörkuð auðlind og síaukin eftirspurn hækkar verðið.

hækkar þar með verðið. Á sama tíma hefur hinum iðnvædda heimi ekki tekist að stemma stigu við eldsneytisnotkun með nýtingu nýrra auðlinda. Eftirspurnin eftir eldsneyti hefur því sjaldan verið meiri,” segir Runólfur.

Eftirspurn hefur alltaf áhrif á verðlag og þegar tölur síðustu ára eru skoðaðar má sjá að verðið hækkar oft á sumrin þegar fólk er hvað mest á ferðinni. Nú er meðalverðið á bensínlítranum rúmar 118 krónur og Runólfur segir erfitt að spá fyrir um framhaldið


næstu mánuði. „Það er líklegt að verðið hækki eitthvað í sumar en það er samt erfitt að spá fyrir um það,” segir Runólfur.

Nú um mundir kostar 4.732 krónur að fylla 40 lítra bensíntank á venjulegum heimilisbíl. Í júlí á síðasta ári kostaði það 5.424 krónur. Hæst hefur bensínlítrinn farið í 135,6 krónur, í júlí 2006. Á tíu ára tímabili frá 1997 til 2007 var bensínið aldrei ódýrara en fyrstu þrjá mánuði ársins 1999, þá kostaði lítrinn 70,2 krónur.

thorgunnur@frettabladid.is

PRÓUN BENSÍNVERÐS SÍÐUSTU TÍU ÁR

■ Meðalverð á 95 oktona bensíni í mars árin 1997-2007
■ Vísitala neysluverðs í marsmánuði 1997-2007



Heimild: Hagstofa Íslands og FIB

MATUR & NÆRING VALUR N. GUNNLAUGSSON MATVÆLAFRÆÐINGUR

Geymsla grænmetis og ávaxta



Geymsluþol grænmetis og ávaxta er mjög misjafnt eftir tegundum. Sumar tegundir geymast aðeins í nokkra daga, en aðrar geymast svo mánuðum skiptir án þess að tapa ferskleika sínum.

Þegar grænmeti eða ávextir eru tíndir stöðvast upptaka vatns og næringarefna úr jarðveginum. Ljóstíllifun stöðvast og ekki verður um frekari forðasöfnun að ræða. Hér hætta þó ekki öll efnaskipti plöntunnar, heldur nýtir hún orkuna úr forðanæringunni, sem safnaðist upp á vaxtarskeiðinu, til að viðhalda tilteknum efnaskiptum. Það er talað um að plantan haldi áfram að anda og sumar tegundir, eins og margir ávextir, halda áfram að þroskast eftir að þær eru tíndar. Því hægar sem þessi efnaskipti ganga því lengur geymist varan. Eftir því sem geymsluhitastig er lægra hægr

á öndun og varan þroskast hægar. Talið er að hraði öndunar aukist tvöfalt til fjórfalt fyrir hverjar 10 gráður sem geymsluhitastigið hækkar. Því er lyklatríði að hafa góða stjórn á hitastigi ef gæði og ferskleiki eiga að haldast frá því varan er tind og þar til hún endar í maga neytenda.

Það er mismunandi eftir tegundum við hvaða hitastig varan geymist best. Þess vegna er mikilvægt að velja rétt hitastig. Flestar grænmetis- og berjategundir geymast best við hitastig rétt yfir 0°C. Sumar tegundir geymast hins vegar illa við svo lágt hitastig og geta þá orðið fyrir kuldaskeimddum. Dæmi um þetta eru ylræktaðar tegundir eins og tómatar, papíkur og gúrkur en einnig útiræktað grænmeti eins og kartöflur. Ávextir geymast yfirleitt best við nokkru hærri hitastig en grænmeti eða í kringum 10°C. Það getur

því verið nokkuð snúið fyrir neytendur að finna kjöraðstæður fyrir ávexti í hífylum sínum.

Grænmeti og ávextir tapa raka við útgufun. Það veldur breytingu á byggingu, áferð og útliti en þessar afurðir eru að langstærstum hluta vatn. Það er því mjög mikilvægt að minnka þetta vatnstap á geymslútímanum til að viðhalda ferskleika og takmarka rýrnun. Viðkvæmum afurðum er oft pakkað í plast til að koma í veg fyrir að þær tapi vatni og þorni upp og sumar ávaxtategundir eru hjúpaðar með vaxi í sama tilgangi eða húðaðar með öðrum neysluhæfum efnum.

Tegundir, sem eru samsettar úr mörgum lögum, svo sem laukar og jökla-salat nota ystu lögin sem vörn gegn vatnstapi þar sem litið vatn flyst milli laga. Vatnið tapast þá fyrst og fremst úr ystu blöðunum sem síðan er hægt að fjarlægja fyrir neyslu. www.mni.is



Lotus Professional pappírsvörur

Á tilboði í mars 2007

LinStyle servíettur og dúkar, JustOne servíettur og servíettubox

Halldór Sigdórsson

þjónn, aðstoðarverslunarstjóri hjá RV

2.388 kr.



JustOne startpakki servíettubox og 600 servíettur

794 kr.



LinStyle servíettur 40x40cm, 50stk

Rekstrarvörur - vinna með þér
Réttarhólsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

25 Rekstrarvörur
ára 1982-2007

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 7.331 -2,13% Fjöldi viðskipta: 550
Velta: 6.165 milljónir

MESTA HÆKKUN

Icelandair
Flaga+1,12%
+0,41%

MESTA LÆKKUN

Grandi
Atlantic Petroleum
Glitnir-3,93%
-3,82%
-3,31%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: 365 3,62 +0,00% ... Actavis 68,90 -1,01%
... Alfesca 4,70 +0,00% ... Atlantic Petroleum 605,00 -3,82% ... Atorka
6,57 -1,79% ... Bakkavör 62,80 -1,88% ... Eimskipafélagið 33,70 -2,60% ...
FL Group 29,60 -2,63% ... Glitnir 26,30 -3,31% ... Kaupþing 1.013 -2,13%
... Landsbankinn 31,70 -1,86% ... Marel 74,50 -1,33% ... Mosaic Fashions
15,50 -2,52% ... Straumur-Burðarás 19,80 -1,98% ... Össur 124,50 -1,19%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Tækifæri í Evrópu

Kaupþing tekur þátt í 238 milljarða kaupum í BNA.

Kaupþing, ástralska verðbréfafyrirtækið Macquarie Bank og nokkrir fjárfestingasjóðir hafa fest kaup á bandaríska fasteignafélaginu Spirit Finance í Scottsdale, Arizona. Kaupverðið nemur tæpum 238 milljörðum króna auk vaxtaberandi skulda að upphæð 129 milljarða króna og verður félagið afskráð úr Kauphöllinni í New York.

Helgi Þór Bergs, framkvæmdastjóri Kaupþings í Lundúnum, segir að Spirit kaup fasteignir af fyrirtækjum, til dæmis verslanakeðjum, og leigi þær aftur til seljenda.

Þannig býðst fyrirtækjunum að fjármagna sig á hagkvæmari hátt.

„Við höfum verið í rekstri sem þessum í Bretlandi þar sem hlutirnir eru þróaðri en í Bandaríkjunum. Það eru mjög öflugir stjórnendur á bak við fyrirtækið sem hefur stækkað hratt á tiltölulega skömmum tíma. Við sjáum ákveðin tækifæri í því að skoða með þeim hluti í Evrópu og teljum að það sé hægt að stækka fyrirtækið enn frekar.“

Eignir Spirit námu 190 milljörðum króna um síðustu áramót. - eþa

Fjármálamarkaðir eru viðkvæmir um heim allan

Gengi hlutabréfa lækkaði nokkuð á helstu fjármálamörkuðum í gær. Aukin vanskil á kólnandi fasteignamarkaði í Bandaríkjunum hreyfði við viðkvæmum fjármálamarkaði, að sögn greinenda.

Gengi hlutabréfa lækkaði um allt að 2,9 prósent á alþjóðlegum fjármálamörkuðum í Evrópu og Asíu í gær. Lækkunir á bandarískum hlutabréfamörkuðum leiddu lækkanaferlið en helstu vísitölur fóru niður um tæp tvö prósent við lokun markaða á þriðjudag.

Íslenska úrvalsvisitalan fór ekki varhluta af lækkunum. Vísitalan lækkaði strax við opnun Kauphallar Íslands í gærmorgun og endaði í 7.331 stigi sem er 2,13 prósentustiga lækkun á milli daga. Gengi allra hlutabréfa tók dýfu og hækkaði ekkert félag í Úrvalsvisitölu.

Ástæðan fyrir lækkunum í Bandaríkjunum voru aukin vanskil einstaklinga á sérstökum íbúðalánamarkaði sem lánað til þeirra sem átt hafa í greiðsluferli-



FYLGST MED GENGI HLUTABRÉFA Helstu vísitölur lækkuðu nokkuð á helstu fjármálamörkuðum í Asíu og Evrópu í gær eftir að gengi hlutabréfa tók dýfu við lokun markaða í Bandaríkjunum á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

leikum og eru á svörtum lista hjá bönkum og fjármálastofnunum. Á sama tíma er talið að einhver fyrirtækja í þessum lánageira hafi faldið afkomutölur sínar.

Kristján Bragason, sérfræðingur hjá greiningardeild Landsbankans, bendir á að gengi bréfa í bandaríska fyrirtækinu Accredited Home Lenders Holding, sem veitir fasteignalán á þessum markaði, hafi fallið um 65 prósent á markaði á þriðjudag. Vart var á bætandi því gengi bréfa í félaginu

féll um heil 28 prósent á mánudag eftir að það greindi frá versnandi afkomu.

„Markaðirnir eru mjög viðkvæmir. Þeir eru óöryggir fyrir og því þarf lítið til að hreyfa við þeim,“ segir Kristján og bendir á að ekki sé nema hálfur mánuður síðan alþjóðlegir markaðir tóku síðast dýfu.

Hann bætir því hins vegar við að gengi hlutabréfa hafi hækkað mikið, ekki síst í Kína, og hafi dýfan undir lok febrúar verið ákveðin leiðrétting sem margir hafi búið við.

Hagvaxtarspá í Bandaríkjunum á sömuleiðis hlut að máli en hún hefur verið lægri en fyrri spár gerðu ráð fyrir. Menn eru ekki á einu máli um hagvaxtarþróun vestra, að sögn Kristjáns. Hann segir greinendur á meginlandinu telja hagvöxt í Bandaríkjunum á góðu róli. Bandarískir fjárfestar óttast hins vegar snarþa kreppu. „Ef það hægist mjög mikið á bandaríska hagkerfinu telja menn að það muni hafa áhrif á öðrum mörkuðum,“ segir hann. jonab@frettabladid.is

DEKACRYL 7 10 lítrar
Gljástig 7
Aðeins kr. 2.990,-

„Ég nota aðeins DEKA málninguna frá Múrbúðinni og ekki spillir verðið“

Sigurður Illugason málari mælir eindregið með Deka málningunni frá Múrbúðinni og segir að gæðin séu jafnvel meiri en í mun dýrari málningartegundum.



MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM



FRÁ FYRSTA AÐALFUNDI BYRS Jón Þorsteinn Jónsson og Ragnar Z. Guðjónsson, annar sparisjóðsstjóra.

Byr í seglin hjá Byr - sparisjóði

Hagnaður Byrs sparisjóðs, sem er sameinaður sparisjóður SPH og SPV, var meiri en ráð var fyrir gert en hann skilaði 2.678 milljóna króna hagnaði í fyrra. Þetta kom fram í máli Jóns Þorsteins Jónssonar, stjórnarformanns Byrs, á fyrsta aðalfundi nýja sparisjóðsins í vikunni. Var starfsfólki greiddur 250 þúsund króna bónus fyrir vel unnin störf á síðasta ári.

Á fundinum var stjórn veitt heimild, sem gildir til fimm ára, til að auka stofnfé sparisjóðsins í allt að þrjátíu milljarða króna. Fram kom hjá Jóni Þorsteini að stjórn hafi hug á því að nýta fimmtung þeirrar heimildar á seinni hluta þessa árs til að styrkja eiginfjárgrunn sparisjóðsins.

Stofnfé Byrs stendur í rúnum 240 milljónum króna og því myndi vera um 25-földun að ræða gangi áform stjórnarinnar eftir.

Samið hefur verið við MP Fjárfestingarbanka um að hann annist viðskipti með stofnfjárlhuti Byrs á skipulögðum markaði.

Stjórn Byrs var endurkjörin en hana skipa, auk Jóns Þorsteins, Egill Ágústsson, Magnús Ármann, Matthías Páll Imsland og Styrmir Þór Bragason. - eþa / hh

JVC er til sölu

Bandarísku fjárfestingasjóðirnir Texas Pacific Group og Cerberus eru sagðir hafa lagt fram tilboð í meirihluta hlutafjár í japanska fyrirtækið JVC, sem þekkt er fyrir samnefnd hljómtæki og aðrar tæknivörur.

Fyrirtækið hefur átt viðrekstrarvanda að stríða um nokkurt skeið og greindi frá því fyrir skömmu að áætlaður taprekstur á fyrsta ársfjórðungi muni nema um sjö milljörðum jena, rétt rúmlega fjórum milljörðum króna. Þetta er rúmlega tvöfalt meira en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir.

Kaupverð er talið nema um 81 milljarði jena, rúmum 43 milljörðum íslenskra króna.

- jab

Vikulega verða 160 ferðir til og frá landinu

Icelandair stefnir á fjölgun ferða til og frá landinu í vor. Bæta á við ferðum til Bandaríkjanna klukkan 10 að morgni og ferðum til Íslands frá Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og Ósló klukkan átta á morgnana.

Finnur Ingólfsson, stjórnarformaður Icelandair Group, upplýsti um fyrirætlanir félagsins á aðalfundi þess á þriðjudag. Leiðarkerfi flugfélagsins hefur byggst á ferðum til Evrópu að morgni og síðdegis til Bandaríkjanna. Því er hér um spjallun á hluta leiðarkerfisins að ræða. Finnur segir að með þessu sé lagður enn frekari grunnur að fjölgun ferðamanna hingað til lands. Eftir breytinguna verða vikulega 160 ferðir til og frá Íslandi á vegum félagsins.

Finnur segir ekki standa til að breyta Icelandair Group í alhliða fjárfestingafélag til að nýta lausafjárstreymi þess. „Við sem komum upphaflega að félaginu teljum það einmitt styrk að vera fjárfestar í margþætta framleiðslu- og þjónustufyrirtæki á afmörkuðu sviði eins og Icelandair Group er. Það muni strax og í framtíðinni skila eigendum góðum arði af fjárfestingunni.“

Finnur segir hér allar aðstæður til áframhaldandi vaxtar og hagsældar næstu ár sem tryggja megi með stuðningi við útrásar fyrirtækin „en ekki leggja stein í götu þeirra eða óska þeim úr landi“. Samhliða segir Finnur að ýta eigi undir erlenda fjárfestingu hér. -óka



Á AÐALFUNDI ICELANDAIR GROUP Finnur Ingólfsson stjórnarformaður Icelandair Group og Jón Karl Ólafsson forstjóri félagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Skýrist yfirtakan á Sainsbury

Gengi hlutabréfa í bresku dagvöruverslanakeðjunni Sainsbury, þriðju stærstu verslanakeðju Bretlands, hækkaði í Bretlandi í gær eftir að breska dagblaðið Times greindi frá því að þrjú fjárfestahópar undir forystu fjárfestingasjóðsins CVC hafi hug á að gera yfirtökutilboð.

Samkvæmt fréttum Times eru líkur á að tilboð fjárfestahópsins hljóði upp á rúm 550 pens á hlut sem metur keðjuna á 9,5 milljarða punda, jafnvirði rúmra 1.240 milljarða íslenskra króna. Til samamburðar stendur gengið nálægt 527 pensum á hlut í dag.

Times segir viðræður þó á byrjunarstigi og því geti allt eins farið svo að verðmiðinn fyrir keðjuna breytist eftir því sem viðræðurnar þróa. - jab

Fjármagn flýr sjávarútveginn

„Lítill áhugi er eðlilega á að fjárfesta í grein sem fær ekki að dafna vegna þess að vöxtur hennar verður skattlagður af ríkinu sérstaklega. Með öðrum orðum, fjármagnið flýr greinina,“ skrifar Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum, í kafla sem birtist í ritinu Þjóðareign sem Rannsóknarmiðstöðvar um samfélags- og efnahagsmál gaf út í gær.

Sigurgeir kemst að þeirri niðurstöðu um auðlindagjald og áhrif þess á virði hlutafjár að með því að leggja 5,6 krónur á hvert þorskígildi hefði heildarmarkaðsvirði eigin fjár sjávarútvegsfélaga verið komið nánast niður í ekki neitt í árslok 2005.

Borin er saman þróun eigin fjár sjávarútvegsins við viðskiptabankana og Bakkavör árin 2001 til 2005. Sigurgeir bendir á að árið 2001 hafi eigið fé sjávarútvegsins verið margfalt meira en eigið fé hvers banka, en í árslok 2005 hafi eigið fé Bakkavarar verið orðið meira en eigið fé útvegsins. - eþa/óka

FÓTBOLTAFAÐAR

taktu þátt í því!

Notaðu MasterCard® kortið þitt og þú gætir verið á leið á úrslitaleik UEFA Champions League í Aþenu 23. maí!

Skráðu þig í Fótboltafélag MasterCard og notaðu MasterCard kortið þitt frá 15. mars - 30. apríl og þú gætir unnið það sem alla fótboltaáhugamenn dreymir um: Ferð fyrir tvo á úrslitaleik UEFA Champions League í Aþenu 23. maí 2007.

Í hvert skipti sem félagi í Fótboltafélagi MasterCard notar MasterCard kortið sitt á tímabilinu fer nafn hans í pottinn sem vinningarnir verða dregnir út. Því oftar sem þú notar MasterCard kortið þitt, því meiri líkur á að þú farir á úrslitaleikinn!

Meira á www.kreditkort.is.






ATHENS FINAL 2007

Ferð, gisting og miðar í boði MasterCard.

10%

vaxtaauki!



spron
www.spron.is

GEGGJUÐ MARSTILBOÐ

FRÁBÆRT ÚRVAL • FRÁBÆR TILBOÐ



E6300 Uppfærsluturn 3

GIGABYTE uppfærsluturn 3 er gríðarlega öflug uppfærsluleið til að uppfæra eldri tölvur á einfaldan hátt

- Intel Core 2 Duo E6300 örgjörvi
- GIGABYTE 945P-S3 FSB1066
- 1GB DDR2 667MHz OCZ minni
- 320GB SATA2 16MB WD harðd.
- 256MB GeForce 7600GS skjákort
- 7.1 Dolby Digital DTS hljóðkort
- Gigabit netkort og 8x USB2
- GIGABYTE GZ hljóðlátur turn

69.900

EV5 **13.980** Á MÁN • ENGR VEXTIR Í 5 MÁN



LENTUR
AFTUR

Roadster

Vandaður 1GB minnislykill frá OCZ sem lokast inn í sjálfan sig þannig að það er ekkert lok til að týna. Ekki nóg með það heldur er minnislykillinn líka handhæg lyklakippa.

- Hágæða vara frá OCZ
- Snilldar hönnun ekkert lok
- Einnig handhæg lyklakippa
- 1GB hraðvirkt og öruggt minni
- Minnsti USB minnislykillinn!

1.990



320MB GeForce 8800GTS

Það nýjasta í skjákortum í dag! Ofur öflugt GeForce 8 8800GTS skjákort með háhraða GDDR3 320MB minni, hlaðið nýjungum, betri grafik og meiri hraða.

- GIGABYTE GeForce 8 8800GTS
- 320MB GDDR3 skjáminni
- 1600MHz 320 bit minni
- PCI Express 16X
- HD-TV, SVHS, RCA ofl tengi
- 2xDUAL-link DVI tengi

32.900



19" Gamers

Einn magnaðasti leikjaskjárinn á markaðnum. Hér fara saman glæsileg hönnun og allar helstu nýjungar í skjátækni og útkoman er ótrúleg.

- 19" CrystalBrite LCD skjár
- 700:1 skerpa tryggir myndgæðin
- 4ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1280x1024 upplausn
- VGA og DVI Digital tengi
- Ótrúleg dýpt og háskerpu litir
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

29.900



Sennheiser HD201

- Glæsileg lokuð heyrnatól
- Mjög létt og þægileg
- Dynamic Stereo Hi-fi
- Gullhúðuð tengi
- Kristaltær hljómur
- Heyrnatól í hæsta gæðaflokki

1.990



Uppfærsla 3

- 3800+ AM2 A64 Dual Core X2
- GIGABYTE nForce 430 móðurborð
- 1GB DDR2 667 OCZ minni
- 256MB GeForce 6100 skjástýring
- 7.1 Dolby Digital DTS hljóð
- Netkort, FireWire, SATA, ofl.

26.900



512MB OCZ Fartölvuminni

512MB DDR 333MHz fartölvu vinnsluminni. Komdu með tölvuna og við smellum minninu í frítt

4.990



ACER 5102

- AMD T64 Dual Core X2 TL50
- 1GB DDR2 533MHz minni
- 120GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4" WXGA CrystalBrite skjár
- 256MB Radeon Xpress 1100
- 5 í 1 minnskortalesari
- Windows VISTA Home Premium

89.900

EV10 **8.990** Á MÁN | Vextalaust í 10 mánuði

GIGABYTE™

TECHNOLOGY



**MICROSOFT
OFFICE 2007**

- Office Home and Student 2007
- Word 2007, Excel 2007
- PowerPoint og OneNote 2007
- Má setja upp á 3 heimilsvélar

14.900
ÓTRÚLEGA FLOTTAR NÝJUNGAR

Til afgreiðslu
Strax
aðeins 1stk á mann

320GB
6.990

GIGABYTE TRITON VISTA Á ÓTRÚLEGU TILBOÐSVERÐI



Intel Core 2 Duo
Core 2 Duo er með tvo örgjörva fyrir enn meiri afköst ef unnið er í mörgum forritum í einu



2GB DDR2 OCZ
System Elite minnið frá OCZ er með XTC kopar spegluðum kæliplötum og með lífstíðarábyrgð



SILENT PIPE2
Gríðarlega öflugt og hljóðlaust 256MB GeForce 7600GS skjákort fyrir alla leiki og vinnslu



ALLT PRÁÐLAUST
Práðlaust lyklaborð og práðlaus mús frá Logitech með ábreiddum íslenskum stötum



VISTA PREMIUM
Ótrúlegt nýtt grafískt viðmót, meira öryggi, fullkomnir leitarmöguleikar og fleiri nýjungar



NÝJASTA TÆKNIN
Hlaðin öllum helstu nýjungum og klár í alla almenna vinnslu, leiki og kvikmyndir

- Intel Core 2 Duo E6400 2.13GHz örgörvi
- 2GB DDR2 667MHz OCZ vinnsluminni
- 320GB SATA2 16MB WD harðdiskur
- 18xDVD SuperMulti DL skrifari
- 19" LCD Acer 8ms 700:1 skjár
- 256MB 7600GS Silent Pipe2 skjákort
- 7.1 Dolby Digital DTS hljóðstýring
- 2.1 Creative SBS380 hátalarakerfi
- Logitech práðlaust lyklaborð og mús
- Windows VISTA Home Premium

129.900

EVIO

12.990
Engir vextir í 10 mánuði



TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

EV - Vaxtalaus tilboð eru jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldbærir með 3,5% stimpil og lánþingjaldri sem þættir við upphæðina og drefist jafnt yfir samningstímann.

Stjórnarskrá lýðveldis er ekki einkamál fulltrúa á löggjafarþingi.

Fleiri höfunda – takk!

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Pau segja að Alþingi verði slitið í dag. Það liggja fyrir við þinglok nær sextíu mál óafgreidd, mörg brýn, segja menn. Yfir þingheimi er órói undir rólyndislegu fasi. Þingmenn eru að spenna sig upp í að mæta umbjóðendum sínum, horfast í augu við liðna langa vetur dáða og drengskaparlorforða, hástemmdra lýsinga á stefnumiðum sem þeir hafa margir sveigt frá í endalausum málamiðlunum nefndarstarfanna. Nú verða þeir að gera sig einlæga í framan, massa sig upp í að vera samhljóða í stærri málum, gera sölumennsku stjórnálmámannsins að sjálfsgæðri dyggð.

Þinglokin mótast óeitanlega af laglegri leikfléttu Framsóknar. Enginn flokkur hefur á síðari tímum reynst eins úrræðagóður að beita spunameisturum samtímans til að vefa sér ný fót, nýtt yfirbragð og þessi miðjuflokksuppfirning stjórnálmálagjafursins frá Hriflu. Upphlaup þeirra síðustu vikurnar um mikilvæga ítrekun í stjórnarskrá lýðveldisins um almannahagsmunir er snjöll brella en háskaleg í flýtinum og langvinnu fyrirhyggjuleysi þeirra í störfum við endurskoðun á stjórnarskránni. Ekki er flas til fagnaðar.

Stjórnarskrármálið er fyrir löngu orðið einhver þreyttasti brandarinn sem stjórnálmálagjafur bera ábyrgð á. Reyndar á þann veg að ekkert lýsir getuleysi þeirra fylkinga sem takast á í þingkosningum betur. Kosningar eftir kosningar, kjörtímabil eftir kjörtímabil, hafa menn uppi stór orð um að nú skuli stjórnarskrá lýðveldisins færð til nútímahorfs. Þá skortir menn ekki einurðina. En efndir hafa jafnan orðið litlar – sem engar. Lýðveldið er enn án stjórnarskrár sem tekur af öll tvímæli um jafnan atkvæðarétt þegnanna, trúfrelsi og skilgreiningu á sameigninni. Og margt, margt fleira.

Hver segir að lögfræðinga- og félagsmálatróllapungu dugi til að semja nýja stjórnarskrá? Hvers vegna er það fólk best til þess fallið? Nær væri að leita til hinna skapandi orðsins smiða, skálda, heimspekinga til þeirrar vinnu. Karla og kvenna sem sjá í víðsýni hærri tinda en í hinu þrönga hagsmunapotu hvaða heildarsjónarmið og hugsjónir henta menningu okkar og samfélagi best. Við þurfum stjórnarskrá sem er innblásin skáldlegri sýn og skrifuð af hagleik og djúpri tilfinningu þeirra sem langa daga höndla með orðin og merkingarmið þeirra.

Með fulltingi skáldanna gætum við fengið í hendur nýjar stjórnarskrár sem næðu augum almennings, vektu athygli og spurningar og vektu með þjóðinni svör og kröfur um nýmæli og forn sannindi: við mættum njóta þess að Ísak Harðarson og Vigdís Grímsdóttir, Þórarinn Eldjárn og Guðbergur Bergsson, Sigríður Þorgeirsdóttir og Vilhjálmur Árnason, Hallgrímur Helgason og Andri Snær gerðu okkur stjórnarskrár – þær mættu bæði vera í bundnu og lausu máli – ef vill.

Það er brýnt að ný stjórnarskrá verði heimt úr höndum þeirra snata sem brátt munu fara hnusandi um sveitir og stræti. Það eru aðeins hugsuðir skáldskapar og speki sem geta glætt þann samning og fyrirheit þjóðarinnar við sjálfa sig lífi.

Pant fá þau rit í sumargjöf, til afmæla, fermyngja og jóla. Sem fyrst, áður en nýtt þing kemur enn einni nefndinni sinni í hægan hægan hægagang.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTÖDBARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf.

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf. verður haldinn á Laugalandi, Holtum, föstudaginn 30. mars 2007 og hefst kl. 14:00.

Dagskrá:

1. Aðalfundarstörf samkvæmt 24. gr. samþykktu félagsins.
2. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögur frá félagsaðilum sem bera á fram á aðalfundi þurfa að vera komnar skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund.

Reykjavík, 12. mars 2007.
Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Erfiður auglýsingabransi

Það er vandlaft í auglýsingabransinum í dag. Fyrir viku síðan vakti doktor í fjölmiðlafræði, Guðbjörg H. Kolbeins, athygli á mynd framan á Smáralindarbæklingi sem henni þótti afar klámfengin og vísaði í ýmis tákni því til stuðnings á borð við opinn munn og beygða líkamstöðu.

Nokkrum dögum síðar bárust fréttir um að tiskufyrirtækið Dolce & Gabbana ætli að hætta að auglýsa í spænskum fjölmiðlum eftir að yfirvöld óskuðu eftir að fyrirtækið hætti með auglýsingaerferð sína þar sem hún niðurlægi konur. Telur fyrirtækið spænsk stjórn-

völd vega að frelsi sínu til sköpunar. Ein auglýsingin sýnir karlmann halda konu niðri með taki um úlniði hennar. Mannréttindasamtökin Amnesty International gerðu athugasemd við þá auglýsingu þegar hún birtist í ítölskum fjölmiðlum. Raunar sýnir önnur auglýsing konu halda nöktum karlmanni niðri með því að stíga á brjóst hans en engin athugasemd var gerð við þá auglýsingu. Það er hughreystandi að einhverjir taki að sér að hafa vökult auga með óæskilegum skilaboðum í auglýsingum sem eru svo vel falin að mörgum reynist ómögulegt að koma auga á þau þrátt fyrir vilja.

Snúið roð í hundi

Bókun Guðríðar Arnardóttur, oddvita Samfylkingarinnar

í Kópavogi, um að bæjarstjóri Kópavogs, Gunnar I. Birgisson, sé krútt vakti meiri athygli en hún gerði ráð fyrir samkvæmt því sem hún skrifar á vefinn truno.blog.is.

Í pistli þar útskýrir hún hvernig minnihlutinn hafi lagt fram málefnalega bókun sem bæjarstjóri hafi tekið á ómálefnalegan hátt. „Þá er tvennt í stöðunni, að munnhöggvast með bókanafngani eða bara slá botninn úr umræðunni með álíka málefnalegum hætti og þess vegna varð bæjarstjóri Kópavogs KRÚTT. Enda ávallt svölitið krúttlegur þegar hann situr eins og snúíð roð í hundi þegar við höfum aðra skoðun á málum.“

sdg@frettabladid.is

Ævinleg eign þjóðarinnar

Í fyrstu grein laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum frá 2004 segir svo: „Hið friðlýsta land skal vera undir vernd Alþingis og ævinleg eign íslensku þjóðarinnar. Það má aldrei selja eða veðsetja.“ Takið vel eftir þessu: Ævinleg eign íslensku þjóðarinnar felur það í sér samkvæmt þessari lagagrein, að Þingvelli má aldrei selja eða veðsetja. Einmitt þetta var bersýnilegur tilgangur þjóðareignar-ákvæðisins: vilji löggjafans í þessu dæmi er alveg skýr. Þingvellir eru þjóðareign, meira að segja ævinleg þjóðareign. Þessi lagagrein hefur staðið óbreytt frá 1928. Samkvæmt henni deilum við, sem nú erum uppi, sameigninni með óbornum kynslóðum Íslendinga. Svo frjálsglega sem núverandi ríkisstjórnarflokkar hafa farið með ýmsar eigur almennings síðustu ár – fiskimiðin, bankana, símann og ýmis önnur ríkisfyrirtæki – er gild ástæða til að gleðjast yfir lögverndaðri friðlýsingu Þingvalla. Samt hefur ekki tekið betur til um friðun Þingvalla en svo, að þáverandi formaður Þingvallanefndar reisti sér fyrir mörgum árum sumarbústað í hjarta þjóðgarðsins. Fleiri slíkir bústaðir virðingarmanna munu nú einnig vera þar í einkaeigu þrátt fyrir lög.

Bankarnir, vel á minnt. Þeir gerðu það af rausn sinni 1965 að kaupa Skarðsbók á uppboði í London, bókina hafði verið í einkaeigu, ein fornra íslenskra skinnhandrita svo vitað væri, og hún var slegin bönkunum fyrir 36.000 pund. Það gerir 63 milljónir króna á núverandi verðlagi. Og hvað gerðu bankarnir? Þeir gáfu íslensku þjóðinni Skarðsbók og afhentu ríkisstjórn Íslands hana til varðveislu, svo sem lýst er til dæmis í Öldinni okkar. Hvað vakti fyrir bönkunum? Það segir sig sjálft. Þeir gerðu Skarðsbók að sameign allra Íslendinga – okkar, sem nú lifum, og einnig ófæddra afkomenda okkar – með það fyrir augum, að Skarðsbók



ÞORVALDUR GYLFASSON

Í DAG | Fiskimiðin, Þingvellir og aðrar þjóðareignir

mætti aldrei selja eða veðsetja, af því að hún er þjóðareign. Bankarnir voru í ríkiseigu, þegar þetta var, en það skiptir ekki máli í þessu viðfangi. Sama skilning er sjálfsagt að leggja í eignarhald íslensku þjóðarinnar á handritunum, sem Danir afhentu Íslendingum 1971-1996 og eru geymd í Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Handritin voru gjöf Dana til Íslendinga. Einar Jónsson myndhöggvari hafði sama háttinn á, þegar hann arfleiddi íslensku þjóðina, en ekki til dæmis ríkið eða Listasafn Íslands, að eigum sínu og safni. Hvers vegna? Einstaka muni á Þjóðminjasafninu og Listasafninu geta þessi söfn væntanlega veðsett eða selt úr fórum sínum, ef þurfa þykir, en Þingvellir, Skarðsbók og Listasafn Einarssonar verða hvorki veðsett né seld. Það er munurinn á þjóðareign og ríkiseign: þjóðin á þessar eignir, ríkið varðveitir þær. Þetta er höfuðinntak hugmyndafræðis og gildandi lagaákvæða um þjóðareign, eins og Þorsteinn Gylfason prófessor rakti í bók sinni Réttlæti og ranglæti (1998).

Í ljósi þessarar ótvíræðu lagagreinar um friðun Þingvalla og hinna skýru dæma um Skarðsbók og Hnitbjörg, Listasafn Einarssonar, gægnir það nokkurri furðu, að lærðir menn og prófessorar skuli halda áfram að lýsa efasemdum um merkingu fyrstu greinar fiskveiðistjórnarlaganna frá 1990: „Nytjastofnar á Íslands-

miðum eru sameign íslensku þjóðarinnar.“ Betra hefði að vísu verið að hafa orðin „ævinleg sameign“ í lagatextanum til áreitingar og öruggs eins og í lögnum um friðun Þingvalla frá 1928. Kannski var þó ekki við öðru að búast, úr því að fiskveiðistjórnarlögin eru ekki í fyrsta lagi friðunarlæg, heldur upptökulög, samín undir handarjaðri útvegsmanna á Fiskíþingi 1983 handa þeim sjálfum og keyrð í gegn um grunlaust Alþingi með flaustrí, svo sem Halldór Jónsson stjórnálmálagfræðingur lýsti vel í fróðlegri grein í Samfélagstíðindum 1990.

Sameignarákvæðið í fyrstu grein fiskveiðistjórnarlaganna var leitt í lög in skýrum tilgangi, en það var gert óvirkt með því, að Alþingi ákvað að afhenda útvegsmönnum kvótann, sem átti þó að heita þjóðareign samkvæmt lögnum. Deilurnar á Alþingi nú um upptöku sams konar ákvæðis í stjórnarskrána („Náttúruauðlindir Íslands skulu vera þjóðareign“) í samræmi við stefnufrýrlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 2003 þarf að skoða í ljósi sögunnar. Framsóknarflokkurinn kappkostar nú að standa við fyrirheit íð frá 2003 og koma þjóðareignar-ákvæði um fiskimiðin og aðrar auðlindir inn í stjórnarskrána. Þessi málalíðunauður vitnar annaðhvort um vanmátt eða vonda samvirkni, því að þáverandi sjávarútvegsráðherra og síðar formaður Framsóknarflokksins hafði sérlega forgöngu um lögfestingu kvótakerfisins 1984 og auðgæðist sjálfur ótæpilega á öllu saman. Þetta má heita hámark ósvífinnar: að afhenda fyrst sameign þjóðarinnar útvaldum útvegsmönnum og sjálfum sér á silfurfati eftir rangsnum reglum og setja síðan upp glóandi geislabaug og heimta, að eignin, sem búið er að gefa í reynd, verði eftirlæðis til frekari mála-mynda skráð þjóðareign í stjórnarskránni.

Þjóðareign í stjórnarskrá

UMRÆÐAN

Auðlindaákvæði

Frumvarp stjórnarflokka um auðlindaákvæði í stjórnarskrá Íslands er útfærsla á sameiginlegri niðurstöðu beggja flokka sem náðist fyrir mörgum árum og hefur verið rædd og undirbúin um langt árabíl. Nægir í því efni að vísa til álitserðar svonefndrar auðlindanefndar sem út kom í september árið 2000. Frumvarpið er byggt beinlínis á ákvæði stjórnarsáttmáls, en þar segir m.a.: „auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar“.

Megintilgangur frumvarpsins er að staðfesta eign þjóðarinnar á auðlindunum og að staða nýtingarheimilda haldist óbreytt, þannig að nýtingarheimildir, t.d. fiskveiðiheilmildir, verði ekki – hvorki nú né síðar – háðar beinum eignarrétti heldur séu og verði áfram afturkræfur afnotaréttur. Þetta kemur skýrt fram, m.a. með beinum hætti í greinargerð og skýringum. Auk þess var kveðið skýrt að orði um þetta í framsöguræðum á alþingi.

Jafnframt er ljóst að löggjafarvald alþingis er ótvírætt til að ákvarða um nánari tilhögun og



JÓN SIGURBSSON

útfærslu vegna afnota og hagnýtingar samkvæmt sérstökum lögum sem löggjafinn kann að kjósa að setja um þau efni.

Í frumvarpinu er fjallað almennt um náttúruauðlindir Íslands en ekki aðeins um auðlindir sjávar. Kveðið er á um „þjóðareign“ og vísað er til réttinda samkvæmt eignarréttarákvæðum stjórnarskránnar. Loks er kveðið á um heimildir til afnota eða hagnýtingar á auðlindunum samkvæmt lögum.

Það er mjög mikilvægt að kveða á um þjóðareign á auðlindum í stjórnarskránni. Með slíkum hætti eru settar skýrar grundvallarreglur um þetta þjóðarmálefni. Þar með er fyllsta öruggi trygg og stöðugleiki um þessi réttindi og eigur þjóðarinnar. Hugtakið „þjóðareign“ er þegar fyrir hendi í lögum, t.d. lögnum um þjóðgarðinn að Þingvöllum. Og þetta hugtak felur það m.a. í sér að eignartilkalli allra annarra aðila – nú eða síðar – er hafnað og hrundið. Hugsanlegu eignartilkalli einkaaðila til þjóðareignarinnar og yfirráðatilburðum allra slíkra aðila er hafnað og hrundið í eitt skipti fyrir öll.

Höfundur er formaður Framsóknarflokksins.

MIU FARROW ÚTLIT

Stjörnurnar í Hollywood keppast nú við að breyta um útlit. Nýjasta æðið er að klippa hárið stutt og vera í stuttum sixtís kjólum í anda Miu Farrow.

TÍSKA 2



FIMM SKENKAR

Sjónvarpið er kannski komið upp á vegg en skenk þarf undir heimabíóið, leikjatölvuna, flakkarann og hljómflokkungrætt, dvd-myndirnar og tölvuleikina.

HEIMILI 8



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

[TÍSKA HEIMILI HEILSA]

Nú eru alls kyns nettilboð hjá Byko á vefsíðunni byko.is. Þar er einnig hægt að skrá sig í leik, þar sem sá heppni getur unnið 200.000 króna úttekt úr Byko, Húsgagnahöllinni, Inter-sport eða Elko.

Sarah Jessica Parker hefur nú markaðssett sína eigin fatalínu. Línan sem heitir Bitten byggist á fallegum, hversdagsklæðnaði. Allt á að kosta 12 pund eða minna.

Ókeypissprufutímar eru í öllum heilsuræktarstöðvum Nautilus. Það eina sem þarf að gera er að hringja í símanúmer hverrar stöðvar og panta tíma. Nánar á nautilus.is



GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn
15. mars, 74. dagur ársins
2007.



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík 7.47	13.37	19.28
Akureyri 7.33	13.21	19.11

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is



Guðrún Gunnarsdóttir: „Ég á nokkrar gæðatöskur á borð við þessa, en mér finnst vandaðir skór og fallegar töskur gera gæfumuninn þegar það kemur að klassa og það fyrsta sem ég lít eftir hjá karlmanni eru bæði skórnir og hendurnar.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Klassi í París

Guðrún Gunnarsdóttir dvaldist í París í fjögur ár og sneri til baka, reynslunni ríkari.

„Ég held að amma mín hafi upphaflega vakið áhuga minn á tískunni, en hún var mikið fyrir það að klæðast fallegum flíkum. Ég fékk stundum að fara í fataskápana hennar til að prófa, máta og skoða,“ segir Guðrún Gunnarsdóttir, viðskiptafræðingur og starfsmaður í Sævari Karli.

„Amma og afi voru lengi með undirfataverslunina Ólympíu. Hún seldi lífstykki, magabelti, slankbelti og allt hvað eina og nú stend ég í Sævari Karli og er orðin spesialisti í að láta konur vita hvernig slankbelti þær þurfa með kjólunum,“ segir Guðrún og hlær. „Ég lærði líka í París að það er nauðsynlegt að vera fín í gegn. Ef maður er að klæða sig upp á annað borð, þá er jafn mikilvægt að vera í fallegum undirfötum og fallegum kjól. Jafnvel korsiletti og sokkaböndum ef því er að skipta,“ segir hún, en Parísardömur eru jú þekktar fyrir þetta. Þar eru einnig sérstakar verslanir þar sem konur selja gjafir frá fyrrverandi ástmönnum sínum.

„Eins og flestir vita eru Frakkar fremur frjálsgleir í þessum efnun og konur eiga jafnvel tvo ástmenn fyrir utan eiginmanninn. Gjafirnar frá ástmönnum segja náttúrulega til um hversu mikið þeir elska þær, en þegar sambandið slitnar þá er hefð fyrir því að gjafirnar séu allar seldar og þá fara þær í svokallaðar dépôt-vente búðir. Í slíkum verslunum er oft hægt að gera mjög góð kaup á vönduðum fatnaði og vörum, en ég veit sjálf fátt skemmtilegra en að finna fína hluti eftir óhefðbundnum leiðum. Þannig er hægt að vera fín og hafa klassa, án þess að fara á kúpuna um leið.“ segir þessi skemmtilega kona að lokum.

mhg@frettabladid.is

Teygjubelti
kr. 1.990,-

Skart
Hárskraut
Fermingarhárskraut
Ný sending af
Palestínuklútum
- allir litir
á 1.290 kr

SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466



ANDLITSKLÚTAR



Age Defying



Deep Cleansing



Gentle Exfoliating



Herbal Cleansing

Friskandi skrubbandlitsreinsklútar. Klútararnir fjarlægja dauðar húðfrumur og hreinsa húðina án þess að þurka hana. Kjarni úr greipavöxtum frískar upp á húðina og kjarni úr sitrónugrasi tónar og örvar húðina. Klútararnir innihalda einnig B5 próvitamín og kamillukjarna sem gefa húðinni raka og róa hana. Húðsjúkdómafræðilega prófaðar.

Mildir en áhrifaríkir andlitsjúphreinsklútar sem fjarlægja andlitsfarða og eru góðir fyrir húðina. Náttúrulegir ávaxtakjarnar (AHA) djúphreinsa húðina, B5 próvitamín vernda hana og næra og Kamillukjarni róar húðina. Klútararnir innihalda enga olíu og stífla þar af leiðandi ekki svitaholurnar. Ofnæmisprófaðir.

Andlitsreinsklútar sem innihalda sérstaka blöndu af andoxunarefnum til þess að hægja á öldrun húðarinnar: Coensim Q10, beta glucan, vinberjakjarnaolía, kjarni úr grænu te og E vitamín. Sæt möndluolía og B5 próvitamín gefa húðinni raka og vernda hana. Klútararnir eru mildir en áhrifaríkir og henta sérstaklega til hreinsunar á augnfarða.

Andlitsreinsklútar sem innihalda blöndu af lækningajurtum og vitamínunum til þess að hreinsa, fjarlægja farða og vernda húðina. B5 próvitamín verndar og gefur húðinni raka, kamillukjarni róar hana. Húðin verður fersk og heilbrigð útlits. Ofnæmisprófaðir.



Flott í sumar

Ný tæki - Léttari greiðslur

LÉTTARI GREIÐSLUR

SLENDERTONE **FLEX** 4.995.-
á máni í 3 máni - Verð kr. 14.985.-

SLENDERTONE **MAX** 6.665.-
á máni í 3 máni - Verð kr. 19.995.-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Stutt hár og svartar táneglur

Klipping Miu Farrow frá sjöunda áratugnum er vinsæl í Hollywood.

Hollywood-stjörnurnar hafa verið duglegar við að skipta um háralit að undanfögnu. Nýjasta æðið á meðal kvenna í skemmtanaíðnaðinum er að klippa hár sitt stutt og klæðast sixties kjólum í anda Miu Farrow.

Leiknonur á borð við Michelle Williams og Selma Blair hafa þannig látið stytta hár sitt og lita gyllt, svo þær minna ískyggilega mikið á Farrow, sérstaklega eins og hún leit út á sjöunda áratugnum.

Aðrar stjörnur hafa ekki gengið jafn langt í að vilja líkjast frummyndinni, en hafa engu að síður elt þessa tísku, sem fer nú eins og eldur um sínu í Hollywood. Leik-

konan Neve Campbell mætti sem dæmi með stutt hár í rokkuðum stíl til leiks á Film Independent's Spirit Awards 2007.

Fyrir utan breyttan hárstíl, hafa tær stjernanna vakið nokkra athygli því svo virðist sem það sé í tísku að lakka táneglurnar svartar. Drengjakollar og svartlakkðar táneglur eru greinilega málið í dag.

-rve

Flexitol Heel Balm

NÝTT
Fáðu fæturnar mjúkar og fínar á aðeins 2 vikum með nýja

Flexitol

Útsölustaðir: Fótaaðgerðastofurnar og Snýrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Aníta Vestmannaeyjum. Spar þín Verslun Kópavogi, Fjarðarkaup Hafnarfirði og Lipurtá, Lyfja, Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur

Einkamál

Smáauglýsing óskar eftir að komast í samband við góðan auglýsanda. Fyllsta trúnaði heitið. Áhugasamir hafið samband í síma 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

— smáauglýsingar sem allir sjá

Neve Campbell mætir til leiks á Film Independent's Spirit Awards 2007. Takið eftir tánöglunum.

Michelle Williams, sem fékk einróma lof gagnrýnenda fyrir Brokeback Mountain, með Miu Farrow klippingu og í sixties kjól á Film Independent's Spirit Awards 2007.

Selma Blair, sem er yfirleitt með sítt svart hár, birtist með gylltan drengjakoll á tískusýningu Marc Jacobs í London.

Hin undurfríða Mia Farrow í upphafi ferilsins, snemma á sjöunda áratugnum.

Farrow varð tiskudrottning á sjöunda og áttunda áratugnum, sannkallað eftirlæti ljósmyndara um heim allan.

Tilboð í 3 daga

Okkar árlega vortilboð **20%**

Fimmtudag, föstudag og laugardag
Opíð til kl. 16 laugardag

Tösku- og hankabúðin

Stærstatöskuverzlundansin
Skólavörðustíg 7, Rvík, sími 551 5814

Allt skart og hárskraut fyrir ferminguna

Twizzt skart og fylgihlutir
Firði Hafnarfirði og Glæsibæ

Drangey

Flottir leðurjakkar á góðu verði

Drangey

Smáralind, sími 528 8800, www.drangey.is

Nýtt frá Sally

STERKARI OG SVARTARI NEGLUR

Frá Sally Hansen komu nýlega tvær nýjar vörur sem aðdáendur þess merkis ættu að geta tekið fagnandi. Annars vegar er um að ræða svart naglalakk sem heitir Black is Back, og hins vegar nagla-áburðinn Miracle Cure fyrir þær sem eru með viðkvæmar neglur. Svart naglalakk hefur átt töluverðum vinsældum að fagna undanfarin misseri og því keppast virtir framleiðendur við að setja það á markað. Eitt sinn þótti það norna- eða pönkaralegt að mála neglurnar svartar, en í dag má sjá settlegar húsmæður á Seltjarnarnesi með svartmálaðar neglur í anda Goth-tískunnar. Black is Back gefur háglans á neglurnar, endist lengi og hönnun tappans er þannig að mjög auðvelt er að bera lakkið á. Miracle Cure er hentugt fyrir þær sem eru með viðkvæmar neglur, en í því er blanda af próteini og micro-steinefnum sem gera það að verkum að nöglin verður þétt og hættir að rifna. Einnig vinnur það á naglböndum og kemur í veg fyrir þurrk. -mhg



Svartur á leik. Eitt sinn þótti það ógrandi að ganga með svart naglalakk en nú er það komið aftur í tísku..

Viðkvæmar neglur fá næringu úr Miracle Cure frá Sally Hansen.

Ljósukur skemmta sér betur

Victoria Beckham fær sér baðstrandarútlit fyrir Los Angeles.

David og Victoria Beckham eru enn í húsnæðisleit í Los Angeles. Þar vonast þau til að þeim opnist dyr inn í kvikmyndaiðnaðinn. Victoria, sem vekur ávallt athygli hvar sem hún fer fyrir smekkvísi, var miðpunktur athyglinnar þegar hún lét sjá sig með nýja klippingu.

Victoria sem hefur nú verið með dökkt, sitt hár í lengri tíma, hafði látið stytta það og lita ljóst. Hefur hún þar með bæst í ört stækkandi hóp frægra kvenna sem hafa skipt um háralit að undanfögnu. Af öðrum má nefna ljóskurnar Cameron Diaz, Söruh Michelle Gellar og Drew Barrymore sem eru orðnar dökkhærðar og hinar dökkhærðu Selmu Blair og Kelis sem eru orðnar ljóshærðar.

Gagnrýnendur virðast almennt hrifnir af þessu nýjasta uppátæki Victoriu, enda þykir hún bera gott skynbragð á tísku þótt skiptar skoðanir séu kannski um sönghæfileikana. -rve



Victoria Beckham var brún og sælleg að sjá í Los Angeles.



Gallabuxur

MÖRG SNIÐ

Gallabuxur
tískuverslun
Rauðgata 1 Sími 561-5077

OPNUM AFTUR Í KRINGLUNNI EFTIR BREYTINGAR

FULLT AF SKEMMTILEGUM OPNUNAR TILBOÐUM

full búð af nýjum vorvörum opið 10 - 21

du parei!.. au même

Lásgvegur, 17 og Kringlunni
Sími 552-6744 og 588-6750

Handsmíðaða skartið hennar Önnu Maríu

ANNA MARÍA DESIGN
GULLSMÍÐUR

Skólavörðustígur 3
Sími 551 0036
www.annamariadesign.is

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics

NÝTT!!
Plokkari með ljósi



SÖLUSTADIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

Sérverslun með kvensilfur



Margar gerðir af búningasilfri.

Petta er ódýrasta mynstrið. Allt sem þarf á upplutinn, settið frá 90.530, kr.

Allar upplýsingar um hefð og gerðir búninga eru veittar á staðnum.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.



Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Nýtt mekka herratískunnar í hjarta Parísar

Karlmenn eru sífellt mikilvægari viðskiptavinir hvað varðar tískuvörur, undirföt og snyrtivörur. Þrátt fyrir að metrómaðurinn eigi víst að vera dauður hefur hann sett sitt mark á nútímakarlmenn til frambúðar. Það er því í takt við tímann að nýtt 4000 fermetra musterí herratísku opnaði hér í hjarta Parísar í síðustu viku rétt við Ráðhús borgarinnar, í göngufæri frá Chatelet-Les Halles við anddyri Mýrarinnar. Það er eitt elsta magasin borgarinnar, BHV, sem hefur bætt við sig nýju verslunarhúsi bak við hið eldra á Rivoligötu. Hið nýja BHV er langt frá því að vera eins og dæmigerð stórverslun heldur það sem er kallað „concept store“ á fjórum hæðum í anda New York. BHV eyddi 15 milljónum evra í að endurnýja húsnæðið með færustu innanhúsarkitektum og verður huggulegt að sötra kaffi allt árið um kring á upphitaðri verönd og ekki er græni gróðurveggurinn sem Patrick Blanc hefur gert síður áhugaverður. Hjá BHV mátti áður finna í herradeildinni um 60 herramerki en í nýju versluninni verða þau 150.

Það er ekki að ástæðulausu að

hið nýja BHV Homme helgar jarðhæð sína snyrtivörum, fylgihlutum og undirfötum þar sem að auki er hægt að fara í klippingu á staðnum og fá sér andlitssnyrtingu. Á fyrstu hæð er að finna jakkaföt af ýmsum gerðum, skyrtur og bindi fyrir hinn klassíska karlmann. Á annarri hæð eru það helgarföt og sportlegur klæðnaður sem ræður ríkjum. Á þriðju hæðinni eru gallabuxur í öllum útgáfum og litum frá ýmsum merkjum eins og Tommy Hilfiger, Lee Cooper, Jack & Jones (nýtt í París), Calvin Klein og fleirum. Fjórða hæðin sem er helguð hönnuðum sækir innblástur í arkitektúr Le Palais de Tokyo og þar er að finna aðeins finni merki eins og Kenzo, Hugo Boss, D & G svo einhver nöfn séu nefnd.

Einn helsti vaxtarbroddur tísku og snyrtivöruframleiðenda hefur síðustu misseri verið í yörum ætluðum karlmönnum. Árið frá ári margfaldast salan á rakakremum og alls kyns hrukkubönur fyrir karlmenn sem nú eru farnir að eyða líkamshári og kaupa sífellt meira af undirfötum í ýmsum útgáfum. Þó að herrastórverslan



ir séu ekki allveg nýjar af nálinni hér í París, aðeins nokkur ár síðan Printemps opnaði eina slíka nálægt Hausmann-búlvarði, þá er nýja BHV-verslunin af þægilegri stærð þar sem allt er á einum stað og einstaklega vel staðsett. Það er því óhætt að segja að markaðsmenn BHV hafi hitt naglann á höfuðið með opnun þessarar nýju þemaverslunar þar sem allir karlmenn finna rétta stílinn fyrir vorið þegar hitamælirinn hér gælir orðið við 17 gráður.

(BHV Homme, 36 rue de la Verrerie, 75004 Paris, M Hôtel de ville).

bergthor.bjarnason@wanadoo.fr



FUNKY FISH
Fjöldi opnunartíðna



FUNKY FISH

Opnar á Íslandi

Glæsibær sími 517 7709

Teiknimyndir á rassinum

Ódauðleg listaverk Walt Disney rata víða. Þessi skemmtilegu nærföt með myndum af Andrésí Önd fást í versluninni Minervu í Faxafeni. Nærfötin koma frá Walt Disney og eru aðeins ætluð fullorðnum. Sjá www.igma.is.



Saga um Andrés og vini hans á rassinum.

Andlit Andrésar á buxunum að framan.

Ekki er amalegt að hafa Andrés Önd á nærbolnum.



Rita

Eddufell 2. Bæjarlind 6
s.557-1730. s.554-7030

Fermingargjafir frá Marimekko



marimekko®

Laugaveg 56 • Sími 551 7600



Debenhams, Smáralind. Undir kjóll með innbyggðum brjóstahaldara. Heldur við brjóst, maga, mitti, mjaðmir, rass og læri. 5.990 kr.

Debenhams, Smáralind. Háar nærbuxur sem halda við maga og mitti 2.790 kr.

Debenhams, Smáralind. Mittistrokur til að halda við mitti og maga. 2.990 kr.

Aðhaldsundirföt fyrir árshátíðina

Nú þegar tími árshátíðanna er í hámarki þurfa margar konur að huga að rétta klæðnaðinum. Það eru ekki allar konur vaxnar eins og Angelina Jolie en það eru til lausnir á öllum málum.

Ef línurnar eru ekki alveg eins og helst væri óskað má laga þær til með hinum ýmsu ráðum. Hér eru nokkrar tegundir af aðhaldsundirfötum til að móta línurnar og halda við þau svæði sem myndu fara illa undir árshátíðardressinu. - sig



Selena, Síðumúla. Aðhaldssamfella sem heldur við maga og mitti. 8.750 kr. FRÉTTABLAÐID/RÓSA



Selena, Síðumúla. Aðhaldsbuxur sem halda við maga, rass og læri. 4.750 kr.

Selena, Síðumúla. Undirpils sem styður við rass, læri og maga. 4.750 kr.

Selena, Síðumúla. Háar nærbuxur sem veita aðhald fyrir maga og rass 3.600 kr.



Madonna kynnti til sögunnar tiskulínuna M sem kemur í verslanir Hennes og Maurits í lok mars.

Tískulína poppdrottningarinnar

POPPDROTTNINGIN MADONNA HEFUR HANNAÐ EIGIN LÍNU FYRIR H&M. LÍNAN BER HEITIÐ M OG VAR KYNNT TIL SÖGUNNAR Á ALPJÓÐLEGA KVENNADAGINN, 8.MARS SÍÐASTLIÐINN.

Hin eina sanna poppdrottning Madonna hefur löngum rutt brautina fyrir tiskuna og verið eftirlæti allra helstu tiskuhönnuða heims. Hún hefur verið tiskufyrirmynd ungra kvenna, óhrædd við að enduruppötva sjálfa sig. Ætíð skrefi á undan stórum tiskubylgjum.

Í þetta sinn er það Madonna sem klæðir aðra í og hefur gengið til liðs við tiskurisann Hennes og Mauritz sem hönnuður.

Tískulína Madonnu ber nafnið M og er að finna í verslunum H&M þann 22. mars næstkomandi.

Nánari upplýsingar: www.madonna.com og www.hm.com - rh



Anorakkar
Pollagallar
Vindgallar
Úlpur
Vesti
Stígvél

TICKET
TO HEAVEN

ENGLABÖRNIN

Laugavegi 51 • s: 552 2201

KIDS

Kids línan miðar að því að gera þvott skemmtilegan fyrir börn, líflegu útliti og góðum ávaxtailm. Vörurnar eru sérstaklega þróaðar fyrir viðkvæma húð og hár barna.



Kids 2 in 1 Shampoo, Kids Bath & Shower, Kids Conditioner, Kids Shampoo



Fæst í apótekum og verslunum um land allt.



SAND
WOMAN

NEW YORK DUBLIN BERLIN VIENNA ZÜRICH MOSCOW MADRID STOCKHOLM OSLO HELSINKI PARIS LONDON AMSTERDAM COPENHAGEN EDINBURGH REYKJAVIK

SAND WOMAN KRINGLUNNI 553 4141



UNITED COLORS
OF BENETTON.

Smáralind

Miðlæg ryksugukerfi eru tilvalin fyrir stærri heimili og nýbyggingar. Ryksugan er geymd í kjallara eða bílskúr og rörlagnir ásamt innstungu fyrir barkann er að finna í öllum herbergjum. Kerfið er tilvalið fyrir ofnæmis-sjúklinga og þá sem vilja sleppa við rykmökk og fjöltengi í eftirdragi.



Fjölbreyttar og fallegar fermingarmyndir



Svart hvítt og lit - ljósmyndafjónusta
Sími 517-1166 www.svarthvitt.is



Óhefðbundin gluggaskreyting. Þessi bíll reyndist því miður ekki vera til sölu þegar blaðamaður kannaði það.



Hægt er að finna alls kyns öðruvísi hluti í búðinni, eins og þessa kínversku vasa.

W White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL

- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Allt á milli himins og jarðar

Í Góða hirðinum er brjáláð að gera enda fæst þar gott úrval notaðra innanhússmuna á lágu verði.

Löng biðröð hefur myndast fyrir utan Góða hirðirinn rétt fyrir hádegi þegar blaðamann og ljósmyndara ber að garði. Sumir hafa beðið í háltíma eftir því að verslunin verði opnuð. Ný vörusending er komin og enginn vill missa af neinu.

Það er engin leið að komast að dyrunum fyrir fólki, svo ekki er annað í stöðunni en að læðast bakdyramegin, þar sem starfsmenn eru önnur kafnir við að raða vörum í hillur og gera allt klárt áður en búðin er opnuð.

Verslunarstjórinn segir okkur að hafa hraðann á áður en hol-

skeflan ríður yfir búðinna. Annars verði ekki mikið eftir fyrir okkur að mynda. Það reynist hverju orði sannara.

Ljósmyndari hefur ekki fyrr smellt af nokkrum myndum en dyrnar eru opnaðar og í einni svip-hendingu fyllist verslunin af fólki, sem lætur greipar sópa. Verslunarstjóranum líst ekki á blikuna og biður það vinsamlegast um að sýna aðgát.

Nokkrir kunnanna, greinilega alvanir, fylla kerrurnar sínar á örskotstíma. Starfsfólkið hefur ekki undan við að afgreiða stytur, lampa svo stóla svo fátt eitt sé nefnt. Svitinn bogar af einum starfskraftinum.

Þetta er þó aðeins upphafið að dæmigerðum degi í Góða hirðinum, þar sem hægt er að finna allt á milli himins og jarðar.



Barnastóll að hætti í 8. áratugarins.



Þessi græni stóll er tilvalinn til að lífga upp á heimilið.



Hver man ekki eftir He-Man, öðru nafni Garpi, og félögum? Hér er einn erkióvina hans, Beastman eða Dýri, kominn í gluggann á versluninni.



Þessir litskrúðugu tekatlar voru á meðal þess sem var nýkomið í hillur þegar titið var við í versluninni.



Gamalt útvarp sem myndi sóma sér vel inni á hvaða heimili sem er.



www.hljomaroglist.com

Fiðlur eftir margverðlaunaðan fiðlusmið
Jan Pawlikowsky kynningarverð kr: 350.000

Stradivarius **model** kynningarverð kr: 550.000

Selló náttúruþurrkaður viður yfir 15 ár verð kr: 140.000

Kontrabassar - náttúruþurrkaður viður
yfir 15 ár kr: 235.000

Skólafiðlur verð kr: 15.500.-

Þverflautur - Klarinett - Trompett



Skipholt 29A Sími 511-5151 / 661-4153

PÓLÝHÚÐUM

Innihurðir, innréttingar, veggklæðningar, húsgögn o.fl., glært, hvítt og allir litir Matt, glans eða háglans, einnig Textur, Marmari, Flauel og margskonar annað „SPECIAL EFFECTS“

** EINNIG EFNISALA TIL ANNARRA **

STIGAR

og handrið, allar mögulegar gerðir Sjá t.d. ný teikniforrit og verð á www.timberman.dk - Tegn trappen

Mex - byggingavörur
Lynghálsi 3 Sími 567 1300 & 848 3215
www.byggingavorur.com



Bláu nuddtækni eru nú farin að skjóta aftur upp kollinum.



Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM ALLAN GRÓÐUR HEIMILANNA

Gamlir vinir og Móna Lavender

Öllum pottaplöntuvinum er annt um að þekkja nöfnin á plöntunum sínum. Um það má segja, svona yfirfært úr ljóði Tómasar Guðmundssonar, „að plöntur væru lítills virði ef þær hétu ekki neitt“. En fyrir svo sem ári fékk ég lítinn græðling af plöntu hjá henni Ingibjörgu í Hveragerði. Sjálf hafði hún fengið plöntuna hjá Braga í Eden. Þetta er ansi státtin planta með holdmiklum, grænglansandi, ögn hærðum blöðum sem eru purpuraraut á neðra borði. Blöðin eru gagnstæð og í löguninni minna þau nokkuð á birkilauf. Blómin koma mörg saman ljósfjólublá og mjóþípulaga á löngum blómspírurum. Það leyndi sér ekki að þarna var á ferðinni einn fulltrúi Varablómaættarinnar. En sá böggull fylgdi skammrifi að enginn vissi önnur deili á þessum jarðargróða en þau, að Bragi heitinn hafði klipjið sér græðling af plöntunni þar sem hann rakst á hana í plöntukeri suður í Kaíró og haft með sér heim sem minjagrip og kallaði hana svo bara „Kleópötru“ þegar græðlingurinn fór að vaxa í gróðurhúsinu hans.

Plectranthus ‚Mona Lavender‘

Þegar ég fór að grúska í því hvaða plöntuættkvísl þessi gersemi gæti nú tilheyrt, festist ég fljótlega við ættkvíslina Plectranthus, sem er afar tegundarík og fjölbreytt og á marga fulltrúa í heimi skrautjurtanna. En ég fann hvergi neitt sem gat bent á ákveðna tegund. Svo var það fyrir nokkrum dögum að ég rakst á suður-afríska garðyrkjuvefsíðu. Og viti menn, þar var þessi vinkona okkar kynnt í máli og myndum svo að af tók allan vafa. Upplýsingarnar voru þær, að þetta væri blendingstegund, fengin fram með margvixluðum samfrjóvgunum milli nokkurra tegunda ættkvíslarinnar í grasagarðinum í Kirstenbosch fyrir svo sem tíu til tólf árum. Þaðan

hefur henni svo verið dreift um heiminn sem afar duglegri og blómsælli skrautjurt og hún seld með einkaleyfi grasagarðsins undir heitinu „Plectranthus ‚Mona Lavender‘“ og hefur hvarvetna slegið í gegn og orðið einskonar tískujurt síðustu ára og mikið notuð í skrautplantanir utanhúss hvar sem milt veðurfar leyfir. Grasagarðurinn suður-afríski nýtur góðs af, því nokkrir aurar renna til hans af andvirði hverrar plöntu sem seld er. En Móna Lavender er fyrir okkur hér á norðurlóðum afar snotur, frísk og kröftug pottaplanta sem þrífst bæði í sól sem hálfskugga og blómgast lofnarblómsbláum blómspírurum lungann úr sumrinu. Ræktunin er afar auðveld. Það eina sem þarf að gæta að er aðhaldssemi í áburðargjöf og hófleg vökvun.

Hengimörlurt og nóvemberljós

Frá fornu fari hafa margar tegundir af þessari sömu ættkvísl verið vinsælar pottaplöntur á íslenskum heimilum. Til að nefna tvær þær algengustu má minnast á hengimörlurtina (Plectranthus verticillatus) með fagurgræn og hárlaus, ávöl blöð og flatþybbið vaxtarlag. Hún er eiginlega frægust fyrir það að hafa prýtt arinhilla „sporöskjustofunnar“ – The Oval Office, hina opinberu skrifstofu bandaríkjaforsetanna í Hvítahúsinu í Washington DC alla daga frá forsetatíð Johns F. Kennedy. Og er þar undir málverki af sjálfum George Washington. Þeirri hefð verður ekki breytt, að sögn, og fyrir vikið mun hengimörlurtin, sem á ensku heitir „Swedish ivy“, vera sú pottaplanta sem flestar blaðaljósmyndir hafa verið teknar af síðustu áratuginum. Hin tegundin er svo Plectranthus oertendahlii sem hefur verið nefnd nóvemberljós hér á Norðurlöndum vegna þess hve blómgunartíminn er seint á haustin. Nóvemberljósið hefur



Móna Lavender

breiðtungulaga, silkihærð blöð með skrautlegu ædamynstri. Af því eru til nokkrar gerðir með mismunandi blaðmynstrum og blaðlit. Vaxtarlagið er flatt og breitt. En blómgunin á haustin er glæsileg þegar stórar, hvítar blómspírur standa eins og flugeldasýning upp af plöntunum. Þessar tegundir fást af og til í blómabúðunum og eru reyndar báðar afar viljugar að koma til af græðlingum frá nágrönnum og vinnafólki. Og þær hafa næstum takmarkalaus þolinmæði gagnvart vanrækslu og gleymsku, þótt vitaskuld verði þær snotrastar þar sem þær fá verðskuldaða eftirtekt. Hófleg vökvun og dauf áburðargjöf af og til um vaxtartímann er allt sem þær biðja um.



Gyllt smáblóm til að dreifa yfir borð. Pakkinn er á 2.180 kr. í Unika.

Gyllt brúðkaup

Gyllt NÝTUR VINSÆLDA.

Gullið hefur slegið eign sinni á heimilin en undanfarið hafa gylltar flíkur verið mjög vinsælar. Gylltur er fallegur og munúðarfullur litur sem hentar vel við ýmis tækifæri og væri sérstaklega fallegur í brúðkaup. Í Unika í Faxafeni er hægt að finna heilmargt í brúðkaupsveisluna og þar á meðal mikið af gylltum munum sem hægt er að nýta til borðskreytinga.



Fallegt myndaalbúm með gylltri áferð á 5.980 kr. í Unika.



Gylltar og bronslitaðar serviettur frá Unika á 890 kr. pakkinn.



www.nettoline.com



Við þökkum góðar móttökur við tilboði okkar sem við framlengjum nú til 20. mars. Nýttu þér tækifærið, því við framlengjum ekki aftur.

nettoline
AUFVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT

Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins

20% Afsláttur af öllum innréttingum til 20. mars.

Eldhúsinréttingar · Baðinnréttingar · Þvottahússinnréttingar · Fataskápar með venjulegum- og rennihurðum

Innréttingatilboð sem þú mátt ekki missa af!

20% afsláttur af öllum Nettoline innréttingum til 20. mars.

Þitt er valið!

Þú velur um að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnunni við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska - fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.

Við hönnum og teiknum fyrir þig!

Komdu með málín af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherbergjunum - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.

20% afsláttur af raftækjum!

Á tilboðsdögum veitum við a.m.k. 20% afslátt af ELBA og Snaigé raftækjum, þegar þau eru keypt með eldhúsinréttingu.



Eldavélar

Ofnar

Helluborð

Viftur & háfar

Uppþvottavélar

Snaigé Kæli- og frystiskápar

Westinghouse



Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

Velkominn í Friform, þar sem þú færð meira fyrir peningana

Virka daga kl. 9-18
Laugardaga kl. 10-16

Nautaskinnshúðir og nautaskinnsgólfmottur í miklu úrvali.



Sníðum eftir máli. Rúmteppi, púðar, sessur og margt fleira.

Skoðið málið á 4you.is



www.4you.is - 4you@4you.is - 564 2030 - 690 2020

LAGERSALA

Í LAGERHÚSNÆÐINU HOLTAGÖRÐUM (Sjá kort) STENDUR TIL 18. MARS.



ÚTLITSGALLAÐAR VÖRUR OG SÝNISHORN ÚR VERSLUN EINNIG MIKIÐ ÚRVAL AF VÖRUM SEM ERU AÐ HÆTTA Í SÖLU
DPIÐ: MÁNUÐAG - FÖSTUDAG KL. 12-18, LAUGARDAG KL. 10-16, SUNNUDAG KL. 12-16



SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS



BoConcept. 149.697 kr.



BoConcept. 53.167 kr.



BoConcept. 70.383 kr.



Local. 55.000 kr.

Allt á sínum stað

Sjónvarpsskenkar geta bæði verið fallegir og nytsamlegir.

Síðustu ár hefur sjónvarpstækninni fleygt fram og fáir eru ennþá með lítill og þen sjónvörp á heimilum sínum. Auk stórra sjónvarpa eiga líka flestir vídeótæki, myndspilara, leikjatölvur og fjölda mynda og leikja sem allt þarf sitt pláss. Fallegir sjónvarpsskenkar geta því komið sér vel í stofunni eða sjónvarpsherberginu því gott er að geta komið öllu fyrir á einum stað. - eó



Local. 55.000 kr.

Fullt hús hjá Fönix!




Gram kælikápana þekkja allir Íslendingar. Gram stendur fyrir glæsileika, gæði og tímalausa hönnun.

Gram er gæðamerki sem uppfyllir kröfur þínar í dag og til framtíðar. Um áratuga skeið hefur Gram þróað gæðavörur fyrir íslensk eldhús. Þú getur fengið Gram kælikápana úr áli, ryðfríu stáli eða hvíta, frístandandi eða innbyggða.



ESPAIRINN AUGUST SINGARDOFA



ASKO D3250FI uppbyggð vél er "Best i test 2005" að mati dönsku neytendasamtakanna. Eftirfarandi eiginleikar voru athugaðir:

- Þvottahæfni Vatnsnotkun
- Þurrkhæfni Hljóðstyrkur
- Orkunýting Þvottatími



- Nilfisk ryksugurnar þekkja allir enda hafa þær þjónað Íslendingum í yfir 70 ár.
- Nilfisk ryksugurnar eru sérlega hljóðlátar.
- Þær eru búnar fullkomnu síunarkerfi sem fangar ofnæmiskvaka.
- Þær eru sterkbygðar og léttar og búa yfir miklum sogkrafti.
- Komdu í Fönix og sjáðu úrvalið og gæðin með eigin augum.



Fimm ráð

TIL AÐ FRÍSKA UPP Á HEIMILIÐ.

- Skiptið um höldur á skúffum og skápahurðum. Setur nýjan og ferskan svip á hvaða herbergi sem er í húsinu.
- Notið litrík og falleg viskustykki sem smekk við matarborðið í staðinn fyrir að nota hvítar munnþurrkur. Setur lit á matarborðið.
- Setjið viðarskál á matarborðið og fyllið hana með litríkum og vel þroskuðum ávöxtum, t.d. sítrónum og grænum eplum.
- Setjið myndir í nýja ramma. Gamlar myndir verða ekki eins gamaldags þegar búið er að endurnýja rammann.
- Notaðu pottaplöntur til að lífga upp á gluggakistuna. Á þessum árstíma er mikið af blómstrandi plöntum sem lífga upp á heimilið.

Líttu við í Fönix og skoðuðu úrvalið!



- fyrsta flokks. Stór orð sem reynslan réttlætir.

Til hamingju með daginn

Flestir krakkar bíða allt árið eftir afmælisdeginum sínum og hafa ýmsar hugmyndir um hvernig veislan á að vera. Oft eru þær í veglegri kantinum og þurfa foreldrarnir stundum að koma með tillögur að lausnum sem gætu gengið og setja fjölskylduna ekki á hausinn. Hér erum við með nokkra vel valda hluti úr Tiger sem gætu vakið lukku í afmælisveislunni og kostuðu þeir allir einungis um 200 krónur. *-hs*

Þessi bleiki veisludiskur er úr plasti og þolir því að verða fyrir smá hnjaski. Það getur komið sér vel í allra fjöregustu partíunum.



Nóg er til af flottum sérvíttum og hér eru komnar tvær skrautlegar.

Í Tiger fæst kassi með 200 röfum í öllum regnbogans litum. Tússlitrir geta komið sér vel þegar útbúa þarf hluti í partið eins og til dæmis nafnspjöld, skreytta dúka, boðskort og fleira.



TE & KAFFI

Kaffið frá Te & Kaffi

Þú finnur kaffi við þitt hæfi frá Te & Kaffi í verslunum um land allt.



stundin
bragðið
stemningin

ROYAL


IQ-CARE

HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR

Þrýstijöfnun er lykilorðið

Ein besta heilsudýna í heimi

Fermingartilboð




iq-care.com



PAKKATILBOÐ
Dýnuhlíf, lak og pífa
30% afsláttur

Ný sending
af sængurverasettum
140x200 cm
140x220 cm
200x200 cm
200x220 cm



IQ-CARE heilsudýnur
1 gámur á sérverði
frá framleiðanda.
Verð á 120 cm rúmunum
kr. 89.900,-
Fyrstur kemur fyrstur fær



Erum með
IQ-CARE heilsudýnur
Visco X heilsudýnur
Beauty Sleep
Healthy Box
Verð á 120 cm rúmunum
frá kr. 34.900,-



**Veljum góðar heilsudýnur
fyrir vaxandi fólk!**



SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI



Svefn & heilsa
★★★★★

AKUREYRI



EGILL ÞORSTEINSSON KIRÓPRAKTOR



Svefn & heilsa
★★★★★

REYKJAVÍK

Lifthúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-22

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA
UM HELGAR

8-18
11-16

INGVAR HELGASON NOTAÐIR BÍLAR

Mikið úrval af notuðum bílum á ótrúlegu verði. Littu við og gerðu góð kaup.

Snyrtilegan eiganda og enga
glanna fyrir mig, takk!



ALLT AÐ 100% LÁNI!

Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 Keflavík Sími 421 8808 Akureyri Sími 464 7940 www.ih.is



SL379 Nissan Almera Comfort, nýskr. 02/03, bs. Ek.67.þús.km. Verð 1.050.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



YZ285 Volkswagen Polo, nýskr. 03/99, bs. Ek. 125.þús.km. Verð 470.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



UM046 Hyundai Getz, nýskr. 03/05, bs. Ek.16.þús.km. Verð 1.170.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



TV125 Opel Astra 1.6GL, nýskr. 10/03, bs. Ek.56.þús.km. Verð 1.220.000. Tilboð 1.070.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



LK217 Opel Astra 1.6GL nýskr. 10/03, ssk. Ek.47.þús.km. Verð 1.080.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



RF155 Nissan Patrol Elegance 35" nýskr. 04/05, ssk. Ek.58.þús.km. Verð 4.660.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



ZG900 Nissan Terrano Sport nýskr. 06/02, bs. Ek.112.þús.km. Verð 1.520.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



IM956 Nissan Micra Visia, nýskr. 01/04, bs. Ek.71.þús.km. Verð 1.130.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



VZ386 Ford Escape, nýskr. 10/04, ssk. Ek.40.þús.km. Verð 2.460.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



OI216 Nissan Double Cab E, nýskr. 09/04, bs. Ek.47.þús.km. Verð 2.290.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



JO48 Isuzu Trooper 3.0 35" nýskr.03/01 ssk. Ek.147.þús.km. Verð 1.780.000. Tilboð 1.480.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



RA291 Daewoo Musso 32", nýskr. 10/00, bs. Ek.108.þús.km. Verð 1.180.000. Tilboð 680.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



TF437 Nissan Patrol Luxury, nýskr. 10/04, ssk. Ek.78.þús.km. Verð 3.570.000. Tilboð 3.270.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



NB910 Chevrolet Trailblazer LT, nýskr. 09/04, ssk. Ek.48.þús.km. Verð 3.380.000. Tilboð 2.980.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



PM823 Opel Zafira Comfort, nýskr. 05/00, bs. Ek.99.þús.km. Verð 870.000. Tilboð 580.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



KN150 Volvo S60T5 Turbo, nýskr. 04/03, ssk. Ek.58.þús.km. Verð 2.930.000. Tilboð 2.490.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



KO126 Opel Zafira Comfort, nýskr. 09/03, bs. Ek.61.þús.km. Verð 1.440.000. Tilboð 1.170.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



SE434 Citroen C3, nýskr. 04/06, ssk. Ek.6.þús.km. Verð 1.650.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



VR389 Mercedes Benz E240, nýskr. 12/98, ssk. Ek.115.þús.km. Verð 1.550.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



OX519 Opel Astra 1.6GL ENJOY, nýskr. 08/05, bs. Ek.17.þús.km. Verð 1.660.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



OX332 Opel Astra 1.4GL, nýskr. 11/05, bs. Ek.19.þús.km. Verð 1.550.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



BY377 Hyundai Tuscon, nýskr. 08/05, ssk. Ek.18.þús.km. Verð 2.880.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



RG316 Nissan Patrol Elegance 35", nýskr. 11/05, ssk. Ek.18.þús.km. Verð 4.760.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



UN589 Opel Meriva EA, nýskr. 11/04, ssk./bs. Ek.37.þús.km. Verð 1.430.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



LH454 Nissan Pathfinder LE IT nýskr. 12/05 ssk. Ek. 12 þús. km. Verð 4.980.000. Tilboð 4.640.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.



ára og jókst um rúm 16% að meðaltali á hvert mannsbarn á aðeins tveimur árum eftir að rannsókninni lauk 2003 og nota Íslendingar áfram mest allra Norðurlandþjóða af sýklalyfjum. Sýklalyfjaónæmi er að sama skapi meira hér á landi og þurfa t.d. 3-5 börn að leggjast inn til sýklalyfjameðferðar með sterku sýklalyfjumum í æð á Barnaspítala LSH að meðaltali í hverjum mánuði vegna sýkinga sem þessar bakteríur valda.

Mikilvægt er að reyna að snúa þessari þróun við. Grein um efnið er birt á heimasíðu Heilsugæsl-

unnar, Ofnotkun sýklalyfja og heilsa ísl. barna. Doktorsritgerð höfundar um efnið má nálgast á <http://www.laeknadeild.hi.is/page/rit>

Sýklalyfjaónæmi er ein af alvarlegustu heilbrigðisöngnum framtíðar að mati Alþjóðlegu heilbrigðisstofnunarinnar (WHO). Aðal skilaboð stofnunarinnar eru að draga verulega úr sýklalyfjanotkuninni sem oft er óþörf eins og rannsóknir hérlandis og erlendis sýna. Aðalvandinn á Íslandi, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, er að foreldrar kjósa oft frekar að sækja skyndiþjónustu fyrir börnin sín, oftast vegna eyrnabólgu tengt kvefi og veirusýkingum, í stað þess að leita til „eigin“ lækni, sem getur ákveðið að fylgja málum eftir og endurmetið sýkingarástandið í stað þess að skrifa á ótímabærar sýklalyfjaávísanir. Afleiðingar eru hins vegar slæmar þegar til lengi tíma er litið, hratt vakandi ónæmi sýkla þannig að stöðugt verður erfiðara að treysta

Þótt furðulegt megi teljast glemist þessi umræða ævinlega þegar rætt er um lýðheilsu barna almennt en börnin nota hlut-

fallslega mest af sýklalyfjum. Sýklalyfjaónæmi er ein af alvarlegustu heilbrigðisöngnum framtíðar að mati Alþjóðlegu heilbrigðisstofnunarinnar (WHO). Aðal skilaboð stofnunarinnar eru að draga verulega úr sýklalyfjanotkuninni sem oft er óþörf eins og rannsóknir hérlandis og erlendis sýna. Aðalvandinn á Íslandi, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, er að foreldrar kjósa oft frekar að sækja skyndiþjónustu fyrir börnin sín, oftast vegna eyrnabólgu tengt kvefi og veirusýkingum, í stað þess að leita til „eigin“ lækni, sem getur ákveðið að fylgja málum eftir og endurmetið sýkingarástandið í stað þess að skrifa á ótímabærar sýklalyfjaávísanir. Afleiðingar eru hins vegar slæmar þegar til lengi tíma er litið, hratt vakandi ónæmi sýkla þannig að stöðugt verður erfiðara að treysta

á örugga sýklalyfjameðferð við alvarlegri sýkingum, meiri líkur á endurteknum sýkingum eins og miðeyrnabólgu og þá meiri notkun hljóðhimnuröra eins og sást í ísl. rannsókninni.

Eins og staðan er í dag er ekki endilega spurt hvað börnunum henti best í þessu sambandi heldur stuðlar „kerfið“ meira að því að foreldrar þurfi ekki að fá frá vinnu á daginn til að sækja læknihjálpi fyrir börnin og að foreldrar þurfi ekki að taka sér frí næstu daga vegna veikinda barnanna þar sem sýklalyfin eru oft látin duga sem einhvers konar „gæðatrygging“ fyrir batanum. Hagur barna í þessu ljósi er sérstaklega athyglisverður þar sem börnin og foreldrar þeirra eiga sér engan ákveðinn málsvara.

Höfundur er læknir.

Vinstri fyrir velferð

UMRÆÐAN

Stjórnsmál

Stjórnsmálaflokkar á Íslandi hafa sem mest þeir mega þvegið af sér „vinstri“ í áherslum sínum. Við vinstri græn berum það hins vegar stolt og finnum mikinn meðbyr með okkar málstað. Fólk finnur að hugsjónir um róttækar aðgerðir til betra lífs eiga samleið með okkur. Æ fleiri velja græna lit umhverfisins sem er samofinn vinstriinu í VG, og félagslegt réttlæti og jöfnuð sem er samofni náttúruvernd og sjálfbærri þróun.

Við lifum á undarlegum tímum þar sem öllu er snúið á haus. Ríkisstjórn stærsta flokks landsins stendur í úreltum forsjárhyggju- og stóriðjuframkvæmdum. Á sama tíma hefur „miðjan“ svokallaða færst svo langt til hægri að hið pólitíska landslag er vart þekktanlegt frá því sem var. Á slíkri stundu er mikilvægt að vera með öflugan innri áttavita og skýrt gildismat. Í heimi fákeppni þar sem alþjóðlegar risasamsteypur og auðhringir blasa við sem hið nýja alræðisvald er það helsta von okkar venjulegs fólks að krefjast virkara lýðræðis og betra velferðarsamfélags – samfélags þar



GUÐFRÍÐUR LILJA GRÉTARSDÓTTIR

sem við fólkið í landinu veljum, höfum áhrif og ráðum för.

Vinstrið í græna litnum er ákall um breytt verðmætamat. Við stöndum fyrir sterkt og heilbriggt velferðarsamfélag þar sem allir fá að lifa með reisu, sjálfstæði og virðingu á eigin forsendum. Við viljum eitt samfélag fyrir alla þar sem fatlaðir sem ófatlaðir, sjúkir sem heilbrigðir, aldraðir sem ungir, konur sem karlar, gagnkynhneigðir sem samkynhneigðir, innflytjendur sem innfæddir – allir um landið allt, án undantekninga – taka virkan þátt í samfélaginu á grundvelli jafnræðis. Við stöndum fyrir sýklalausa kröfu um að hækka laun hinna lægst launuðu. Við stöndum fyrir breytt verðmætamat þar sem fólk sem sinnir öldruðum, fötlum, börnum og sjúkum fær góð og hvetjandi lífskjör. Við stöndum fyrir útrýmingu á launamun kynjanna og krefjumst jafna valda og áhrifa kvenna sem karla. Við stöndum fyrir friðarstefnu þar sem Ísland er strokað út af lista viljugra áráðarþjóða. Við stöndum fyrir

fjölbreytt atvinnulíf þar sem lítil og meðalstór fyrirtæki fá að blómstra og firrt stóriðjustefna jafnt sem fákeppni risasamsteypna vikur. Við stöndum fyrir skapandi og fjölbætt menntakerfi fyrir alla og metnaðarfullt heilbrigðiskerfi með einstaklingsmiðaðri þjónustu.

Vinstrið okkar stendur fyrir velferð þar sem fólk og umhverfi er í fyrirrúmi – og ekki allt er falt. Skýr sýn til framtíðar malar landslag velferðarsamfélags sem byggir á sjálfbærri þróun og sátt við náttúruna. Ef slíkt samfélag á að verða að veruleika verða skammtimahagsmunir, neysluhyggja og gróðafíkn að víkja fyrir varðveislu lífsgæða, fjölbreytileika og náttúruvernd. Félaglegt réttlæti, jöfnuð, kvenfrlsi, fjölbreytt atvinnulíf, blómleg byggð, róttæk umhverfisvernd og sjálfbær þróun er það sem koma skal. Það er aðkallandi réttlætmál í öfgafullum heimi hægri „miðjunnar“ (svokölluðu) að beygja til vinstri út í græna reitinn. Tími breytinga er kominn og stund annars konar verðmætamat á Íslandi er runnin upp. Ég hlakka til.

Höfundur skipar 2. sæti Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs í Suðvesturkjördæmi.

Fátækt í allsnægtum?

UMRÆÐAN

Fátækt

Félagsfræðingafélag Íslands stendur fyrir málþingi um fátækt í íslensku samfélagi á Grand Hótelu 15. mars næstkomandi kl. 8.30. Umræða um fátækt á Íslandi á síðustu mánuðum hefur einkum snúist um hagstærðir og mælingaaðferðir. Á málþinginu verður hins vegar dreginn fram í sviðsljósið veruleiki þess fólks sem býr við fátækt og skort og kynntar niðurstöður rannsókna hvað slíkar aðstæður leiða af sér í íslensku samfélagi.

Fátækt á Íslandi – er hún til staðar?

Niðurstöður rannsókna hafa sýnt að til lengri tíma litið hefur 10% þjóðarinnar búið við kjör og aðstæður sem eru undir skilgreindum fátæktarmörkum. Þá hefur tekjuskipting aukist jafnt og þétt á síðustu árum. Hópar sem eru í hættu á að lenda í fátækt eru lífeyrisþegar og lágláunafólk á vinnumarkaði. Börn eru mjög viðkvæm fyrir fátækt og afleiðingum hennar og það er staðreynd að mörg börn búa við knöpp kjör og fátækt. Konur eru í meiri hættu á að lenda í fátækt og einstæðir foreldrar eru að stórum hluta lágláunakonur og í verulegri hættu á að lenda í fátækt. Þá eru einhleypir karlar margir illa settir.

Niðurstöður rannsókna á Fátækt á Íslandi (sjá Hörpu Njáls, 2003 og allt til 2006) sýna að lágmarkslaun og lífeyrisgreiðslur duga ekki fyrir brýnustu framfærslu. Afleiðingar fátæktar eru minni félagsleg þátttaka bæði fullorðinna og barna, lélegra mataræði, verri næring, sem leiðir til verri heilsufars og afleiðingar fátæktar koma hvað harðast niður á börnum.

Um þessar staðreyndir verður fjallað á málþinginu, þar sem fimm félagsfræðingar, öll með framhaldsmenntun, munu halda erindi um fátækt í allsnægtarsamfélagi.

Um hvað verður fjallað?

Í fyrsta erindinu „Fátækt á Íslandi?“ mun Snorri Örn Árnason, sérfræðingur hjá Capacent Gallup, kynna niðurstöður nýrrar könnunar Gallup. Yfirskrift erindis Hörpu Njáls er „Fátækt kvenna og barna“. Harpa fjallar m.a. um hvernig fátækt leiðir til andlegs álags, félsubrests og óhamingju. Að lifa við stöðugan skort veldur miklu andlegu álagi og auðmýkingu, leiðir til skertrar sjálfsvirðingar og sorgar og niðurbrots á andlegu og líkamlegu heilsufari bæði hjá fullorðnum og börnum.

„Karlar í vanda“ er yfirskrift erindis Guðnýjar Hildar Magnúsdóttur, félagsráðgjafa hjá Þjónustumiðstöð Vesturbæjar.



HARPA NJÁLSDÓTTIR



STEFÁN HRAFN JÓNSSON

Þar kemur m.a. fram að stærsti hópurinn sem þiggur fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg eru einhleypir karlar. Guðný setur fram sýn sína á lagskiptingu samfélagsins þar sem karlar eru í meirihluta bæði í efstu og neðstu lögum. Erindið fjallar um karla í neðsta laginu. Stefán Hrafn Jónsson fjallar um „Fátæk börn og heilsusamlega lífshætti“. Erindi Stefáns byggir á íslenskum hluta fjölþjóðlegrar rannsóknar á heilsu og lífskjörum skólánema sem er samstarfsverkefni Lýðheilsustöðvar og Háskólans á Akureyri. Niðurstöður benda til þess að börn sem búa við fátækt hér á landi telja heilsu sína verri en önnur börn, þau hreyfa sig minna, borða sjaldnar hollan mat og fara sjaldnar til tannlækni en börn úr efnameiri fjölskyldum.

Að lokum flytur Jón Gunnar Bernburg, lektor við HÍ, erindi: „Fátækt, vanlíðan og frávikshæðun íslenskra ungmenna“. Erindið er byggt á könnun frá árinu 2006 (Jón Gunnar Bernburg, Þórólfur Þórlindsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir). Niðurstöður benda til að upplifun unglunga á efnahagslegum skorti á heimili sínu sé áhættuþáttur fyrir fjölmargar neikvæðar útkomur þ.á.m. reiði, deyrð og afbrota- og áhættuþæðun. Í erindinu verður rætt um hugsanlegar skýringar á þessum niðurstöðum.

Fundarstjóri er Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, dósent við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

Með þessu framlagi vill Félagssfræðingafélag Íslands dýpka umræðu um fátækt á Íslandi og veruleika hinna fátæku. Það er umhugsunarefni hvaða áhrif knöpp kjör og fátækt hefur á þjóðfélagsþróun og setur jafnframt mark sitt á íslenskt samfélag.

Hvar – hverjir – hvernig?

Málþingið verður á Grand hótelu og hefst kl. 8.00. Aðgangseyrir er 1.500 krónur og innifalið morgunverðarhlaðborð. Málþingið er öllum opið meðan húsrúm leyfir. Frekari upplýsingar um dagskrá málþingsins má finna á slóðinni www.felagsfraedingar.is.

Höfundur er í forsvari fyrir fræðslu- og málþinganefnd Félagssfræðingafélags Íslands. Harpa Njáls er í doktorsnámi við Háskóla Íslands. Stefán Hrafn Jónsson starfar á Lýðheilsustöð.

KVEF?



NEFÚÐI

HÁLSTÖFLUR

VERKJALYF

FRUNSUKEM

Það er engin ástæða til að láta sér líða illa. Komdu og fáðu ráðgjöf hjá okkur.

Lyf & heilsa
Við hlustum!

Vectavir krem er áhrifamikill lyf til meðferðar á frunsi af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frununnar frá stingi eða aðbasláttar til blöðru. Vectavir er virka efnið penicilóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er zello fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berio Vectavir á frunsi á 2 klst fresti í 4 daga. Berio á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofrenslu, kvefi eða influensu eða í mikilli sóli (t.d. á skóðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ónæmi fyrir penicilóvír, famkildóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsi hraðar, verkir minnka og smittimi stytst. Vectavir kremið 2 g fest á lyfseðis. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Otrivin netföndur og netdröpmir innihalda xylometasólín sem vinnur gegn bólu, netstíflu og slimmyndun vegna kvefs og bráðrar bólu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. erlingu í slímhöð og sviðalíflingum. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varió: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhöð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ónæmi fyrir xylometasólín ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Strepsils töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafli látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ónæmislik viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsgöflur, sem eru í hentugum þynnapökkningum. Hverri pökkningu fylgja víðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Voltaren Dolo (diklófenakalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannþínu og tíðþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til lækni. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugamarsár eða skerta líffræðisástand ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetylsalísýlu, líþurpen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitð ráða læknis eða lyfjafraeðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

▶ FLÖT UNITED SJÓNVARP


UNITED

LTV27W63

27" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1280x720 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 900:1 skerpu, 2x6w Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, CVBS og heymartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

TILBOÐ ▶ 89.990

FULLT VERÐ kr. 109.990



12 VOLT
220 VOLT

UNITED LTV15L52

ÖRPUNNT
LCD

15" LCD Sjónvarp með Digital Comb filter, 8w stereo hljóðkerfi, Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heymartólstengi og VGA tengi. Er bæði fyrir 12 og 220V.

TILBOÐ ▶ 34.990

FULLT VERÐ kr. 39.990



ÖRPUNNT
LCD

UNITED LTV20L63

20" LCD SJÓNVARP með fjölkerfa móttakara, 640x480 punkta upplausn, skerpa: 500:1, sjónsvið: (H/V) 160x140, birtustig: 450cd/m2, stereo hljóðkerfi, 2 Scart með RGB, AV og SVHS inn og Scart og heymartól út, PC-inn, textavarpi, borðstandi og fjarstýringu.

TILBOÐ ▶ 49.990

FULLT VERÐ kr. 69.990



UNITED LTV32W63

32" LCD HD Ready BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi. Passar fyrir VESA200 veggfestingar (fylgir ekki).

TILBOÐ ▶ 99.990

FULLT VERÐ kr. 119.990




UNITED LTV37W63

37" LCD HD Ready BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, 30w Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi.

TILBOÐ ▶ 149.990

FULLT VERÐ kr. 199.990



UNITED PTV42W63

42" PLASMA BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1024x1024 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 3.000:1 skerpu, 2x10w Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi, VGA tengi (styður XGA) og textavarpi.

TILBOÐ ▶ 159.990

FULLT VERÐ kr. 199.990



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsjón, Akranesi. Samkaup, Borganesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangnesi. Póllinn, Ísafirði. NORÐURLAND: Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húsnæðing, Hvammstanga, Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki. Heilmilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsvík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kaupún, Vognafríði. KF Héraðsbúá, Seyðisfirði. Tumbraður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martólvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossweg, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Rafagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.



Ástkær kona mín, dóttir, móðir, tengdamóðir, amma, tengdadóttir, systir og mágkona,

Kristín Guðmundsdóttir

andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi aðfaranótt sunnudagsins 11. mars sl. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 16. mars kl. 11.

Rudolf Ólafsson
Petrea Sofia Guðmundsson
Sofía Ösp Ingólfssdóttir
Sunneva Katrín Sigurðardóttir Brian Micha Johansson
Elias Micha og Kristín María Johansson
Ruth Þorsteinsson Sigurlaugur Þorsteinsson
Pétur Karl Guðmundsson
Guðrún María Guðmundsdóttir
Ellý Katrín Guðmundsdóttir Magnús Karl Magnússon



Ástkær eiginkona, dóttir og systir,

Sigríður Stefánsdóttir

Skólagerði 20, Kópavogi,

er látin. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Ísleifur Arnarsson
Jóhanna Stefánsdóttir
Stefán Stefánsson
Davíð Stefánsson
Stefán Stefánsson
Þóra Ragnheiður Stefánsdóttir



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hanna Helgadóttir

Ásholti 2, Reykjavík,

sem lést 9. mars sl., verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju föstudaginn 16. mars kl. 13.00.

Ragnhildur Ásmundsdóttir
Sigrún Ásmundsdóttir Guðbjartur Hannesson
Helgi Ásmundsson
Ásmundur Páll Ásmundsson
Magnús Þór Ásmundsson Soffía Guðrún Brandsdóttir
börn og barnabörn.



Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

Dóra Helgadóttir

frá Fellsenda, Þingvallasveit,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir, laugardaginn 10. mars. Útförin verður gerð frá Lágafellskirkju, föstudaginn 16. mars kl. 15.

Gunnar Þórisson Una Vilhjálmsdóttir
Jóna Elín Gunnarsdóttir Jónas Jónsson
Dóra Sigrún Gunnarsdóttir Helgi Guðbrandsson
Inga Dóra Helgadóttir
Íris Björg Helgadóttir
og barnabarnabörn.



Ástkærir foreldrar, fösturfórelrar, tengdafórelrar, afi, amma, langafi og langamma frá Tjörn í Þykkvabæ

Kristjón Hafliðason

lést 7. mars og

Helga Tyrfingsdóttir

lést 12. mars

að Dvalarheimilinu Lundi Hellu. Útförin fer fram frá Þykkvabæjarkirkju laugardaginn 17. mars klukkan 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast þeirra látnu er bent á Dvalarheimilið Lundi, Hellu.

Ásdís Erla Kristjónsdóttir Sigurður Sigurðsson
Þórunn Kristjónsdóttir Ragnar V. Sigurðsson
Hafrún Kristjónsdóttir Sigurbergur Kristjánsson
Tyrfingur Arnar Kristjónsson Nína Kristjónsson
Jóna María Kristjónsdóttir Guðmundur Hreinsson
Steinn Jóhannsson Súsanna Helgadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær dóttir mín, móðir okkar, tengdamóðir, sambyliskona og amma,

Bergþóra Árnadóttir

söngvaskáld, Under Gyden 22, Torslev, Danmörku,

lést á sjúkrahúsinu í Álaborg, Danmörku, fimmtudaginn 8. mars. Útförin verður auglýst síðar.

Aðalbjörg Margrét Jóhannsdóttir
Birgitta Jónsdóttir
Jón Tryggvi Jónsson Linda Sigfúsdóttir
Hans Peter Sørensen og ömmubörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Helgi Hafliðason

Hátúni 23, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Hallgrímskirkju mánudaginn 19. mars kl. 13.00.

Helgi Helgason Anna Kristín Hannesdóttir
Dagbjört Helgadóttir Þorkell Hjaltason
Júlíus B. Helgason Hildur Sverrisdóttir
Hafliði Helgason Barbara Helgason
Ragnar Hauksson Josephine Pangolamus
afabörn og langafabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Snjólaug Elín

Hermansdóttir

sem lést laugardaginn 3. mars sl., verður jarðsöngin frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 16. mars kl. 16.00.

Halldór Guðni Pálmarsson
Logi Hermann Halldórsson Þórhanna Þórðardóttir
Jóhann Halldórsson Karen Christina Halldórsson
Halldór Pálmar Halldórsson Helga Guðrún Bjarnadóttir
Herdís Halldórsdóttir Ingvar Georg Georgsson
og barnabörn.



Ástkær eiginkona, dóttir, systir, mágkona og frænka,

Lilja Viðarsdóttir

Gautlandi 5, Reykjavík,

lést á Landspítala - háskólasjúkrahúsi, miðvikudaginn 7. mars. Útförin verður gerð frá Fossvogskirkju, föstudaginn 16. mars kl. 15.00. Þeim, sem vildu minnast hinnar látnu, er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Roger Verbrugge
Guðrún Lilja Friðjónsdóttir
Helga Viðarsdóttir
Daníel Viðarsson Margrét Magnúsdóttir
Viðar Viðarsson Anna Elísabet Ólafsdóttir
Friðjón Már Viðarsson Margrét Sigurjónsdóttir
og systkinabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og sonur,

Ingvar Árnason

Lækjarbergi 56, Hafnarfirði,

sem lést sunnudaginn 4. mars, verður jarðsöngin frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 16. mars kl. 13.00.

Elsa Aðalsteinsdóttir
Árni Ingvarsson Helena Jensdóttir
Þórður Ingvarsson Anna María Bryde
Ingvar, Arnar, Elsa Rún, Ásgeir Bragi
Árni Ingvarsson Gerða Gardarsdóttir

ÁSMUNDUR JÓNSSON Í SMEKKLEYSU
ER 52 ÁRA Í DAG

„Við áttum von á góðu en móttökurnar hafa verið alveg frábærar hérna heima, enda mjög góð plata.“

Ásmundur Jónsson, sem fæddist þennan dag árið 1955, tjáir sig um síðustu plötu Sigur Rósar, Takk.



tímamót

timamot@frettabladid.is



BALDUR TRAUSTI HREINSSON: FERTUGUR Í Vona að ég nái f

Baldur Trausti Hreinsson, leikari, er fertugur í dag. Þegar Fréttablaðið náði tali af honum í vikunni þótti leikaranum varla um stórt afmæli að ræða. „Í sjálfu sér ekki. En þetta er ákveðinn áfangi, jú. Ég er búinn að kvíða þessu svolítið, en ég er að jafna mig,“ sagði Baldur. „Þetta er eins og einhver sagði, það er annað hvort þetta eða að fara hina leiðina. Ég held að þessi sé skárri,“ bætti hann við. Baldur er fastráðinn við Þjóðleikhúsið, þar sem hann leikur nú í Sitji guðs englar. „Ég er í smá pásu frá æfingum, en byrja aftur í apríl. Þá hefjast æfingar á Skilaboðaskjóðunni, að ég held,“ sagði hann.

Baldur kveðst ekki vera mikið afmælisbarn, og segir aðra fjölskyldumeðlimi sjá um að hampa slíkum viðburðum. Hann komist því ekki upp með að gleyma afmælunum alveg. Hann hafði hins vegar lítið hugsað fyrir deginum sjálfum, og áformaði ekki mikil veisluhöld. „Það verða örugglega einhverjir sem kíkja á mig. Þá býð ég bara upp á vöffur með rjóma eða eitthvað. Ég er ekki einu sinni búinn að ákveða það, svona langt er ég kominn í undirbúningi,“ sagði hann hlæjandi. „Ég vona bara að ég verði fimmtugur. Ég ætla að bíða með allar veislur þangað til,“ bætti hann við. Aðspurður



95 ára

Elías Valgeirsson

rafvirkjameistari og fyrrverandi starfsmaður Rarik,

varð 95 ára þann 3. febrúar síðastliðinn. Þó svo að dagurinn sé löngu liðinn óskum við honum innilega til hamingju með afmælið.

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför

Sverrir Einarsson Hermann Jónsson Geir Harðarson Bryndís Valbjarnardóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utfarin.is
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkyrningar í fjölmörgum • Landsbyggðarþjónusta • Lífflugningar

FÆDDUST PENNAN DAG



ANDREW JACKSON
1767



FABIO 1961



EVA LONGORIA
1975



PENNY LANCASTER
1971

PETTA GERÐIST: 44 FYRIR KRIST

Sesar myrtur af eigin þingmönnum

Á þessum degi árið 44 fyrir Krist var rómverski keisarinn Júlíus Sesar myrtur af sínum eigin þingmönnum á fundi í samkomuhúsi skammt frá leikhúsinu í Pompei á Ítalíu.

Allt að sextíu háttsettir menn tóku þátt í samsærinu gegn Sesar, þar á meðal Marcus Brutus, sem var sonur hjákonu Sesars. Sesar ætlaði að fara frá Róm 18. mars til að berjast í stríði og áttu dyggir herstjórar hans að sjá um stjórn mála í fjarveru hans. Þingmenn Sesars voru ósáttir við að taka við skipunum frá undirmönnum Sesars og hófu að grafa undan honum.

Þegar Sesar gekk inn í samkomuhúsið var hann fljótt umkringdur af þingmönnum með hnifa í hendi. Sesar var fyrst stunginn í hálsinn og síðan héldu stungurnar áfram. Þegar Brutus

stakk Sesar sagði keisarinn: „Þú líka, barnið mitt“.

Samkvæmt erfðaskrá Sesars átti fóstursonur hans Octavius að taka við völdum en Marcus Antonius, Cassius Longinus og Marcus Brutus voru ekki á sama máli. Eftir harða bardaga drap Octavius bæði Cassius og Brutus. Eftir það reyndi Antony að ná völdum með aðstoð Kleópötru en allt kom fyrir ekki. Árið 30 fyrir Krist frömdu Antonius og Kleópatra sjálfsvíg saman og Octavius, sem var síðar þekktur sem Ágústus, stjórnaði Rómaveldi í mörg ár í viðbót.

JÚLÍUS SESAR Sesar var myrtur af eigin þingmönnum árið 44 fyrir Krist.



MERKISATBURÐIR

- 1903 Bretar leggja undir sig Nígeríu.
- 1905 Bæjarsíminn í Reykjavík er formlega opnaður.
- 1907 Konur komast á þing í Finnlandi í fyrsta sinn.
- 1942 Bandarísk flugvél hrapar í Vatnsmyrinni í Reykjavík. Átta menn farast.
- 1953 Þjóðvarnarflokkur Íslands er stofnaður. Hann starfaði í tíu ár og barðist einkum fyrir brottför varnarliðsins.
- 1991 Fjórir lögreglumenn í Los Angeles eru ákærðir fyrir að hafa lamið Rodney King hinn 3. mars.
- 1991 Borisav Jovic, forseti Júgóslavíu, segir af sér.
- 2002 Andrea Yates frá Texas fær lífstíðardóm fyrir að hafa drekkt börnunum sínum fimm.

LÍTIÐ AFMÆLISBARN
Baldur Trausti segir aðra fjölskyldumeðlimi sjá um að hampa afmælum, og kemst því ekki upp með að gleyma þeim alveg.
FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

SPENNANDI STÖRF HJÁ FYRIRMYNDASTOFNUN

FRÆDSLUFULLTRÚI

Umferðarstofa leitar að fræðslufulltrúa sem annast getur krefjandi starf við stefnumótun og viðhald umferðarfræðslu barna og unglunga. Starfið heyrir undir umferðaröryggisvið og er starfshlutfall 100%. Starfið felur m.a. í sér:

- ▶ hugmyndavinnu við mótun umferðarfræðslu
- ▶ verkefnastjórn fræðsluverkefna
- ▶ kynna sér og nýta erlendar hugmyndir í umferðarfræðslu
- ▶ vinna að gerð fræðsluefnis
- ▶ samstarf við mennta- og uppeldisstofnanir við mótun og framkvæmd umferðarfræðslu
- ▶ vinna að uppsetningu og viðhaldi heimasíðu um öryggi barna og unglunga

Menntunarkröfur

Gerðar eru kröfur um kennaramenntun eða menntun í uppeldisfræði.

Æskilegir eiginleikar

Leitað er að metnaðarfullum og ábyrgum einstaklingi sem hefur áhuga á uppeldis- og umferðaröryggismálum. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og haft frumkvæði að lausn mála og samskiptum við aðila. Starfsmaður þarf að geta unnið úr erlendum gögnum og hugmyndum. Hann þarf að vera gagnrýnn og vandvirkur en síðast en ekki síst frjór og hugmyndaþrikur um aðferðir til eflingar umferðaröryggis barna. Þá er áskilið að starfsmaður hafi ríka þjónustulund.

SÉRFRÆÐINGUR Í UMFERÐARÖRYGGISMÁLUM

Umferðarstofa leitar að sérfræðingi í umferðaröryggismálum sem annast getur krefjandi starf við mótun stefnu í umferðaröryggismálum. Starfið heyrir undir umferðaröryggisvið og er starfshlutfall 100%. Starfið felur m.a. í sér:

- ▶ eftirfylgni umferðaröryggisáætlunar
- ▶ verkefnastjórn á sviði umferðaröryggis
- ▶ kynna sér umferðaröryggisaðgerðir annarra ríkja sem náð hafa framúrskarandi árangri
- ▶ kynna sér rannsóknir á sviði umferðaröryggis
- ▶ innleiðing aðgerða til aukins umferðaröryggis
- ▶ greinaskrif og álitsgerðir
- ▶ vinna að uppsetningu og viðhaldi heimasíðu um umferðaröryggi

Menntunarkröfur

Leitað er að einstaklingi með háskólamenntun, helst á sviði raunvísinda.

Æskilegir eiginleikar

Leitað er að metnaðarfullum og ábyrgum einstaklingi sem hefur áhuga á umferðaröryggismálum. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og haft frumkvæði að lausn mála og samskiptum við aðila. Starfsmaður þarf að geta unnið úr erlendum gögnum og hugmyndum. Mikilvægt er að viðkomandi eigi auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Hann þarf að vera gagnrýnn og vandvirkur en síðast en ekki síst frjór og hugmyndaþrikur um aðferðir til eflingar umferðaröryggis. Þá er áskilið að starfsmaður hafi ríka þjónustulund.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um ofangreind störf veitir Birgir Hákonarson, framkvæmdastjóri umferðaröryggisviðs og Ólöf Friðriksdóttir, verkefnastjóri starfsmannamála í síma 580-2000.

Umsókn

Umsókn skal skila í síðasta lagi 19. mars 2007. Hægt er að sækja um með eftirfarandi hætti:

- ▶ á vefsvæði Umferðarstofu á síðunni <http://www.us.is/page/atvinnuumsokn>
- ▶ með því að senda umsókn (CV/ferilskrá) á verkefnastjóra starfsmannamála, olof@us.is
- ▶ senda skriflega umsókn á eftirfarandi heimilisfang:
Umferðarstofa, B.t. Ólafar Friðriksdóttur, Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Öllum umsóknum verður svarað innan tveggja vikna frá því að umsóknarrestur rennur út. Sjá nánar <http://www.starfatorg.is>

VINNUSTAÐURINN

Umferðarstofa var árið 2006 útnefnd ríkisstofnun til fyrirmyndar en hjá stofnuninni starfa tæplega 60 manns. Lögð er áhersla á þjónustu, áreiðanleika og árangur. Hlutverk Umferðarstofu er að auka lífsgæði fólks með því að auka öryggi í umferðinni. Stofnunin hefur innleitt stefnumiðaða árangursmat og er því mikið lagt upp úr mælanlegum árangri.



UMFERÐARSTOFA

DAG
Fimmtugu

hvort sú veisla yrði ekki vegleg, til að vinna upp á móti fertugsafmælinu, hló Baldur. „Ja, ég hef að minnsta kosti tíu ár til að undirbúa hana. Það er ansi góður tími.“

Yfirvofandi afmæli þótti Baldri þó merkilegra en þau sem liðin eru. „Þessi aldur er svona öðruvísi. Maður skilur þarna við þrítugsaldur og fertugsaldur og er allt í einu kominn á fimmtugsaldur. Það er svona svolítið stærra,“ sagði hann. „Pabbi minn var til dæmis fjörutíu og fimm ára þegar hann varð afi. Svo það er ekkert langt í þetta. En svo eru alltaf sumir sem klappa manni á bakið og segja að þetta sé rétt að byrja þegar maður verður fertugur. Það kemur bara í ljós, en ég vona það,“ sagði Baldur.

sunna@frettabladid.is

AFMÆLI

Þorsteinn Ólafsson
efnafræðingur er 56 ára.



Arna Schram blaðamaður er 39 ára.

Sigrún Grendal Jóhannesdóttir
píanókennari er 37 ára.



Arnar Þór Viðarsson fótboltamaður er 29 ára.

NASA

FÖSTUD. 16. MARS 2007

SPAÐAR

HINN ÁRLEGI STÓRDANSLEIKUR

HÚSIÐ OPNAR KL. 22.00

ALDURSTAKMARK 20 ÁRA
MIÐAVERÐ 1500 KR.

LAUGARD. 17. MARS 2007

STÓRTÓNLEIKAR

HJAL-

MAR

HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00

ALDURSTAKMARK 20 ÁRA
MIÐAVERÐ 1000 KR.

NÁNARI UPPLÝSINGAR

NASA.IS

ÞAR SEM ÍSLENDINGUM
FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMARáðstefna í Skriðu,
Kennaraháskóla ÍslandsInnflytjendur og
framhaldsskólinn

föstudaginn 16. mars 2007, kl. 13:00-17:00

Skráning fer fram á heimasíðu Alþjóðahússins www.ahus.is
Aðgangur að ráðstefnunni er ókeypis.Ráðstefnunni verður sjónvarpað beint á vef Kennaraháskóla Íslands,
<http://sjonvarp.khi.is> meðan á ráðstefnunni stendur.

Dagskrá:

12:50-13:05 Kvinnakórinn Regnbogakonur syngur, stjórnandi Natalita Chow

13:05-13:10 Setning ráðstefnu

Fundarstjórn: Helga Ólafs og Irma Matchavariani

13:10-13:15 Ávarp

13:15-13:55 Týndu börnin hennar Evu - Æskileg þróun í kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál í framhaldsskólum

Dr. Bergþóra Kristjánsdóttir, lektor í CVU, København og Nordsjælland (Center for Videregående Uddannelser)

13:55-14:10 Málskipti - hvað skiptir máli? Rannsókn á námsframvindu 119 nemenda með annað móðurmál en íslensku í framhaldsskólum

Brynja Solveig Grétarsdóttir

14:10-14:20 Sjö landa sýn í skólastofunni

Ásta Björk Sveinbjörnsdóttir, kennari í Fjölbrotaskólanum við Ármúla

14:20-14:25 Framhaldsskólalagangna mín

Victoria Reznikova, 3ja árs nemi í Verzlunarskóla Íslands

14:25-14:35 Sköpum þeim tækifæri

Amal Tamimi, fræðslufulltrúi Alþjóðahúss og foreldri

14:35-14:45 Hvernig náum við nýbúum á menntabraut?

Sölvi Sveinsson, skólastjóri Verzlunarskóla Íslands

14:45-15:15 Kaffihlé

15:15-16:30 Málstofur: Menntun kennara

Félagsleg aðlögun, móttaka og tengsl skólastiga

Brottfall

Ný Aðalnámskrá

16:30 Samantekt og ráðstefnulok

Ráðstefnan tengist kynningu á námsefni í Íslensku sem öðru tungumáli og fjölmenningu á öllum skólastigum sem er haldin í KHÍ sama dag kl. 10.00 - 17.00.

Í undirbúningshópi fyrir ráðstefnuna voru fulltrúar frá Móðurmáli, menntamálaráðuneytinu, Háskóla Íslands, Heimili og skóla-landssamtökum foreldra, þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Alþjóðahúsi, Fjölmenningssetri Vestfarða, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Móðurmáli - Félagi um móðurmálskennslu tvítýngdra barna, Félagi framhaldsskólakennara og Félagi náms- og starfsráðgjafa.

STUÐ MILLI STRÍÐA Dramb er falli næst

ROALD VÍÐAR EYVINDSSON KOMST AÐ ÞVÍ AÐ HROKI ER EKKI ALLTAF BESTI STÖKKPALLURINN



Við útskrift úr MR hafði ég mikil áform um framtíðina. Ætlaði að verða ritstjóri á einhverju stóru blaði og efaðist ekki andartak um að það yrði lítið mál, enda viss um að MR-ingar væru æðri kynstofn.

Fullur sjálfstrausts sótti ég um vinnu hjá fjölmiðlunum sem mig langaði til að starfa á. Sendi inn umsóknir, ásamt greinum og ljósrit af stúdentsskírteininu, sem ég vissi að tryggði mér góða stöðu hvar sem væri.

Mér fannst voða skrytið þegar fyrirtækin höfðu ekki aftur samband og hringdi til að vita hvort umsóknin hefði ekki komist til

skila. „Jú, jú,“ var mér sagt. „Þetta er allt til skoðunar ásamt öðrum umsóknum.“

Hvaða máli skiptu aðrar umsóknir, þegar snillingur eins og ég átti hlut að máli? Þurfti ekki bara að láta hina umsækjendurna vita að buíð væri að ráða ungan, hæfileikaríkan og harðduglegan MR-ing í starfið?

Eftir mánuð hafði ekkert heyrst og ég fór að þæla hvort hæfileikalaust skyldmenni einhvers yfirmannsins hefði nokkuð verið ráðið. Hvaða rugl! Þeir myndu nú varla láta einhvern vitleysing fá starfið mitt?!

Loks misstu foreldrar mínir þolinmæðina og skipuðu mér að finna vinnu. Ég sá mér þann kost vænst-

an að hlýða og druslaðist til að fá mér starf. Í gegnum íslenskan klíkuskap. Svo sem ekkert draumastarf en það var að minnsta kosti hjá virtu matvælafyrirtæki.

Viku seinna vaknaði ég upp við vondan draum í óhagstæðum birtuskilyrðum og ópolandi hávaða í Ora og raðaði dósnum á bretti. Mér leið eins og ég hefði fallið af himnum ofan í dantískt helvíti. Það kvöld grét ég í koddann minn. Hafði ég þuðað í fjögur ár til þess eins að enda í niðursuðuverksmíðju?

Alls ekki og smám saman lærði ég að hlutirnir koma ekki á silfurfati. Auk þess kann maður betur að meta það góða í lífinu, ef það fæst með auðmýkt og atorkusemi.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





TILBOÐSDAGAR

OPIÐ

20.00-22.00 Í KVÖLD

10-50%

afsláttur af öllu

50% afsláttur af öllum eldhússtólum og sófaborðum

OPNUNARTÍMI Á TILBOÐSDÖGUM:

Fimmtudagur: 20-22 Föstudagur: 10-18

Laugardagur: 11-18 Sunnudagur: 12-16

Í Bústoð færðu mikið úrval húsgagna fyrir heimilið
1500 m² sýningarsalur | Tjarnargötu 2 | Reykjanesbæ | 421 3377 | bustod.is

BÚSTOÐ
býður betur!



Kl. 21.00

Djassrokk sveitin *Gammar kemur saman* og leikur á vegum djassklúbbsins Múlans á Domo í Þingholtsstræti. Meðlimir sveitarinnar eru Björn Thoroddsen, Stefán S. Stefánsson, Þórir Baldursson, Bjarni Sveinbjörnsson og Scott McLemore. Sveitin flytur nýtt efni í bland við eldri lög.

menning

menning@frettabladid.is

Samviskubit tileinkað Ladda

Myndlistarmaðurinn Ragnar Kjartansson opnar sína fyrstu einkasýningu í gallerí i8 við Klapparstíg í dag.

Yfirskrift sýningarinnar er „Samviskubit“ en það viðfangsefni hefur verið listamanninum hugleikið um hríð. Á sýningunni eru málverk og myndbandsverk sem unnið er í samvinnu við leikarann Þórhall Sigurðsson, Ladda. Þar dregur Ragnar fram þversögnina um gamanleikarann þjóðþekktu og fær honum nýtt hlutverk – einmanalega og næsta fánýta rullu veiðimannsins sem skýtur marklausum púður-skotum. Málverkin eru síðan spröttin af mynd-



BRENGLAR SKILIN MILLI LISTAR OG LÍFS
Myndlistarmaðurinn Ragnar Kjartansson opnar sýningu í i8.

Sýningin stendur til 21. apríl sem og sýning Adams Barker-Mill undir stiganum en sýning hans verður einnig opnuð í dag.

bandsverkinu.

Ragnar Kjartansson er þekktur fyrir að samtvína tónlist, leikhús og myndlist í verkum sínum. Síðastliðin ár hefur hann starfað jöfnum höndum sem myndlistar- og tónlistarmaður, en lítur fyrst og fremst á sjálfan sig sem gjörningalistamann. Þrátt fyrir það vinnur Ragnar í marga miðla og að undanförunu hefur hann unnið að málverkum, teikningum, ljósmyndum, myndbandsverkum og gjörningum.

> Ekki missa af...

umfjöllun **Útvarpsleikhússins** á Rás 1 um íslenska leikritun. Í dag kl. 15.03 heldur **María Kristjánsdóttir** áfram að fjalla um leikhúslífið á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Leiklestur annast **Arnar Jónsson** og **Guðrún S. Gísladóttir**.

sýningu franska listamannsins **Etienne de France LIVE SUCKS!** Utopia and last blah-blah before you go í **Listasafni ASÍ**. Sýningin er hluti af frönsku menningaráttíðinni **Pourquoi Pas** sem stendur fram í maí.

Remba í Reykjavík

Gamanleikurinn Remba sem hefur glatt geð manna á Laugum í Reykjadal nú um nokkurt skeið verður sýndur af leikfloknum Vönum mönnum í Reykjavík föstudags- og laugardagskvöld og er enn einhver von um að fá megi miða á sýninguna á Cafe Rósenberg í Reykjavík. Þetta er riflega klukkustundarskemmtun með stuttu hléi sem hefur gengið vel nyrðra: sautján sýningarkvöld eru að baki og hafa um þúsund leikhúsgestir séð verkið í Laugabæ. Fullt er búíð að vera á allar sýningar og biðlisti á flestar. Matur var í

boði með hverri sýningu í Laugabæ: lambalæri og meðlæti, og hafa þrjú hundruð læri horfið oní leikhúsgesti til þessa. Leikarar í Vönum mönnum eru reynsluboltar úr leikfélögum Leikfélags Húsavíkur og Leikdeildar Eflingar í Reykjadal. Höfundur verksins er Hörður Þór Benónýsson. Hópurinn sjálfur leikstýrir. Hafa Vanir menn fengið fyrirsurnir frá ýmsum stöðum s.s. Vopnafirði, Ísafirði og víðar um að koma með stykkið til sýningar. Miðapöntun er hjá þeim Rósenbergs-mönnum.

- pbb



Himneskur svanasöngur

Kammerkórinn Carmina frumflytur Requiem eða Sálumessu eftir spænska endurreisnartónskáldið Tomás Luis de Victoria á tónleikum í Kristskirkju um helgina.

Victoria var fremsta tónskáld Spánverja á 16. öld og sálumessan var hans mesta meistaraverk. Verk þetta var samið við andlát Maríu keisararajnu Spánar árið 1603, en Victoria hafði verið hirðtónskáld hennar um áratuga skeið.

Sálumessan er samin fyrir sex radda kór og tónlistin er sérlega áhrifamikil, enda hefur verkinu verið lýst sem „einum af hápunktum endurreisnarinnar“. Söngkonan Erna Blöndal líkir verkinu við ferðalag í hæstu hæðir. „Þetta er eins og að vera komin til himnaríkis,“ segir hún, „það felur í sér óskaplega mikla slökun þótt það sé mikið fyrir haft að flytja það. Þegar maður nær tókum á tónlistinni er þetta næst því að komast til himnaríkis.“ Erna útskýrir enn fremur að verkið sé með því mest krefjandi sem söngvarar takast á við, bæði raddlega og tilfinningalega.

Auk sálumessunnar mun kórinn flytja verk sem tengjast sálumessum eftir endurreisnartónskáldin Cristóbal de Morales og Josquin des Prez.

Sálumessa Victoria var ekki aðeins tækifærisverk sem heiðraði minningu hefðarkonu því

verkið er einnig svanasöngur tónskáldsins sem samdi ekki fleiri verk þau átta ár sem hann átti eftir ólífuð. Aukinheldur er þess getið í texta er fylgir efnisskránni að breski tónlistarfræðingurinn Bruno Turner hefur kallað verkið „sálumessu fyrir 16. öldina“. Á þessum árum stóð tónlistarheimurinn á tímamótum. Þetta má til sanns vegar færa því að tónlistarheimurinn stóð á tímamótum einmitt um þetta leyti. Árið 1605, sama ár og sálumessan kom út á prenti, gaf Claudio Monteverdi út fimmtu madrigalabók sína og tveimur árum síðar var fyrsta ópera hans færð upp við hirðina í Mantova. Hinn nýi og tilfinningaþrungi barokstíll hafði lítið dagsins ljós og ekki var langt í að fjölröddun endurreisnarinnar hyrfi að mestu af sjónarsviðinu. Sálumessa Victoria er eitt síðasta meistaraverk gamla stílsins og líkt og fjöldi annarra verka frá sama skeiði býr hún enn yfir fegurð og dýpt sem snertir við okkur fjórum öldum

síðar.

Kammerkórinn Carmina var stofnaður sumarið 2004 með það að markmiði að flytja kórtónlist endurreisnarinnar á Íslandi. Meðlimir kórsins eru allir þrautþjálfaðir söngvarar og hafa hlotið mikilsverða reynslu innan kóra á borð við Graduale Nobili, Hamrahliðarkórinn, Hljómeyki, Mótettukór Hallgrímskirkju og Schola cantorum. Kórinn var valinn Tónlistarhópur Reykjavíkur 2005 og vakti mikla athygli þegar hann söng ásamt breska sönghópnum The Tallis Scholars á tónleikum í Langholtskirkju fyrir rúmu ári. Fram undan er tónleikaferð til Svíþjóðar þar sem Carmina kemur fram á Stockholm Early Music Festival, helstu tónlistarhátíð Svíþjóðar sem tileinkuð er endurreisnar- og barokktónlist.

Á tónleikunum í Kristskirkju munu fjórir söngvarar úr BBC Singers, The Tallis Scholars og Westminster Abbey-kórnum í Lundúnum slást í lið með félögum í Carmínu.

Stofnandi

Kammerkórsins Carminu og stjórnandi á tónleikunum er

Árni Heimir Ingólfsson, tónlistarfræðingur og dósent við Listaháskóla Íslands.

Tónleikarnir hefjast kl. 16 báða dagana. Miðasala fer fram í 12 tónum og í safnaðarheimili Kristskirkju fyrir tónleikana.

- khh



FERÐALAG Í HÆSTU HÆÐIR
Kammerkórinn Carmina flytur stórvirki endurreisnartónmenntanna um helgina.

Píkusögur í öllum fjórðungum

V-dagurinn verður haldinn hátíðlegur í sjötta skipti hér á landi 15.-18. mars. Að þessu sinni verður dagskrá í tilefni dagsins í hverjum landsfjórðungi en á Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði og Selfossi munu athafnakonur á hverjum stað taka þátt í flutningi á leikriti Eve Ensler, Píkusögum.

Bæjarstjórnar, forsetar bæjarstjórnar og prestur verða meðal þátttakenda ásamt þjóðþekktum leikkonum í dagskránni en aukinheldur munu tónlistarkonurnar Lay Low, Ragnhildur Gísladóttir og Ólöf Arnalds koma fram á V-deginum og deila með sér uppákomunum fjórum.

Í kvöld verður dagskrá í Samkomuhúsinu á Akureyri þar sem bæjar-

stjórnin Sigrún Björk Jakobsdóttir kemur fram ásamt leikkonunum Álfrúnu Helgu Örnólfsdóttur og Sunnu Borg og sr. Solveigu Láru Guðmundsdóttur, sóknarprest á Möðruvöllum. Á Egilsstöðum á föstudag stígur Ilmur Kristjánsdóttir á svið ásamt stöllu sinni Mörtu Nordal en þeim til fulltingis verður Helga Jónsdóttir, bæjarstjóri Fjarðarbyggðar, og Soffía Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs.

Soffía Vagnsdóttir og Birna Lárusdóttir, forsetar bæjarstjórnar Bolungarvíkur og Ísafjarðar, láta ekki sitt eftir liggja og flytja Píkusögur í Félagshöllum á Hnífsdal ásamt leikkonunum Sigrúnu Eddu Björnsdóttur og Helgu Völu Helgadóttur á laugardagskvöld.

Dagskránni lýkur svo á Hótel Selfossi á sunnudagskvöld þar sem Arnþjórg Hlíf Valsdóttir og Jóhanna Vígðis Arnardóttir koma fram ásamt Ragneiði Hergeirsdóttur, bæjarstjóra Árborgar, og Kristínu Hrefnu Halldórsdóttur stjórnmalafraeðinema.

V-dagurinn er haldinn af samnefndum samtökum víðs vegar í heiminum. Samtökin voru stofnuð árið 1998 en markmið þeirra er að binda endi á ofbeldi gegn konum.

- khh



ÓLÖF ARNALDS

SIGRÚN BJÖRK JAKOBSDÓTTIR

RAGNHILDUR GÍSLADÓTTIR

„Glens og grín Bjarna Hauks um pabbahlutverkið er ein besta skemmtun sem í boði er í Reykjavík um þessar mundir“
FJÓRAR STJÓRNUR
Jón Viðar ÍSAFOLD

Pabbinn

BJARNI HAUKUR (HELLISBÚINN)
Í FRÁBÆRRI GAMANSÝNINGU

15/3 ÖRFÁ S/ETI LAUS, KL. 20.00
17/3 UPPSELT, KL. 20.00
18/3 ÖRFÁ S/ETI LAUS, KL. 20.00
22/3 ÖRFÁ S/ETI LAUS, KL. 20.00
23/3 ÖRFÁ S/ETI LAUS, KL. 20.00
24/3 UPPSELT, KL. 20.00
30/3 LAUS S/ETI, KL. 20.00
31/3 LAUS S/ETI, ATH KL. 19.00
31/3 kl. 22 LAUS S/ETI, ATH. KL. 22.00
Miðvikudagurinn 4/4 LAUS S/ETI kl. 20.00
Föstudagurinn 13/4 LAUS S/ETI kl. 20.00
Laugardagurinn 14/4 LAUS S/ETI kl. 20.00
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA!!

Miðasalan í Iðnú er opin 11.00 til 16.00 virka daga.
Sími miðasölu er 562 9700.

midí.is

TP THORSSON

pabbinn.is

visir

www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

'Coca-Cola zero', 'Coke zero', the dynamic ribbon device and the 'Coca-Cola' contour bottle are trademarks of The Coca-Cola Company. © 2005 The Coca-Cola Company.



EKTA BRAGÐ
OG ENGINN SYKUR

ABBA BABB!
eftir Dr. Gunna

FRABÆR
FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!

18. mars kl. 17.00 uppselt
25. mars kl. 17.00 örfá sæti laus
1. apríl kl. 14.00 og 1. apríl kl. 17.00

Leikhópurinn
Á senunni & HAFNARFJARDARLEIKHÚSIÐ

Miðasala í síma 555 2222
eða á www.midi.is
www.abbababb.is

GIANNI SCHICCHI Giacomo Puccini
SUOR ANGELICA

ÓPERUSTÚDÍÓ ÍSLENSKU ÓPERUNNAR: Systir Angelica og Gianni Schicchi eftir Puccini
Frumssýning mið. 21. mars kl. 20 - **NOKKUR SÆTI LAUS**
2. sýn. sun. 25 mars kl. 20 - 3. sýn. þri. 27. mars kl. 20
4. sýn. fim. 29. mars kl. 20 - **LOKASÝNING**
Þátttakendur eru nemendur í tónlistarskólum í söng og hljóðfæraleik

CAVALLERIA RUSTICANA - FRUMSÝNING Á ANNAN Í PÁSKUM
Mánud. 9. apríl (annar í páskum) kl. 17.00 - **FRUMSÝNING - UPPSELT**
2. sýn. mið. 11. apríl kl. 20 - 3. sýn. lau. 14. apríl kl. 20 - 4. sýn. sun. 15. apríl kl. 17

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA
Í 25 ÁR

Leg

Stóra sviðið kl. 20:00

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökullsson.
Sun. 18/3 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 17:00 nokkur sæti laus, sun. 25/3 kl. 14:00 örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00 örfá sæti laus, sun. 1/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00, sun. 15/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00, sun. 22/4 kl. 14:00 örfá sæti laus. **Sýningum lýkur í apríl!**

LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flis.
5. sýn. í kvöld fim. 15/3 örfá sæti laus, 6. sýn. fös. 16/3 örfá sæti laus, 7. sýn. lau. 17/3 örfá sæti laus, 8. sýn. lau. 24/3 örfá sæti laus, mið. 28/3, fim. 29/3 örfá sæti laus, fös. 30/3, lau. 31/3 örfá sæti laus, fös. 13/4, lau. 14/4.
Ath. nemendaafsláttinn og hópafsláttinn. Námuflagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námuflögu.

ÍMYNDUNARVEIKIN eða Þögn Molières eftir Molière/Macchia.
Franskur gestaleikur með íslenskum texta.
Fim. 22/3 örfá sæti laus, fös. 23/3 nokkur sæti laus.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

Hálsfesti Helenu eftir Carole Fréchette.
Frumssýning lau. 31/3 uppselt, sun. 1/4 örfá sæti laus, fös. 13/4.

Kúlan

PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðsýning Bernds Ogródniks eftir verki Prokofievs.
Lau. 17/3 kl. 13:30 örfá sæti laus og kl. 15:00 nokkur sæti laus, sun. 18/3 kl. 13:30 nokkur sæti laus og 15:00 örfá sæti laus.
Síðustu sýningar!

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.

Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.
Leikhúskjallarinn opin fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.
Upplýsingar í miðasölusíma.

Leikhúsbloggjið er á www.leikhusid.blog.is Fylglist með!

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR

SÍÐAN SKEIN SÓL	DAGUR VONAR
20 ára afmælistónleikar Mið 18/4 kl. 20 Miðav. 3.900	Í kvöld kl. 20 UPPS. Fös 16/3 kl. 20 UPPS. Lau 24/3 kl. 20 UPPS. Sun 25/3 kl. 20 UPPS. Mið 18/4 kl. 20 Fim 19/4 kl. 20
VILTU FINNA MILLJÓN?	SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Lau 17/3 kl. 20 Fös 23/3 kl. 20 Lau 31/3 kl. 20 Sun 15/4 kl. 20	Mið 28/3 kl. 20 FORSÝNING MIÐAVERÐ 1.500 Fim 29/3 kl. 20 FORSÝNING MIÐAVERÐ 1.500 Fös 30/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT Sun 1/4 kl. 20 2. sýning Gul kort Lau 14/4 kl. 20 3. sýning Rauð kort
MEIN KAMPF	RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 18/3 kl. 20 AUKAS. Allra síðasta sýning	Sun 18/3 kl. 14 Sun 25/3 kl. 14 Síðustu sýningar
HÖRÐUR TORFA	KILLER JOE
Kertaljósatónleikar Mán 2/4 kl. 20 Miðav. 3.100	Í samstarfi við leikhúsið Skámána Fim 22/3 kl. 20 Fös 23/3 kl. 20 Lau 24/3 kl. 20
EILÍF HAMINGJA	KARÍUS OG BAKTUS
Í samstarfi við Hið lífandi leikhús Sun 18/3 kl. 20 Sun 25/3 kl. 20 Sun 1/4 kl. 20 Sun 22/4 kl. 20	Sun 18/3 kl. 13, 14, 15 UPPS. Sun 25/3 kl. 13, 14, 15 UPPS. Sun 1/4 kl. 13, 14, 15 UPPS. Sun 15/4 kl. 13, 14, 15 UPPS. Sun 22/4 kl. 13, 14, 15 UPPS. Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar
LADDI 6-TUGUR	ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Í kvöld kl. 20 UPPS. Fös 16/3 kl. 21 UPPS. Lau 24/3 kl. 20 UPPS. Lau 24/3 kl. 22:30 UPPS. Lau 31/3 kl. 14 UPPS. Þri 3/4 kl. 20 Mið 4/4 kl. 20 UPPS. Mið 4/4 kl. 22:30 Fim 5/4 kl. 20 UPPS. Sun 15/4 kl. 14 UPPS. Mán 16/4 kl. 21 UPPS. Fim 19/4 kl. 14 Fim 19/4 kl. 17 Fim 19/4 kl. 21 UPPS. Fös 27/4 kl. 20 UPPS. Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS.	Þri 20/3 kl. 20 UPPS. Mið 26/3 kl. 20 AUKAS.
FEBRÚARSÝNING ÍD	MEZZOFORTE
Sun 18/3 kl. 20 5. sýning Blá kort Sun 25/3 kl. 20 Síðasta sýning	Þri 27/3 kl. 21 Miðaverð 2.500
SÖNGLEIKURINN ÁST	BORGARLEIKHÚSIÐ
Í samstarfi við Vesturport Lau 17/3 kl. 20 UPPS. Fim 22/3 kl. 20 UPPS. Fös 23/3 kl. 20 UPPS. Fim 29/3 kl. 20 UPPS. Fös 30/3 kl. 20 Lau 31/3 kl. 20	Miðasala 568 8000 www.borgarleikhus.is

NÝJAR BÆKUR

S pennusagan Skuldadagar eftir Jökul Valsson er komin út í kilju hjá forlaginu Bjarti. Sagan kom út á síðasta ári en þar segir frá lánlausa smáglæpamanninum Matta sem þarf aðeins að taka sig saman í andlitinu. Þegar hann vaknar á föstudagsmorgni og kemst að því að hann hefur glutrað niður fikniefnunum sem honum var falið að selja eru góð ráð dýr.

Nú þarf kappinn að finna efnin, rukka skuldir, forðast handdukkara og mæta í lambalæri hjá mömmu sinni. Helgin er rétt að byrja. Skuldadagar er önnur bók höfundar sem stimplaði sig laglega inn með hrollvekjunni Börnin í Húmdölum.

Forlagið Bjartur kiljar einn-ígg spennusöguna Ósýnilegir glæpir eftir argentíska rithöfundinn Guillermo Martines. Þar glímir stærðfræðingurinn Arthur Seldom við morðgátu af svaðalegu tagi og beitir til þess sérþekkingu sinni á vísindakenninum en hann þarf að ráða í torræð skilaboð illvirkjans. Höfundurinn er með doktorsgráðu í stærðfræði ásamt því að vera virtur höfundur í heimalandi sínu og hlaut hann fjölda verðlauna fyrir spennusöguna sem hefur ratað inn á metsölulista víða um heim. Þýðandi er Hermann Stefánsson.



HVAÐ ER SATT? Ljósmyndir Sari Poijarvi verða til sýnis í Grófarhúsinu og hjá A/A á Hverfisgötu.

Á mörkunum

Finnski ljósmyndarinn Sari Poijarvi opnar sýningu sína „Photographic Work“ í Skotinu í anddyri Ljósmyndasafns Reykjavíkur kl. 17 í dag.

Sari er með meistaraáráðu í myndlist og hefur haldið fjölda einka- og samsýninga víða um lönd. Í september árið 2005 dvaldi hún í gestaíbúð SÍM í Reykjavík og á því tímabili tók hún mikið af myndum sem margar hverjar er að finna á sýningunni í Skotinu.

Sari lýsir verkum sínum sem vega salt á mörkun raunveruleika og skáldskapar. „Þessi samsetning tekur svo á sig hin ýmsu

form í mismunandi verkum – stundum er 80 prósent raunveruleiki, stundum aðeins 10 prósent. Eftir að ég hef tekið mynd velti ég því alltaf fyrir mér hvað hún leiðir af sér. Er það leynd, ráðgáta eða galdrar sem fonguðu athygli mína? Frá árdögum ljósmyndunar hefur ljósmyndarinn reynt að sveigja til raunveruleikann og ég lít á mig sem hlekk í þeirri löngu keðju í sögunni,“ segir listakonan.

Sýningin í Grófarhúsinu stendur til 9. maí en á morgun verður einnig opnuð sýning á verkum Sari í A/A Galleríi á Hverfisgötu.

ÁST MIDASALA Í SÍMA 568 8000 OG Á WWW.BORGARLEIKHUS.IS

10. MARS KL. 20.00 – FRUMSÝNING
11. MARS KL. 20.00
17. MARS KL. 20.00
22. MARS KL. 20.00
23. MARS KL. 20.00
29. MARS KL. 20.00

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Gamanleikritið
BAR PAR eftir Jim Cartwright

Leikstjóri: Gunnar I. Gunnsteinsson

Næstu Sýningar:
Sun. 18. mars
Fös. 23. mars
Fös. 30. mars

Miðasala:
Á Nasa, einnig á www.nasa.is og www.midi.is

NASA Carlsberg Einn Carlsberg fylgir miðanum!

SÆMUNDUR FRÓÐI frumsýning mið. 14. mars kl. 20:00 uppselt
2. sýn. sun 18. mars kl. 14:00 laus sæti
3. sýn. fim. 22. mars kl. 12:15 uppselt
4. sýn sun. 25. mars kl. 14:00 laus sæti
5. sýn. þri. 27. mars kl. 10:00 uppselt
6. sýn. þri. 27. mars kl. 12:30 uppselt

LANGAFI PRAKKARI lau. 17. mars kl. 13:00 uppselt
sun. 18. mars kl. 16:00 laus sæti
þri. 20. mars kl. 9:30 og 13:00 uppselt
fim. 22. mars kl. 10:00 uppselt
fös. 23. mars kl. 10:00 uppselt

Miðapantanir í s. 562 5060 - Möguleikhúsið

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

12 13 14 15 16 17 18

Fimmtudagur

TÓNLEIKAR

- 20.00 Rokkhljómsveitirnar **Ten Steps Away, Artika** og **Gordon Riots** prýða svið **Hins Hússins** á **fimmtudagsforleik**. Hljómsveitirnar Ten Steps Away og Artika hafa slegið sér saman undanfarið á tónleikum og halda engu eftir næstkomandi fimmtudag ásamt ofurrokkurinum í Gordon Riots sem er þó mun þyngri en hinar tvær. **Hitt húsið** er að venju með 16 ára aldurstakmark en það kostar ekki krónu inn á tónleikana.

LEIKLIST

- 20.00 Leikfélag **Menntaskólans í Reykjavík, Herranótt**, sýnir verkið **DJ Lilli í Loftkastalanum**. Leikstjóri er **Ólafur Egill Egilsson**.

OPNANIR

- Ljósmyndarinn **Sari Poijarvi** opnar sýninguna **Photographic Work** í **Skotinu** í anddyri **Ljósmyndasafns Reykjavíkur** á 6. hæð Grófarhúss, Tryggvagötu 15. Sýningin stendur til 9. maí.

FYRIRLESTRAR

- 16.00 **Marisela Ortiz Rivera** mannréttindafrömuður fjallar um kvennamorí og bænum **Ciudad Juárez** í **Mexíkó**. Þar hafa um 400 konur og stúlkur verið myrtar á hrottalegan hátt án þess að yfirvöld hafi gripið til fullnægjandi aðgerða. Marisela Ortiz Rivera hefur unnið ótulllega gegn refsileysi í málum fórnarlambanna þrátt fyrir mikla andstöðu og hótanir á hendur henni. Oddi, Háskóli Íslands stofa 101.

SÝNINGAR

- 11.00 **Ólgeir Andrésson** sýnir ljósmyndir sínar í **Listasal Saltfisksseturins í Grindavík**. Sýningin ber yfirskriftina **Suðvestan 7** og stendur til 19. mars.
- 11.00 Yfirlitssýning á verkum myndlistakonunnar **Rúri** stendur yfir í **Gerðubergi**. Sýningin **Tími-Afstæði-Gildi** er opin virka daga frá 11-17 og milli 13-16 um helgar. Sýningin stendur til 15. apríl.
- 13.00 **Guðrún Kristjánsdóttir** sýnir verk sín í **Listasafni ASÍ** við **Freyjugötu**. Yfirskrift sýningarinnar er **Veðurfar** en hana er að finna í **Ásmundarsal** og **Gryfju**. Guðrún vinnur jöfnum höndum í þrykk, myndbönd og flytur verkið beint á vegg eða rúðu, með málningu eða útskorinni fóllu. Sýningin stendur til 25. mars. Í **Aristofu** stendur yfir sýning franska listamannsins **Etienne de France LIVE SUCKS!** Utopia and last blah-blah before you go. Sýningin er hluti af frönsku menningarhátíðinni **Pourquoi Pas?**

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Draumalandið

eftir Andra Snae Magnason

Frumssýning

16. mars föstudagur kl. 20:00

22. mars fimmtud. 2. sýn kl. 20:00

23. mars föstud. 3. sýn kl. 20:00

24. mars laugard. 4. sýn kl. 20:00

HAFNARFJARDARLEIKHÚSIÐ

Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is

Væð og tilbúð gildir dagana 15. Mars til 18. Mars 2007, eða á meðan birgðir endur og eru birt með fyrirvara um breytingar, innviðanvillur og myndbreytingar. *Upphæðin á TL komi er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlagan fjárhafsbætur. 3,5% stimpjafn í hælunni gildir samkvæmt vörum er inniflúð. Væðir eru samkvæmt ákvarðun TL á hverjum tíma og eru núna 10,25%.

OPNUM 9:00
 NÚ ERU SJÓÐANDI HEIT
 SPRENGJU TILBOÐ Á TÖLVUM OG
 TÖLVUBÚNAÐI Í TÖLVULISTANUM. ÞÚ
 MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSU!!!
 TAKMARKAÐ MAGN,
 FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ
SJÁUMST

SPRENGJA

This thumbnail shows the main advertisement layout, including the character, the 'OPNUM 9:00' text, and a grid of product offers with prices.

This thumbnail shows the advertisement with a man in a dark shirt pointing towards the product offers. The text 'FYRSTIR KOMA FYRS' is visible at the bottom.

TÖLVU LISTINN

Nóatúni	17	Reykjavík.	☎	414 1700
Glerárgötu	36	Akureyri.	☎	414 1730
Hafnargötu	90	Keflavík.	☎	414 1740
Miðvangi	2-4	Egilstaðir.	☎	414 1735

OPNUNARTÍMAR	
15-16. MARS	9-19
17. MARS	10-18
18. MARS	13-17



GOTT GLÁP

Venus: Peter O'Toole sýnir og sannar að allt er áttæðum fært þegar hann gæðir gamlan piparsvein því líku lífi að ungir menn í sömu stöðu líta út fyrir að vera smástrákar og áhugamenn.

Smokin' Aces: Fin afþreying fyrir þá sem vilja hvíla heilann frá áreitni umheimsins, slaka á í góðu bíósæti með popp og kók og fylgjast með innihaldslausum en velútfærðum hasar á hvíta tjaldirinu.

bíó

bio@frettabladid.is



KVIKMYNDANJÖRÐURINN ÞORVALDUR DAVÍÐ KRISTJÁNSSON LEIKARI

Klökknaði yfir My Girl forðum daga

Hvaða mynd sástu síðast í bíó?

The Departed. Mér fannst hún frábær.

Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?

Ég hef haft lítinn tíma til að horfa á myndbönd undanfarið. Ég var reyndar að horfa á uppstand með Ricky Gervais, sem heitir Animals. Það var ofboðslega fyndið.

Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig?

Cinema Paradiso, hún er ein af mínum uppáhalds bíómyndum. Enda fjallar hún um menn sem elska það listform.

Hefur þú grátið í bíó?

Ekki svo ég muni. Það eru tvær myndir sem ég get viðurkennt að ég hafi orðið klökkur á: King Kong náði mér einhvern veginn á einhverjum tímamarki, og svo My Girl 1 á sínum tíma.

Uppáhalds íslenska persónan:

Þórður, karakterinn sem Gunnar Eyjólfsson lék í Hafinu, fannst mér frábær. Þessi maður sem vildi halda fast í sitt. Öll stemningin í myndinni og karakterarnir voru frábærir.

Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:

Það er erfitt að segja. Marlon Brando er náttúrulega algjört legend, en James Dean og Audrey Hepburn koma líka sterk inn.

Mesta hetja hvíta tjaldsins:

Ég er alltaf hrifinn af Rocky.

Mesti skúrurinn:

Skari frændi í Lion King er afsþyrnu flottur.

Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?

Ég hef einu sinni labbað út af mynd, það

var á mynd með Nicole Kidman og Tom Cruise. Ég man ekki hver það var, ég fór í „blackout“ af leiðindum.

Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?

Hún myndi fjalla um ungan mann sem flytur til stórborgar, og er þar að reyna að læra á lífið og sjálfan sig. Svoltið í anda Lost in Translation, sem er ein af mínum uppáhaldsmyndum. Martin Scorsese fengi að leikstýra, eða Francis Ford Coppola. Sem meðleikara væri ég til í að hafa Al Pacino, Johnny Depp og Audrey Tautou.



Dean og Rússarnir

Fjalakötturinn heldur áfram veglegri dagskrá sinni í Tjarnarbíói.

Kvikmyndaklúbburinn hyggst sýna allar þrjár myndir bandaríska eðaltöfvarans James Dean en þetta eru Austur við Eden, Syndir feðranna og Risinn. Sýningarnar í Tjarnarbíói verða 17., 18. og 19. mars en áhorfendum gefst einnig kostur á að sjá heimildarmyndina Forever Young sem gerð var fyrir tveimur árum. Dean lést í hörmulegu bílslysi 30. september árið 1955 en enn þann dag í dag er ímynd leikarans stór hluti af bandarískri dægurmenningu. Einnig verður rússneska meist-

arastykkið Trönurnar fljúga sýnd á sunnudag, eftir Mikhail Kalatozov frá árinu 1957. Kvikmyndasérfræðingar telja þetta vera eitt fyrsta meistarastykkið sem kom frá gömlu Sovétríkjunum eftir að Stalín féll. Hún er ekki síst fræg fyrir stórkostlega myndatöku og einstaka persónusköpun en Trönurnar fljúga segir ástarsögu Boris og Veróniku þegar Þjóðverjar ráðast inn í Rússland 1941. Mynd Kalatozovs fékk Gullpálmann á Cannes árið 1958 og ruddi brautina fyrir nýtt tímabil í rússneskri menningu eftir að persónudýrkun á Stalín fór að leggjast af.



JAMES DEAN Ímynd hins tilfinningabjáða töfvara lifir góðu lífi í bandarískri dægurmenningu og víðar.



SKJALDBORG Hertækni Spartverja krafðist mikils járnaga og þjálfunar en Spörtumenn voru teknir í herinn við sjö ára aldur.

Orrustan sem bjargaði Evrópu

Kvikmyndin 300 sló í gegn um síðustu helgi í Bandaríkjunum og er þegar farið að tala um metaðsókn. Myndin verður frumsýnd í Sambíóunum um helgina en bardaginn við Laugarskörð hefur sjaldan eða aldrei birst jafn ljóslifandi á hvíta tjaldirinu og nú.

„Þessi bardagi milli Spartverja og Persa hefur fylgt mér síðan ég var strákur,“ segir sr. Þórhallur Heimisson sóknarprestur sem gaf út bókina Ragnarök fyrir tveimur árum en þar er fjallað um margar af blóðugustu og mikilvægustu orrustum sögunnar. „Parna koma fyrir sterkar persónur á borð við Leóníðus Spartverjakonung og Xerxes I sem fór fyrir Persum,“ útskýrir Þórhallur og viðurkennir að orrustan sé í miklu uppáhaldi hjá sér. Orrustan við Laugarskörð 480 fyrir Krist hafði mikil áhrif á þróun lýðræðis og sögu Evrópu allra. Ef Persar hefðu haft sigur og Spartverjum mistekist að tefja för heimsveldisins væri saga Evrópu allt önnur.

Fasistar verja lýðræðið

Á þessum tíma voru Grikkir sundurleit þjóð. borgríkin áttu í sífelldum smáerjum sín á milli og það ríkti hálfgerð upplausn á Pelóps-skaganum. „Aþenubúar voru

hugsuðir og lýðræðissinnar á meðan Spartverjar voru til dæmis annálaðir fasistar,“ útskýrir Þórhallur. Persneska heimsveldið leyfði hins vegar hverjum og einum að ástunda sín trúarbrögð og við fyrstu sýn virtust Persar predika frjálsyndi. Persneska heimsveldinu var skipt upp eftir því hvaða guð eða guði þegnarnir aðhylltust og menn borguðu skatta eftir því. „En að þar hafi ríkt frelsi er kannski fullmikil einföldun því menn voru þvingaðir í herinn og því kannski ekki mikil hollusta við málstað herranna innan herbúða Persa. Þrælur þeirra voru barðir áfram af mikilli hörku í hvers kyns stríðsrekstur,“ segir Þórhallur.

Persneska heimsveldið var sterkt á landi jafnt sem legi. Her þeirra var talinn nema hundruðum þúsunda en mitt á milli voru oft eiginkonur hermanna, þrælur og börn. Aþenubúar voru hins vegar mikil siglingaþjóð á meðan Spartverjar töldust manna bestir á landi. Þegar fréttist af sigrum Persa og fór þeirra yfir Bosporusund sem liggur milli Evrópu og Asíu greip um sig mikil skelfing hjá Grikkjum. Þjóðin neyddist til að sameinast ef hrinda átti þessari árás en tímenn til þess var knappur. „Því var ákveðið að verja þetta skarð þannig að þjóðinni gæfist tími til að safna liði,“ segir Þórhallur. „Og hverjir voru betri til þess en einmitt Spartverjar?“ Kaldhæðni orlaganna hagaði því þá þannig til að ein mesta fasistaþjóð fyrr og síðar lenti í því að verja fyrstu anga lýðræðis.

Agaðir og velþjálfaðir

Hertækni Spartverja og Persa var mjög ólík. Persar töldu fjöldann skipta öllu máli og þegar þeir stóðu fyrir framan Laugarskarð var sagt að fjöldi örva þeirra myndi skyggja á sólina. Til marks um sjálfstraust og hollustu Spartverja svaraði Leóníðus að bragði: „Gott, þá getum við varist í myrkri.“ Spartverjar höfðu náð fullkomnu valdi á tækni sem öllu jafnan kallast falange eða skjaldborg en þessu herbragði var síðast beitt árið 732 þegar Frankar

reyndu að verjast innrás Mára. „Hermennirnir standa skjöld við skjöld og gæta mannanna til hvorrar hliðar. Þegar einn fellur er hann dreginn aftur fyrir og annar kemur strax í staðinn. Þessi tækni krefst mikillar þjálfunar og járnaga,“ útskýrir Þórhallur. „Og Spartverjar bjuggu yfir báðum þessum eiginleikum því menn voru jú settir í herinn strax við sjö ára aldur,“ segir Þórhallur. „Einkunnarorð hersins voru að annaðhvort kemur Sparverji heim í skildinum eða á skildinum,“ bætir Þórhallur við. Spartversku hermennirnir voru svo sannfærðir um að þetta væri þeirra síðasta að kvöldið áður en orrustan hófst framkvæmdu þeir sína eigin útför.

Orrustan við Laugarskörð stóð yfir í þrjár nætur og vörðust Spartverjar árasum Persa af mikilli hörku. „Þegar yfir lauk höfðu þessir þrjú hundruð hermenn frá Spörtu tekið með sér tíu þúsund Persa yfir móðuna miklu,“ segir Þórhallur. „Og orrustan gaf Grikkjum nægjanlegan tíma og kjark til fylkja liði. Innrás Persa í Evrópu var í kjölfarið hrundið við Salamis og Platea og þetta varð til þess að sú lýðræðishugsun sem kviknað hafði á þessum slóðum fékk að þróast auk þess sem Persar hættu að reyna að ráðast inn í Evrópu.“ freyggja@frettabladid.is

LEÓNÍÐUS

KONUNGUR
Hinn mikli konungur Spartverja varðist árás Persa í þrjár nætur við Laugarskörð.



RÓMANTÍSK GAMANMYND
SEM FÆR ÞIG TIL AÐ GRENJA ÚR HLÁTRI.

HUGH GRANT HEFUR ALDREI VERIÐ BETRI.

hugh grant drew barrymore
music and lyrics

TILBOÐ 2 FYRIR 1

Viðskiptavinir Glitnis fá tvo miða á verði eins ef greitt er með greiðslukorti Glitnis.

Gildir til og með 16. mars

Gildir ekki í lúxus VIP og ekki á önnur tilboð

GLITNIR



ÞÓRHALLUR

HEIMISSON
Barátta hinna þrjú hundruð Spartverja við þúsundir Persa hefur lengi fylgt honum.

> Athugaðu...

ad ef skáplássíð í eld-húsinu er lítið er tilvalið að skella nokkrum snögum upp. Mörg búshöld eru til þess gerð að hengja upp, og fallet sigti á fallegum snaga getur verið jafn fallett og það er hagkvæmt.



matur&vín

maturogvin@frettabladid.is



MATGÆÐINGURINN ELÍN ÓSK ÓSKARSDÓTTIR SÖNGKONA

Ógleymanleg gúlassúpa í Ungverjalandi

Hvaða matar gætirðu síst verið án?

Fisks. Ég elda mikið af fiski með ýmsu móti. Gamla góða ýsan með góðum, nýjum kartöflum er líka alltaf rosalega góð.

Besta máltíð sem þú hefur fengið:

Það er um svo margt að ræða! Ég gleymi samt ekki ungverskri gúlassúpu sem ég borðaði úti í Ungverjaland. Hún var með villisvíni í.

Er einhver matur sem þér finnst vondur?

Nei, ég borðaði allan mat.

Leyndarmál úr eldhússkápnum:

Ítalska pastað. Ég var í námi á Ítalíu þar sem ég kynntist ítalskri matargerð vel. Ég nota hana mikið sjálf.

Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?

Það fer eftir því hvort ég vil dekra við mig eða hreinsa líkamann. Til þess að dekra

við mig útbý ég fiskrétt með skelfiski, smokkfiski, krabba og öllu mögulegu og nota gjarnan pasta með. Ef ég fer út í heilsuna útbý ég kannski sterka, góða grænmetis-súpu með hreinsandi kryddi.

Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?

Ég á alltaf til skyr, mjólk og ost. Ég er með unglung á heimilinu, þetta er uppbyggjandi fæða fyrir hann þó að ég noti ekki mikið af mjólkurvörum sjálf.

Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?

Ítalskt lasagna og íslenskt vatn. Þá er ég í góðum málum. Ég lærði á sínum

tíma að búa til rosa gott lasagna sem vínahópurinn pantar oft hjá mér. Það er gott og kraftmikið og mikið í því, bæði nautakjöt og grænmeti. Ég hugsa að ég myndi lifa góðu lífi með það með mér.

Hvað er það skritnasta sem þú hefur borðað?

Sniglar. Ég borðaði þá alveg, en mér fannst þeir svolítið skritnir.



VÍNVIÐURINN

Einar Logi Vignisson

Kaliforníujöfrar

Demadagar í vínbúðunum í mars eru tileinkaðir vínun frá Bandaríkjunum og Argentínu. Af því tilefni munu Vínþjónasamtökin standa fyrir bandarískum degi á Nordica hóteli á morgun klukkan 17. Víngerðarmaðurinn Cal Dennison frá Gallo mun halda fyrirlestur um vín fyrirtækisins og þá miklu sprengju sem hefur orðið í víngerð í Kaliforníu undanfarnin átug. Á eftir verður kynning á bandarískum vínun frá helstu framleiðendum sem selja vín sín hér á landi.

Gallo er eitt kunnasta vínfyrirtæki heims og hefur löngum verið það stærsta þótt eitthvað hafi það breyst við samruna stórfyrirtækja nýverið. Bræðurnir Julio og Ernst Gallo stofnuðu það árið 1933 þegar áfengisbanni í Bandaríkjunum var aflétt. Þetta var á miðjum kreppuárunum og aðgangur þeirra að lánsfé var takmarkaður, sagt er að tengdamóðir Ernst hafi lánað þeim allt sparifé sitt. Bræðurnir kunnu ekkert í víngerð og gerðu fyrstu vín sín eftir gömlum bæklingi sem þeir fundu á bókasafni. En þeir reyndust harðskeyttir viðskiptamenn, óhemju duglegir og voru fljótir að læra handtökin. Þeir skiptu með sér verkum og sá Julio um víngerðina en Ernst um markaðssetninguna. Og það var markaðssetningin sem skilaði þeim hinum gífurlega árangri fyrirtækisins eins og lesa má um í fjölda minningargreina sem birst hafa um Ernst Gallo sem lést í síðustu viku, 97 ára að aldri. Hann er talinn í hópi helstu markaðsmanna síðustu aldar í Bandaríkjunum.

Julio vildi ekki gefa bróður sínum neitt eftir og sagði alltaf geta framleitt meira en Ernst gæti selt. Ernst sneri þessari staðhæfingu að sjálfsgöðu við. Áður en Julio lést 1994 var hann búinn að leggja drög að stefnubreytingu fyrirtækisins inn á braut dýrari og betri vína en lengstum hafði Gallo verið þekkt fyrst og fremst sem framleiðandi ódýrra borðvína. Þessi stefnubreyting skilaði miklum árangri og verðlaunum á vinsýningum. Vín frá Gallo hafa fengist hér á landi um langt skeið og verið í hópi vinsælustu bandarískra vína. Má nefna vín eins og rósavínið Carlo Rossi, Turning Leaf vínínuna og nýjustu viðbótina, vínin sem kennd eru við dalinn fræga og heita Napa Valley Reserve og fást hér úr þrúgunum cabernet sauvignon og chardonnay.

Víngerðarmaðurinn Cal Dennison ber ábyrgð á mörgum þessara vína. Hann hefur verið í hópi fremstu víngerðarmanna Kaliforníu í tuttugu ár og þykir skemmtilegur fyrirlesari. Hann er mikill hestamaður, keppnismaður meira að segja í því hættulega sporti sem kallað er ródeó.

Á BOTNINN HVOLFT:

Fjöldmörg spennandi bandarísk vín eru á boðstólum á þemadögum vínbúðanna, á lækkuðu verði. Einkum er vert að benda á ágætt úrval dýrari vína en þau vilja oft verða útundan á þemadögum þar sem áherslan er oftast á ódýrari vín. Það er reyndar ekki síður frábært að geta fengið prýðileg einföld borðvín á aðeins 890 kr.



Ekkert betra en eldhúsið

Tónlistarmaðurinn Davíð Olgeirsson nýtur sín vel í eldhúsinu sínu. Þar er það oftast kjúklingur sem ratar í pottana.

„Við eldum mikið á þessu heimili,“ sagði Davíð. „Við erum líka mikið kjúklingafólk, eins og okkar kynslóð er. Þegar ég var að alast upp var mikið um salmonellu um tíma. Foreldrar mínir hættu alveg að kaupa kjúkling í nokkur ár. Ætli maður sé ekki að bæta upp fyrir það núna,“ segir hann spöskur.

Þó að Davíð hafi lengi verið líttækur í eldhúsinu segir hann matreiðsluáhugann hafa aukist eftir að hann flutti í Bryggjuhverfið. „Eldhúsið okkar er svo æðislegt. Það er opið, svo að maður er aldrei frá fólkinu, og svo er sjávarútsýni. Það er bara ekkert skemmtilegra en að standa í eldhúsinu,“ sagði Davíð. Hann er einnig hrifinn af eldhústækjum, og fjárfesti til dæmis nýlega í pönnunni göðu í Ikea. „Hún hefur verið óspart notuð síðan. Þetta er grillpanna, sem kemur í staðinn fyrir grillið á veturna. Svo gerir hún mjög fallegar rendur í steikurnar,“ sagði Davíð, sem er einmitt umhugað um útlit matrétta. „Mér finnst það vera mikið atriði, þó að fimm ára prinsessan sé ekki endilega sammála.“

Kjúklingabringurnar í uppskriftinni sem Davíð deilir með lesendum segir hann best að steikja í 10-12 mínútur á hvorri hlið. Davíð mælir einnig hiklaust með smjöri á pönnuna. „Mér finnst bragðið sem það gefur svo gott,“ sagði hann. Að lokum mælir hann með snögsteiktum sykurbaunum sem meðlæti.

sunna@frettabladid.is



GRILLPANNAN MUNDUÐ Davíð Olgeirsson fjárfesti nýverið í grillpönnu sem hann hefur notað óspart síðan. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Sesam kjúklingabringur með appelsínusósu

fyrir 4

4 skinnlausar kjúklingabringur
2 msk Dijon sinnep
3 msk fljótandi hunang
3 msk balsamic olía
2 msk sesamfræ
Salt og pipar
1 appelsína
Sósan
1 msk smjör
2 msk hveiti
1 teningur kjúklingakraftur
1 bolli vatn

1/2 bolli appelsínusafi
2 msk fnt rifinn appelsínubörkur
2 msk sykurl
2 msk edik
1 msk sítrónusafi
skvetta af Cointreau ef vill
Fyrst er að búa til maríneringu.
Olíu, sinnepi, hunangi og appelsínusafa er blandað saman. Sesamfræjum er bætt við og salti og pipar eftir smekk. Kjúklingabringunum velt upp úr maríneringunni og þær smjör-

steiktar á pönnu við meðalhita. Bræddu smjöri og hveiti hrært vel saman. Kjúklingakrafturinn er leystur upp í vatninu og því bætt við, ásamt appelsínusafa og -berki. Hrærið í þar til sýður, látið malla í 1-2 mínútur. Sykri og ediki blandað saman í öðrum potti og hitað þar til blandan verður gullin. Hinni blöndunni er hrært saman við. Potturinn tekinn af hitanum og sítrónusafa og Cointreau bætt við ef vill.

Við keyrum það áfram...



Nýja Sendibílastöðin

568 5000

www.sendibilar.is

Michelin-kokkur á Holtinu

Hótel Holt bauð gestakokkinn Jean-Yves Johany velkominn til leiks í vikunni, en hann er fyrstur þriggja franskra kokka sem kemur hingað til lands í tengslum við frönsku menningarháttöina Pourquoi-pas?. Kokkarnir hafa allir hlotið eina eða tvær Michelin stjörnur og því um mikinn feng fyrir íslenska matarunnendur að ræða. Tveir matreiðslumeistaranna verða á Hótel Holti, en sá þriðji hjá Sigga Hall.

„Kokkarnir voru valdir af franska sendiráðinu,“ segir Eiríkur Ingi Friðgeirsson, hóteltjóri á Hótel Holti. „Þeir koma svo allir með sína matseðla með sér. Johany kemur frá Suður-Frakklandi og á veitingahús á frönsku rivíerunni. Þetta er enginn aukvísí,“ sagði Eiríkur kátur. Hann var einkar ánægður með suður-franska matseðilinn. „Við höfum ekki fengið mikið af heim-sóknum frá því landssvæði. Mat-



HEIMSKLASSI Á HÓTEL HOLTÍ Eiríkur Ingi Friðgeirsson, hóteltjóri, Michelin-skreytt matreiðslumeistarinn Jean-Yves Johany, og Friðgeir Ingi Eiríksson sem keppti í Bocuse D'Or á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

reiðslan í Provence er miklu léttari, og mér finnst hún persónulega langskemmtilegust. Þeir nota mikið af rötargrænmeti og olíum, og eru ekki með þessa gömlu, frönsku klassík og þungu sósur,“ sagði Eiríkur. „Það eru

meiri áhrif frá Ítalíu og Spáni en uppi í sveitum,“ bætti hann við.

Johany verður á Hótel Holti til 18. mars. Næstu gestir eru væntanlegir í apríl og maí, þegar Guy Lassausaie heimsækir Hótel Holt.

- sun

Greiddu niður óhagstæðar skuldir

Óvenju hagstætt lán!

- Lægri greiðslubyrði
- Lægra lántökugjald
- Óverðtryggt lán

TILBOÐS
VEXTIR!

16,55%


Tilboðslánið hentar vel til að greiða niður óhagstæðar skuldir, eða að láta draumana rætast, hvort sem það er eldhúsinnrétting, uppvottavél, framkvæmdir heima fyrir eða eitthvað annað...
...þitt er valið!

Dæmi um meðalgreiðslu á mánuði

Fjöldi ára	200.000 kr.	400.000 kr.	600.000 kr.	800.000 kr.	1.000.000 kr.
1	19.536	38.162	56.788	75.415	94.041
2	10.764	20.785	30.805	40.825	50.846
3	7.840	14.992	22.144	29.295	36.447
4	6.378	12.096	17.813	23.531	29.248
5	5.501	10.358	15.215	20.072	24.929
6	4.916	9.199	13.482	17.766	22.049
7	4.498	8.372	12.245	16.119	19.992
8	4.185	7.751	11.317	14.883	18.449

Forsendur: 1% lántökugjald - 1,5% stimpilgjald - 16,55% vextir - Kostnaður lánaður

Þú getur sparað 382.100 kr. með því að taka tilboðslán S24:



M.v. 2 milljón króna lán í 8 ár og 16,55% vexti hjá S24 og 21,15% vexti hjá ónefndum fjármálafyrirtækjum (sem er 4,6% munur) þá borgarðu 3.980 kr. minna á mánuði með því að vera með lánið hjá S24, **pú sparar 47.763 kr. á ári og 382.100 kr. í heildina.**



Sæktu um lán...

WWW.S24.IS



533 2424 – Sætún 1

*Miðað við vaxtatöflu S24 21.01.2007, sjálfvirka skuldfærslu af reikningi hjá S24.
*M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.
Tilboð þetta gildir til 15.03.2007.

Atli Rafn fékk Þjóðleikhúsið í hausinn

Leikarinn Atli Rafn Sigurðarson má teljast heppinn að vera á lífi. Hann fékk borð í höfuðið, sem f auk ofan af Þjóðleikhúsinu úr um 30 metra hæð, og hlaut við það stóran skurð sem saumaður var saman með 30 sporum.

„Já, það má segja það. Að ég hafi fengið leikhúsið í hausinn. Heavy,“ segir Atli Rafn Sigurðarson leikari. Sem teljast má heppinn að vera á lífi. Síðla að kvöldi þriðjuddags var Atli Rafn að ganga hjá Þjóðleikhúsinu og sveif þá borð alla leið ofan af þaki. Ígildi fimm hæða húss. Og fór beint í höfuð Atla.

Leikarinn góðkunnir heyrði bara smellinn. Þeir á slyssavarðstofunni sögu þetta sár dagsins þann dag-

inn. Tuttugu sentimetra langur skurður. 30 spor í hausinn. Atli Rafn hafði verið að horfa á síðustu sýningu á verkinu Patrekur einn og hálfur. Var einn á ferð. Og enginn nálægur. Leikarinn rotaðist sem betur fer ekki. Atli Rafn vill ekki tjá sig nánar um málið.

„Nei, enda á hann ekkert að vera að því,“ segir Stefán Jónsson sem leikstýrir Legi þar sem Atli Rafn er meðal leikara. „Hann á að vera að hvíla sig fyrir sýninguna í kvöld [gærkvöldi].“

Nú standa yfir endurbætur á Þjóðleikhúsinu og stillansar umlykja húsið. Spýtan sem fór í höfuð Atla var engin smásmíði að sögn upplýsingastjóra Þjóðleikhússins, Páls Ásgeirs Ásgeirssonar.

„Þetta er borð sem notað er til að slá upp vinnuþöllum. Hann er heppinn að vera á lífi. Þetta borð kom fljúgandi úr um 30 metra hæð. En slík er harka Atla Rafns að hann ætlar að sýna í kvöld,“ segir Páll Ásgeir.

Leikstjórnir Stefán dregur ekki úr þeim orðum Páls Ásgeirs nema síður sé. Segir þetta vera eins og atriði úr Omen. „Kom borð af himnum ofan og hitti þennan eina mann sem þarna var á rölti. Ég er búinn að sjá mynd af sárinu. Nei, sú mynd verður ekki birt, því þá myndi Feministafélagið álykta. Því þetta sár er þess eðlis, blasir við eins og risavaxin skessusköp og fermingarbæklingur Smáralindar bliknar í samanburði.“

Stefán segir Atla Rafn sannkallað hörkutól. Hann ætli að leika í Legi í kvöld [gærkvöld]. En hann hafi ekki verið látinn einn um þá ákvörðun. „Þó þetta lendi nú alltaf hjá leikaranum á endanum. Við fengum sérfræðiálit og þeir lögðu ekki blátt bann við þessu þótt hann eigi náttúrulega að hvíla sig sem kostur er. Það er einu sinni þannig



ATLI RAFN Hörkutólið steig á svið í gærkvöldi þó hann sé nú með risastóran skurð á höfði. SAMSETT MYND/RÓSA

að íslenskt leikhúslíf þrífst vegna dagnaðar og eldmóðs listamanna.

Í Legi eru dansatriði sem Atla Rafni verður hlíft við og hleypur sjálfur danshöfundurinn, Sveinbjörg Þórhallsdóttir, í skarðið og

dansar í hópatriðum. Og Stefán segir svo vel vilja til að í sýningunni sé Atli Rafn með hárkollu sem nú þjónar því aukahlutverki að hylja þetta hroðalega sár og vernda í senn.

jakob@frettabladid.is



Hayek ófrísk



SALMA HAYEK Salma á von á sínu fyrsta barni.

Leikkonan Salma Hayek á von á sínu fyrsta barni með franska viðskiptajöfrinum Francois-Henri Pinault. Að auki eru þau skötu-hjú búin að setja upp hringana.

EKKI hefur verið gefið upp hvenær barnið kemur í heiminn.


Hayek, sem er fertug, hefur leikið í myndum á borð við Frida, After The Sunset og Desperado. Hún hefur undanfarið notið velgengi sem aðstoðarframleiðandi og aukaleikkona í sjónvarpsþættinum Ugly Betty, sem er sýndur í Ríkissjónvarpinu.




STEFÁN JÓNSSON Þetta sár á höfði Atla er þess eðlis að mynd af því verður ekki birt.

Samhljómur Hughrif Hefð


Kr. 39.990* á mánuði.



Með bílinn handa þér



BMW 3 lína
www.bmw.is
Sheer Driving Pleasure



* BMW 318i kr. 3.790.000.
Útborgun 30% eða kr. 1.137.000.
Lán í 84 mánuði.

Bíll á mynd: BMW 318i með 17" álfelgum og krómlistum.

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - www.bl.is

Lifi meðalmennskan

Það er lag á nýju Kaiser Chiefs-plötunni sem heitir Everything Is Average Nowadays og ég er svona að reyna að gera það upp við mig hvort þeim finnst það bara hið besta mál eða ekki, því lagið, platan og þessi blessaða hljómsveit er akkúrat það, í meðallagi.

Ég veit ekki alveg hvað gerðist með breskt vinsældarokk, en þær sveitir sem gera það best þessa dagana eru byrjaðar að minna mig meira og meira á pöbbasveitir. Það virðist ekki vera neitt rými lengur á breskum vinsældalistum fyrir nýbreytni.

Það væri aldrei hægt að segja um Kaiser Chiefs að tónlistin risti djúpt, eða að það sé hægt að taka hana alvarlega. Það er alltaf einhver svona „hey, ég er svo



KAISER CHIEFS Önnur plata sveitarinnar veldur vonbrigðum.

fullur og það er svo ógeðslega gaman“ blær yfir þeim. Sem er eflaust frábært þegar maður er búinn að belgja sig út af bjór og vill gera heiðarlegar tilraunir til þess að sjá hversu mikið maður þarf að hrista búkinn til þess að pissa froðu. Eflaust mjög auðvelt og gaman að hoppa og skoppa við þessa tónlist á pöbb. En þegar maður er eini edrú gæinn í hópnum sér maður betur hversu fáránlegir allir hinir eru. Vitið þið hvað ég á við? Það er akkúrat þannig sem mér líður þegar ég hlusta á Kaiser Chiefs.

Sem fylgifiskur Employment er ...Angry Mob fín. Hér er nægilega mikið af sémilega gripandi lögum til þess að tryggja það að maður sleppur ekki frá því að heyra í, eða af þessari sveit, út árið. Ricky Wilson er enn að reyna að vera skondinn en tekst misvel upp. Hann er vissulega enginn Jarvis Cocker þegar kemur að textasmíð, þó hann langi til þess að vera það.

Þetta er tónlist sem kristallar hversu óspennandi meginstraumsrokk er orðið. Kaiser Chiefs er sveit sem er troðið inn í eyrun á okkur og sum okkar eiga eflaust eftir að dilla sér við



TÓNLIST

Yours Truly, Angry Mob

Kaiser Chiefs

★★

Platan er nægilega mikið á miðjunni til þess að tryggja frekari útvarpsspilun. Tónlistin fer inn um annað eyrað og strax út um hitt.

.....
sum af þessum lögum einhvers staðar í gleðskap. En daginn eftir, þegar gleðskapurinn er búinn, verðum við búin að gleyma því að hafa heyrt þessi lög, alveg eins og við verðum búin að gleyma þessari sveit eftir þrjú ár.

Birgir Örn Steinarrsson

Kristján í úrslit trúbadorkeppni

„Deir sem keppa til úrslita eru, og fyrst ber að nefna sjálfa stjórnuna Kristján Þorvaldsson, en aðrir eru Einar Örn Konráðsson, Andri Már Sigurðsson og síðust til að komast í úrslitin er Ísabella Magnúsdóttir,“ segir Friðrik Indriðason, blaðamaður og helsti skipuleggjandi Stóru trúbadorkeppninnar á Sportbarnum.

Keppnin sú hefur nú staðið yfir í rúman mánuð fyrir troðfullu húsi að sögn Friðriks. Haldin hafa verið fjögur undanúrslitakvöld og nú er komið að sjálfu úrslitakvöldinu. Sem haldið verður með pomp og prakt næsta laugardagskvöld.

Að sögn Friðriks stefnir í hörkukeppni. Sjálfur á hann vart orð í eigu sinni þegar hæfileikar Ísabellu koma til tals. „Gríðarlegt efni þar á ferð og leikur aðeins frumsamið. Hún er með hundrað tattú um allan líkamann og algört beib. Þú verður bara að sjá þetta til að trúá því.“

Dúettinn Sviðin jörð, frændurnir Magnús Einarsson og Freyr Eyjólfsson, skemmta gestum keppninnar ásamt Hirti Howser harmóníkuleikara með meiru. Friðrik hvetur menn til að mæta

tímanlega því hann býst við troðfullu húsi. Friðrik, sem hefur að undanförunu einbeitt sér að störfum sem falla undir verksvið skemmtanastjóra, hefur ýmis járn í eldinum til skemmtunar barflugum borgarinnar. Þannig er hann nú að undirbúa sviðakjammakeppni sem ekki er tímabært að greina frá að svo stöddu. - jbg

KRISTJÁN ÞORVALDSSON
Sýnir á sér áður óþekktar hliðar og er nú kominn í úrslit Stóru trúbadorkeppninnar.



HAMINGJUSÖM Öregluparið Kate Moss og Pete Doherty fagnaði 28 ára afmæli Pete á mánudag.

Rómantískt afmæli Pete

Ofurfyrirsætan Kate Moss kom kærastanum Pete Doherty á óvart á afmæli hans á mánudaginn. Kate leigði þyrllu fyrir þau skötujuín sem flutti þau á rólegan stað úti á landi þar sem þau fóru í lautarferð. Breskir fjölmiðlar greina frá því að Kate og Pete, sem lengi hefur barist við eiturfjafíkna sína, hafi lagt af stað með körfu fulla af góðgæti fyrir lautarferðina. Sjálfur hélt Pete á flösku af kampavíni en Moss var með myndbandstökuvél til að festa atburðinn á filmu. Pete varð 28 ára á mánudaginn og afsannaði þar með kenningu margra að hans biðu sömu örlög og rokkaranna Jimi Hendrix og Jim Morrison, en hraður lífsstíll þeirra dró þá til dauða 27 ára gamla.



R.E.M. Áleið í hljóðver í fjórtánda sinn.

R.E.M. á leið í hljóðver

Hljómsveitin R.E.M. er á leiðinni í hljóðver til að taka upp sína fyrstu plötu síðan Around the Sun kom út árið 2004. Upptökustjóri verður Írinn Jacknife Lee, sem er þekktastur fyrir að hafa tekið upp How to Dismantle an Atomic Bomb með U2 og Final Straw með Snow Patrol.

Platan, sem verður fjórtánda hljóðversplata R.E.M., er væntanleg í búið í lok ársins. Around the Sun fékk slæmar viðtökur á sínum tíma og seldist aðeins í rúmum 230 þúsund eintökum í Bandaríkjunum.

Opnum nýja skódeild

10% afsláttur af öllum skóm frá fimmtud. til sunnud.

Komdu og taktu þátt í skemmtilegum leik þar sem heppnir þátttakendur eru dregnir út og hljóta skó í verðlaun.

TOPSHOP

SMÁRALIND | 522 8383

Nýtt í bíó

EDDIE MURPHY EDDIE MURPHY
Hefur þú einhvern tímann gert mjög STÓR mistök?

NORBIT
TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI!

SPRÓN EGO L LÚXUS

JIM CARREY
the number 23
Dú lífró ekki sannleikann

VENUS
ÓSKARSVERÐLAUNATILNEFNING
BEN AFFLECK
FRÁ LEIKSTJÓRA NOTTING HILL

THE LAST KING OF SCOTLAND
NOTES ON A SCANDAL**
PAN'S LABYRINTH**
LITTLE MISS SUNSHINE**
THE PURSUIT OF HAPPYNESS**

SMÓKIN' ACES
Megi bæði leigumörðinginn vinna

RYAN REYNOLDS
ALICIA KEYS
Hörku hasarmynd frá leikstjóra Narc

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000
REGNBOGINN SÍMI 551 9000
BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

NORBIT kl. 3.30, 5.40, 8 og 10.20
NORBIT SÝND Í LÚXUS kl. 3.30, 5.40, 8 og 10.20
THE NUMBER 23 kl. 8 og 10.15 B.I. 16 ÁRA
THE LAST KING OF SCOTLAND kl. 5.20, 8 og 10.35 B.I. 16 ÁRA
GHOST RIDER kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 12 ÁRA
ANNA & SKAPSVEIFLURNAR ISL. TAL kl. 4 og 4.45 STUTTMYND
NIGHT AT THE MUSEUM kl. 3.30 og 5.40

VENUS kl. 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA
THE LAST KING OF SCOTLAND kl. 5.30, 8 og 10.35 B.I. 16 ÁRA
NOTES ON A SCANDAL** kl. 6 og 8 B.I. 12 ÁRA
PAN'S LABYRINTH** kl. 10.30 B.I. 16 ÁRA
LITTLE MISS SUNSHINE** kl. 10 B.I. 7 ÁRA
THE PURSUIT OF HAPPYNESS** kl. 5.30 og 8

NORBIT kl. 6, 8 og 10
SMÓKIN' ACES kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA
GHOST RIDER kl. 6 B.I. 12 ÁRA

MIDASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGANN Á midi.is

450 kr. í bíó!
MIDASALA Í BORGARBÍÓ Á midi.is

www.laugarasbio.is MIDASALA OPNAR KL. 5.30

Fabúla til Kanada

Tónlistarkonan Fabúla er á leiðinni í tónleikaferðalag til Kanada í lok apríl. Hún mun spila á listahátíð í Winnipeg sem henni var boðið á auk þess sem hún ætlað að halda tónleika í Calgary og hugsanlega í Toronto.

„Þetta verður mjög spennandi. Ég vona að ég geti farið með alla hljómsveitina með mér, ég veit það bara ekki enn þá,“ segir Fabúla, sem heitir réttu nafni Margrét Kristín Sigurðardóttir. Mun hún dvelja í Kanada í tíu daga.

Þetta verður fyrsta tónleikaferð Fabúlu erlendis en í janúar síðastliðnum kom hún fram á Midem-tónlistarráðstefnunni í Cannes í Frakklandi. Þar átti hún í viðræðum við evrópsk plötufyrirtæki og eru góðar líkur á að plötur hennar verði gefnar út í Evrópu á næstunni.

Til að hita upp fyrir Kanadaturinn heldur Fabúla tónleika á Rósenberg í kvöld þar sem hún mun spila ný lög í bland við eldri. Með henni spila Jökull Jörgensson,



FABÚLA Tónlistarkonan Fabúla er á leiðinni til Kanada í lok apríl.

FRÉTTABLAÐIÐ/ATLÚ ÞÓR

Birkir Rafn Gíslason, Björgvin Ploder og Gunn Hallgrímsdóttir. Tónleikarnir hefjast klukkan 21.30 og er miðaverð 500 krónur. - fb

Alltaf í góðu skapi

Hljómsveitin Spaðar heldur sitt árlega ball á Nasa á föstudagskvöld. Sveitin sendi frá sér plötuna Stundaglasaglaum fyrir síðustu jóla og hefur hún hlotið góðar viðtökur. Verða bæði spiluð lög af henni og gamlir og góðir slagarar.

„Við erum í geysilega góðu formi, eða alla vega í góðu skapi,“ segir rithöfundurinn Guðmundur Andri Thorsson sem spilar á gítar og syngur. „Undanfarin ár hefur verið fullt af fólki á þessum böllum og allir í miklu stuði.“

Hljómsveitin Spaðar hóf göngu sína árið 1983 og hefur verið starfandi allar götur síðan með hléum. Á sumrin hefur sveitin stundum haldið ball í Flatey og vonast Guðmundur Andri til að sú verði raunin næsta sumar. Auk þess spilar sveitin af og til í afmælum og brúkaupum fyrir vini og vandamenn.

Tónlist Spaða hefur ævinlega verið blanda af frumsömdum dægurlögum í gömlum íslenskum stíl, staðfærðum lögum frá Grikklandi, sígaunaljóðum Evrópu og bernskri



MEÐ JÓNI FORSETA Hljómsveitin Spaðar spilar á Nasa á föstudag.

bítlastemningu. Auk Guðmundar Andra eru meðlimir Spaða: Dr. Gunnar Helgi Kristinsson harmónika, Aðalgeir Arason, söngur og mandólín, Guðmundur Pálsson fiöla, Magnús Haraldsson, söngur og gítar, Guðmundur Ingólfsson,

kontrabassi og söngur, og Sigurður G. Valgeirsson, trommur og einstaka hróp.

Nasa verður opnað kl. 22.00 og um 23.00 stíga Spaðar á svið. Miðaverð er 1.500 krónur og fer forsala fram í 12 Tónum. - fb

www.volkswagen.is

4 Gb iPod Nano fylgir öllum nýjum Volkswagen Fox.

Fox **iPod** **Bluetooth**

Kostar bara 18.790 kr. á mánuði.*
Komdu og prófaðu hann.

*M.v. 50.000 kr. útborgun og bílasamning SP Fjármögnunar í 84 mánuði. Verð 1.390.000 kr.

www.volkswagen.is

TIL HAMINGJU!

Nú brosa 2.858 vinningshafar breitt eftir síðasta útdrátt en þá eru þeir orðnir, þessa fyrstu tvo mánuði ársins, 8.384.

27. m. milljó Verðu

GOTT FÓLK

Frönsk- Kvikmyndahátíð 3.Mars Til 1. Apríl Háskólabíó

BLOOD & CHOCOLATE	kl. 8:10-10:30	B.I.12	PARIS, JE T'AI ME	kl. 17:40
LETTERS FROM IW...	kl. 8	B.I.16	TELL NO ONE	kl. 20:00 - 22:20
DREAMGIRLS	kl. 5:30	B.I.7	MON PETIT DOIGT	kl. 17:45
BABEL	kl. 10:40	B.I.15	GARDE A VUE	kl. 20:00
FORELDRAR	kl. 6		LA CEREMONIE	kl. 22:15

SAMBÍÓ / ÁLFABAKKA		SAMBÍÓ / KRINGLUNNI		SAMBÍÓ / KEFLAVÍK		SAMBÍÓ / AKUREYRI	
BLOOD & CHOCOLATE	kl. 5:50 - 8 - 10:20	B.I.12	ALPHA DOG	kl. 5:50 - 8	B.I.16	MUSIC & LYRICS	kl. 6 - 8 - 10
MUSIC & LYRICS	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	Leyfð	THE BRIDGE TO TER...	kl. 3:40 - 5:50	Leyfð	THE BRIDGE TO TERE...	kl. 6
MUSIC & LYRICS VIP	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	Leyfð	VEFURINN HEN... M- Íst tal	kl. 3:40	Leyfð	BLOOD & CHOCOLATE	kl. 8 - 10
SMOKIN ACES	kl. 5:50 - 8 - 10:30	B.I.16	FRÁIR FÆTUR M- Íst tal	kl. 3:40	Leyfð		
BREAKING AND ENTERING	kl. 10:20	B.I.12	SKOLAÐ Í BURTU M- Íst tal	kl. 3:40	Leyfð		
HANNIBAL RISING	kl. 8 - 10:20	B.I.16					

Forsala hafin, tryggðu þér miða í tíma
 uppselt hefur verið á allar forsýningar

Kynntu þér sýningartíma á SAMBio.is



ARCADE FIRE Spilar á Hróarskeldu í ár.

Stór nöfn bætast við

Hljómsveitirnar Muse og Arcade Fire hafa bæst í hóp þeirra sem troða upp á Hróarskelduhátíðinni í byrjun júlí. Muse gaf út plötuna *Black holes and revelations* í fyrra sem hefur fengið góðar viðtökur. Arcade Fire, sem hefur aldrei spilað á Hróarskeldu, gaf nýverið út sína aðra plötu, *Neon Bible*.

Á meðal annarra þekktara nafna á Hróarskeldu í sumar verða Björk, Red Hot Chili Peppers og Slayer. Miðasala á hátíðina fer fram á midi.is.

Kveikti í hárinu á sér á Loftleiðum

„Allir eru alveg rosalega ánægðir og þetta gekk mjög vel,“ segir Auðunn Blöndal en um helgina fóru fram áheyrnarprufur fyrir raunveruleikabáttinn *Leitin* þar sem ærlabelgjatríóið Strákarnir reynir að finna arftaka sinn. Félagarnir voru mættir klukkan hálf tíu á sunnudagsmorgni og voru ekki komnir til síns heima fyrr en laust eftir miðnætti.

Þeir Auðunn og Sverrir Þór voru



STRÁKARNIR Þurftu að horfa upp á ýmislegt í áheyrnarprófunum á Hótel Loftleiðum.

síðan á flakki um borg og bí á mánudeginum til að leita uppi þá tíu sem komust áfram í gegnum niðurskurðinn og var þeim víðast hvar vel tekið þegar þá bar að garði. Þegar Fréttblaðið náði í skottið á þeim voru þeir á Essóstöðinni á Ártúnshöfða þar sem Ragnar Erling Hermannssyni var tilkynnt valið. „Hann tók þessu fagnandi. Ragnar er samkynhneigður og stoltur af því. Mjög flippaður náungi og hlakkar mikið til að breyta aðeins um starfsumhverfi. Hætta að vinna á benínstöðinni og verða sjónvarpsstjarna,“ útskýrir Auðunn.

Sjónvarpsmaðurinn segir að þeir tíu sem sjónvarpsáhorfendur fá að berja augum þegar þátturinn fer í loftið 20.apríl séu æði skrautlegir. Þeir spanni í raun alla flóru mannlífsins og því geti áhorfendur heima í stofu búist við ótrúlegustu hlutum á skjánum. „Það gekk í það minnsta nógu mikið á í áheyrnarprófunum,“ segir Auðunn. „Og kannski var gott fyrir okkur að



ÁNÆGÐUR MEÐ ÞÁTTTÖKUNA Ragnar Erling var að vonum sáttur við að komast inn í þáttinn og kvaðst spennur fyrir nýju starfi sem sjónvarpstjarna.

FRÉTTBLAÐIÐ/ANTON BRINK

verða vitni að því að við vorum til-
 tölulega heilbrigðir miðað við þá
 geðsjúklinga sem þarna komu,“
 bætir Auðunn við og segir að menn
 hafi kveikti í hárinu á sér og einn

hafi tekið upp á því að drekka
 hland fyrir framan myndavélarnar.
 „Við gætum þó fyllsta velsæmis og skoðum hvað má birta og hvað ekki,“ segir Auðunn. - fgg

3.384

VINNINGSHAFAR

Þars drögum við út 30 namæringa til viðbótar. Þú þú einn af þeim?

Fáðu þér miða á hhi.is eða í síma 800 6611. Það tekur enga stund.

HAPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
 vænlegast til vinnings

> Mete ekki á förum frá Keflavík

Sá orðrómur hefur verið á kreiki að varnarmaðurinn sterki hjá Keflavík, Guðmundur Viðar Mete, reri að því öllum árum að komast frá félaginu. Ástæðan væri vanefndir á launasamningi. Guðmundur staðfesti við Fréttablaðið í gær að einhver vandræði hefðu verið í gangi en það væri að baki. Samkomulag hefði náðst á milli sín og Keflavíkur og því væri hann ekki á förum. Hann hefði ávallt viljað spila áfram með Keflavík og því væri hann ánægður með að samkomulag hefði náðst í deilunni. Hann fer því ekki sömu leið og Guðjón Þórðarson forðum þegar hann fékk ekki greitt frá félaginu.

sport
sport@frettabladid.is



RÓBERT SIGHVATSSON: HÆTTUR HJÁ WETZLAR OG RÆR Á ÖNNUR MIÐ

Róbert hættur hjá Wetzlar og líklega í handbolta

Handknattleikskappinn Róbert Sighvatsson er hættur hjá þýska úrvalsdeildarliðinu Wetzlar. Hann hefur leikið með félaginu í nokkur ár og tók við þjálfun þess í haust af Dragan Markovic sem var þá sagt upp störfum. Fyrir skömmu var annar þjálfari, Volker Mudrow, ráðinn til liðsins sem tók samstundis við liðinu. Mudrow var áður þjálfari Lemgo.

„Þetta var skammtímaráðning á sínum tíma og svo sá ég fram á að framtíðin væri ekki björt hjá félaginu,“ sagði Róbert við Fréttablaðið í gær. „Ég hefði getað klárað tímabilið en fyrst þeir gátu ráðið annan þjálfara strax sem var tilbúinn að skuldbinda sig til lengri tíma var ákveðið að hann tæki strax við liðinu. Ég var mjög sáttur við þá niðurstöðu.“

Róbert segist líklegast ekki geta spilað handbolta aftur vegna hnémeiðsla en hann hefur lítið sem ekkert spilað í allan vetur. Hann er því ekkert að æfa nú.

„Ég er að skoða mín mál og sjá hvaða möguleikar standa mér til boða. Það eru ýmis mál í gangi, bæði í þýsku úrvalsdeildinni sem og í öðrum löndum. Þá er heldur ekkert útilokað að ég komi heim til Íslands. Ég hef þó ekki verið í neinu sambandi við íslensk félög. Ég er þó á heimleið í frí og mun væntanlega kíkja á leik á sunnudaginn,“ sagði Róbert sem er væntanlegur hingað til lands í dag.

Hann er uppallinn Víkingur en spilaði síðast með Aftureldingu áður en hann hélt út í atvinnumennskuna. Þetta er hans ellefta tímabil í þýska handboltanum en hann hóf ferilinn með Schuttewald en hélt síðan til Dormagen, þá Düsseldorf og síðast Wetzlar.

Í gær var það svo tilkynnt að Wetzlar myndi ekki endurnýja samning sinn við leikstjórnandann Nebosja Golic frá Serbíu. Liðið er í þriðja neðsta sæti deildarinnar með níu stig og er eins og gefur að skilja í mikilli fallbaráttu.



VIÐ ERUM UPPI Hamarstelpur sjást hér fagna sigri í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Iceland Express deild kvenna: Hamar bjargaði sér í Smáranum

KÖRFUBOLTI Hamarstúlkur tryggðu sér áframhaldandi veru í Iceland Express deild kvenna með glæsilegum 28 stigum sigri á Breiðabliki, 57-85, í Smáranum í gær. Nýliðarnir úr Hveragerði unnu tvo frábæra sigra í síðustu tveimur leikjum sínum og björguðu sér á magnaðan hátt.

Leikurinn var algjör úrslitaleikur um hvort liðið héldi sæti sínu. Bæði lið fengu sex stig en Hamar hafði betur í innbyrðisviðureignum liðanna.

Leikurinn var mun jafnari en lokatölurnar gefa tilefni til að ætla en stelpurnar úr Hveragerði voru þó alltaf með frumkvæðið, unnu fráköstin 58-38, nýttu vítin sín vel (87%) og þvinguðu Blikann Victoriu Crawford til þess að klinka á 25 skotum í leiknum.

Latrece Bagley (30 stig, 16 fráköst) var frábær í liði Hamars en það var einkum frammistaða þeirra Dúfu Drafnar Ásbjörnsdóttur (15 stig), Hafrúnar Hálfánardóttur (13 stig, 13 fráköst) og Ragnheiðar Magnúsdóttur (11 stig, 12 fráköst) sem gerði útslagið. Victoriu Crawford var með 29 stig hjá Blikum og Telma Björk Fjalarsdóttir skoraði 15 stig og tók 20 fráköst þar af 11 þeirra í sókn.

Einn besti sigur Íslands

Íslenska landsliðið vann í gær stórglæsilegan 4-1 sigur á Kína, einu besta landsliði heims. Sigurinn þýddi að Ísland hafnaði í 9. sæti Algarve Cup í Portúgal.

FÓTBOLTI Íslenska landsliðið í knattspyrnu vann í gær glæsilegan 4-1 sigur á landsliði Kína á Algarve-Cup sem farið hefur fram í Portúgal undanfarna daga. Leikur Íslands var um 9. sætið á mótinu.

„Jú, þetta var alveg meiriháttar. Þetta eru að mínu mati ein bestu úrslit kvennalandsliðsins frá upphafi. Stelpurnar stóðu sig eins og hetjur,“ sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson, landsliðsþjálfari.

Markalaust var í hálfleik en Dóra María Lárúsdóttir skoraði fyrsta mark Íslands á 68. mínútu. Greta Mjöll Samúelsdóttir bætti við öðru sjö mínútum síðar og Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði tvö síðustu mörkin með mínútu millibili, það fyrri á 81. mínútu.

Þær kinnversku klóruðu í bakkann með marki á lokamínútu leiksins.

„Það var jafnræði með liðunum í fyrri hálfleik og mikil barátta,“ sagði Sigurður Ragnar. „Það var ekki mikið að gerast í okkar sóknarleik en við náðum að lagfæra það í seinni hálfleik.“

Marga lykilleikmenn vantar í liðið, svo sem Ásthildi Helgadóttur fyrirliða sem og Ólínú G. Viðarsdóttur, leikmann KR.

„Við eigum inni leikmenn sem hafa verið með landsliðinu undanfarna ár. En það er að sama skapi komin hörkusamkeppni um stöður í liðinu því margir leikmenn stefna að því að komast í liðið. Það hjálpar liðinu einnig mikið,“ sagði landsliðsþjálfarinn.

Hann kveðst ánægður með frammistöðu Íslands á mótinu öllu. Liðið byrjaði með því að tapa naumlega fyrir Ítalíu, 2-1, og gerði svo jafntefli við Íra, 1-1. Ítalía vann í gær heims- og Evrópu-meistarar Þjóðverja í leik um 7.



MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR Skoraði tvö mörk gegn Kína í gær og fjögur alls á mótinu. Hún var markahæsti leikmaður Íslands en Hólmfríður Magnúsdóttir kom næst með þrjú mörk sem hún skoraði öll gegn Portúgal. Hér er Margrét Lára á fleygi-ferð í leik gegn Svíum í ágúst síðastliðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

sætið, 1-0. Svo tóku við tveir stórsigrar hjá Íslandi; 5-1 gegn Portúgal og 4-1 gegn Kína.

